

# Flugræningjar á Keflavíkuvellinum

- 37 í gíslingu
- Þrjótarnir urðu þjóðhetjur

16. NÓVEMBER 2018 / 44. TBL. 108. ÁRG. / VERD 995 KR.

# VEIPARAR ÍSLANDS

# DRÖM FRÆGIR GENGNIÐ ÚT

# Gylfi Þór Sigurðsson

# ALDREI SMAKKAÐ ÁFENGI OG LEIÐIST VIÐTÖL

- Fraus í bónorðinu
- Gat ekki sofið eftir vítaklúður

# TRYGGVI HEIMILISLAUS OG FJARRI FJÖLSKYLDUNNI

- Sveitarfélagið neitar að taka við Tryggva
- Kostar ríkið 300.000 krónur á dag

# VANDRÆÐALEG AUGNABLIK ÞINGMANNA

- Ældi eins og múkki í flugvél
- Fyrirsæta með mjólkurfernur

# Saga Þristsins handskrifuð

## Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

## Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

# Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

**Webasto**  
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is





### Síðustu orðin

„Hví ekki það? Hún til-  
heyrrir, hvað sem öðru líður,  
honum.“

– Charlie Chaplin (16. apríl  
1889–25. desember 1977) er sagd-  
ur hafa sagt þetta þegar prestur  
veitti honum síðasta sakramentið  
og sagði: Megi Guð vera sálu þinni  
náðugur.

### Á þessum degi, 16. nóvember



**1272** – Játvarður prins verður konungur  
Englands í kjölfar dauða Hinriks III.  
Prinsinn er þá fjárrí heimatröndum, á  
kafi í 9. krossferðinni, og enn eiga eftir  
að líða tvö ár þar til hann snýr heim til  
Englands og tekur við krúnunni.



**1849** – Niúttíu prestar sem voru  
byltingarsinnnum andsnúnir í frönsku  
byltingunni eru teknir af lífi. Þeim var  
drekkt í borginni Nantes líkt og fjölda  
annarra sem reyndust byltingaröflum  
óþægur ljár í þúfu.



**1849** – Rússneskur dómstóll dæmir rit-  
höfundinn Fjodor Dostojevskí til dauða  
fyrir tengsl við róttækan félagsskap og  
aðgerðir honum tengdar. Dómnum er  
síðar breytt í þrælkunarvinnu.



**1855** – David Livingstone series fyrstur  
Evrópúbúa Viktoríufossana á mörkum  
Sambíu og Símbabve.



**1940** – Nasistar einangra Varsjár-  
gettóíð í Póllandi frá umheiminum.



**1990** – Poppdúettinn Milli Vanilli er  
sviptur Grammy-verðlaunum eftir að í  
ljós kemur að dúettinn kom ekki nálægt  
söng á plötunni Girl You Know It's True.  
Íhlaupasöngvarar sáu um allan söng.

# Kötturinn sem Davíð Oddsson dekraði fallinn frá

## Skemmdi megrunina ■ Litu báðir upp til Davíðs

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is

Fyrir tíu árum birti DV frétt um samband Davíðs Oddssonar við nágrennaköttinn Eldibrand. Kötturinn átti að vera í megrun en Davíð var sífellt að skemma fyrir með því að gauka að honum góðgæti. Eigandinn, Garðar Árni Garðarsson, sem var átta ára þá, greindi DV frá því að Eldibrandur hefði látist nú í sumar. Sjálfur er Garðar gallharður Sjálfstæðismaður og útilokar ekki feril í stjórnmálum.

### Skemmdi megrunina

„Davíð og Eldibrandur áttu mjög skemmtilegt samband. Eldibrandur var mjög sjálfstæður köttur og leitaði mikið í Davíð. Davíð var líka duglegur að gefa honum að borða“ segir Garðar Árni í samtali við DV.

Fyrir tíu árum birti DV frétt um pattaralega skógarköttinn Eldibrand sem bjó í Skerjafirðinum. Bar fréttin titillinn „Besti vinur Davíðs.“ Garðar Árni og móðir hans, Margrét Birna Garðarsdóttir, voru eigendur þessa glæsilega eðalkattar sem var innfluttur frá Noregi. Fullt nafn kattarins var Aliosha's Eldibrand Fortransson og var hann ættfaðir margra hreinræktaðra skógarkatta.

Eldibrandur var vinsæll sýningarköttur, vel þekktur í bransanum og með mikla sögu. Kettir hugsa vitaskuld meira um hið ljúfa líf frekar en að halda sér flottum fyrir sýningar. Til að halda Eldibrandi glæsilegum og grönnum var hann settur í heilsuáttak. En þá kynntist hann Davíð Oddsyni, hinum mikla kattavini. Eldibrandur fór að venja komur sínar heim til Davíðs sem færði honum dýrindis gúmmeláði og harðfisk. Var það ólíkt meira freistandi en heilsufæðið sem

„Eldibrandur var mjög sjálfstæður köttur og leitaði mikið í Davíð. Davíð var líka duglegur að gefa honum að borða.“

boðið var upp á heima fyrir. Einnig mjög fitandi.

Hvernig gekk megrunin á þessum tíma?

„Tja, það gekk svona brösuglega. Hann var mjög duglegur að fara í mat til fólks og Davíð er alltaf með mat fyrir utan hjá sér. Oft leynist eitthvað girnilegt þar,“ segir Garðar.

### Féll frá eftir erfið veikindi

Eldibrandur klagði óspart í Davíð og konu hans, Ástríði Thorarensen. Var hann því farinn að fá harðfisk í hvert mál og var tíður gestur á heimili þeirra. „Það er engin kreppa hjá Eldibrandi,“ sagði Margrét Birna við DV á sínum tíma en þá var banka-hrunið skolið á með miklum þunga. Sagði hún Davíð eiga tvo dygga stuðningsmenn á heimilinu, Eldibrand og hinn átta ára Garðar. „Þeir tveir styðja Davíð fram í

Garðar og Eldibrandur DV 21. nóvember 2008.



rauðan dauðann. Það má ekki hallmæla Davíð í þeirra eyru.“

Eldibrandur var ekki eini kötturinn sem naut góðs af kattaást Davíðs og frúar. Hafa fjölmargir kettir Skerjafjarðar verið þar áfúsugestir í langan tíma. Í miðju hruni þegar Davíð sigldi ólgusjó í Seðlabankanum gat hann alltaf treyst á stuðning katta-anna.

Garðar og Davíð eru enn nágrennar. Garðar segir hins vegar að Eldibrandur sé ekki lengur meðal okkar en þeir voru jafnaldrar.

„Því miður féll Eldibrandur frá núna í

sumar eftir erfið veikindi. Hann náði þó 18 ára aldri.“

Um tíma var Eldibrandur í fóstri hjá Davíð og Ástríði á meðan viðhald fór fram á húsi Margrétar. Reyndi hann þá alltaf að sofa uppi í hjá þeim hjónum. Eftir að þau tóku að sér flækingsgrey mátti Eldibrandur ekki vera inni við lengur.

### Fótar sig í flokknum

Sjálfur fer Garðar Árni ekki leynt með það að hann er gallharður Sjálfstæðismaður. Tekur hann virkan þátt í ungliðastarfi flokksins.

„Jújú, ég er Sjálfstæðismaður. Það getur vel verið að Davíð hafi haft einhver áhrif á það. Ég leit að minnsta kosti mikið upp til hans þegar ég var lítill“ segir Garðar og brosir.

Kemur stjórnmálaferill til greina í framtíðinni?

„Það getur alveg vel verið. Maður heldur öllum möguleikum opnum. Ég byrja alla vega ferilinn með stjórnarsæti í Heimdalli.“ ■



Garðar Árni  
Virkur í ungliðastarfi Sjálfstæðisflokksins.

# 5 forsetar Útvarps Sögu

Nýleg könnun á vef Útvarps Sögu sýndi að mikill meirihluti hlustenda vill ekki að Guðni Th. Jóhannesson verði endurkjörinn í embætti forseta Íslands. Þetta er nokkuð á skjön við skoðun almennings í landinu sem virðist heillaður af einlægni og látleysi forsetahjónanna. Um 78 prósent hlustenda Útvarps Sögu vilja annan frambjóðanda. Hér eru nokkrir ákjósanlegir.



### Guðmundur Franklín Jónsson

Gúndi er með forsetann í maganum. Í mars árið 2016 boðaði hann framboð sitt til forseta en dró það til baka mánuði síðar eftir að Ólafur Ragnar hætti við að hætta. Guðmundur, sem áður var formaður Hægri grænna, rekur hótél í Danmörku. Þaðan hringir hann reglulega í Arnþróði og deilir vísu sinni um heimsfréttirnar.



### Davíð Oddsson

Varla þarf að rekja feril og hæfni Davíðs Oddssonar til að gegna embætti forseta. Hefur hann gegnt flestum öðrum ædstu embættum landsins ef undan er skilinn biskupsstóllinn. Davíð fór eins og frægt er orðið í framboð vorið 2016. Fékk hann hins vegar rækilega á baukinn og endaði í fjórða sæti með aðeins 13,7 prósent atkvæða. Allt frá hlustendum Útvarps Sögu.



### Sturla Jónsson

Sturla er óskaframbjóðandi hlustenda Útvarps Sögu eins og kom fram í vefkönnun fyrir forsetakosningarnar árið 2016. Þá hlaut hann 41 prósent fylgi. Til samamburðar þá fékk Guðni aðeins tæp 14 prósent. Sturla hefur ekki jafn ófgafullar skoðanir og margir hlustenda Útvarps Sögu. En hann er alþýðlegur maður, sannkallað salt jarðarinnar, með hugmyndaauðgi og sterka réttlætiskenn.



### Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Almennt séð myndu hlustendur Útvarps Sögu frekar vilja karlmann sem forseta. En ef kona yrði fyrir valinu væri Sveinbjörg Birna álitlegur kostur. Sveinbjörg sló í gegn þegar hún baunaði á moskubyggingu í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna vorið 2014. Hún fékk hins vegar ekki framgang í vor í nýju framboði. Í öðru sæti var Edith Alvarsdóttir, útvarpskona á Sögu.



Egg  
á tilboði



REPUBLIC OF **Fritz Hansen**<sup>®</sup>

**HÖNNUN ARNE JACOBSEN**

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)

Egg, verð: 860.000.-  
Tilboðsverð:  
**625.000-\***

Verð á skemli: 245.000.-  
Tilboðsverð:  
**178.000-\***

\*Áklæði Hallingdal (allir litir). Gildir frá 1. september - 1. desember 2018.



## Hver er hann?



■ Hann er fæddur 2. janúar 1967.

■ Hann hefur unnið sem leigubílstjóri, á Kópavogshæli og Kleppi.

■ Hann er með meirapróf og var undir áhrifum frá anarkisma og pönkhljómsveitinni Crass á unglingsárum.

■ Hann hefur gefið út nokkrar sjálfsvísögulegar bækur.

■ Árið 2005 fékk hann nafni sínu breytt í þjóðskrá.

SVAR: JÓN GNARR

## Það er staðreynd að...



Facebook er blátt vegna þess að Mark Zuckerberg er litblindur og getur aðeins séð bláa litatóna.



Staðfest hæð Eiffel-turnsins er 299,923 metrar en það er aðeins á sumrin. Á veturna skreppur stálið saman vegna kulda og er hann þá fimmtán sentimetrum styttri en ella.



Skoska bikarleiknum gegn Falkirk og Inverness Thistle árið 1979 var frestað 29 sinnum vegna óveðurs.



666 er happatala í Kína og voru ótal margir Kínverjar sem giftu sig þann 6. júní 2006.



Gíraffar geta ekki hóstað.

# Hurð skall nærri hælum hjá Arnrúnu í London

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Ég má ekki til þess hugsa hvað hefði getað gerst ef ég hefði verið trúgjarnari. Þessi einstaklingur var búinn að hafa mikið fyrir því að vinna traust mitt og en þegar mig fór að gruna að maður væri í mysunni þá hvarf hann eins og döggi fyrir sólu. Mér finnst vanta meiri umræðu um hvað samfélagsmiðlar geta verið varasamir," segir hin tvítuga Arnrún Bergljótardóttir í samtali við DV. Arnrún flaug nýlega til London og mun dvelja þar næstu vikurnar. Hún gerði því vandlega skil á Instagram-síðu sinni hvar hún hygðist dvelja og kom því á framfæri að hún þekkti ekki marga þar ytra.

„Þá hafði samband við mig stúlka á svipuðu reki og ég. Hún sagðist vera í svipaðri stöðu og ég. Ekki þekkjá marga heldur og vildi gjarnan eignast vini," segir Arnrún. Þær stóllur spjölluðu á miðlinum og ákváðu síðan að hittast í eigin persónu á kaffihúsi.

### Vildi ólm bjóða henni inn í íbúðina

„Ég hafði náttúrlega bara talað við þessa manneskju á netinu og taldi því skynsamlegt að við hittumst á einhverjum opinberum stað fyrst. Hún bað mig þá um að koma við heima hjá sér og síðan færum við saman á nærliggjandi kaffihúsi. Ég samþykkti það enda fannst mér það ekkert óeðlilegt," segir Arnrún.

Þegar hún lét hina nýja vinkonu sína vita af því að hún væri komin að heimili hennar í bresku höfuðborginni þá fékk hún undarleg svör. „Þá sagði hún mér að hún hefði skroppið í sturtu og bað mig um að koma að útidyrarhúðinni sinni og banka upp á. Ég var tvístígandi en stelpa pressaði stíft



### Það vantar umræðu um hvað samfélagsmiðlar geta verið hættulegir

á mig að koma inn. Inngangurinn að íbúðinni hennar var fyrir aftan stóra blokk og mér leist ekki á blik-

una," segir Arnrún.

Hún endaði með því að neita staðfastlega að banka og fara inn í íbúðina. „Ég sagði henni að það kæmi ekki til greina því ég hefði ekki hitt hana í eigin persónu," segir Arnrún. Þá blokkaði viðmælandinn hana á Instagram. „Þessi samskipti vöktu upp hjá mér óhug. Ég komst stuttu síðar að því að þetta var gerviaðgangur þar sem viðkomandi notaði myndir og upplýsingar um aðra stúlku. Ég veit því ekkert við hvern ég var að tala en mig hryllir við því hvað hefði getað gerst ef ég hefði verið bláeygðari, bankað og jafnvel farið inn í íbúðina," segir Arnrún.

Hún kynntist síðan annarri stúlku í hverfinu í gegnum samskiptamiðilinn og sú hafði lent í samþærilegri reynslu.

„Ég hef síðan rætt þetta við vini mína sem eru flestir á því að þeir hefðu ekki verið jafn tortryggir og ég í þessum aðstæðum. Ég held því að það vanti meiri umræðu um hætturarnar sem geta skapast við notkun samfélagsmiðla og hvað það sé auðvelt að misnota traust fólks. Maður á aldrei að treysta neinum á samfélagsmiðlum sem maður hefur ekki hitt í eigin persónu og hvað þá að fara heim til viðkomandi," segir Arnrún ákveðin. ■

# Ekkert hægt að gera um helgar



## Svarthöfði

Það er kannski ekki á vitorði allra lesenda að Svarthöfði á tvö börn. Loga litla og Lilju sem Svarthöfði kallar prinsessuna sína. Þetta eru ágætis-krakkar en frek eins og flest börn eru í dag. Þegar gríslingarnir koma til Svarthöfða gamla á pabbahegum dugar ekki að hanga heima og láta sér leiðast. Alltaf verður að gera eitthvað.

Þetta er mikið vandamál því Ísland er leiðinlegt land fyrir börn og lítið um að vera. Meira að segja hérna á suðvesturhorninu þar sem nánast allir búa. Google-leitin „Hvað er hægt að gera í Reykjavík með börnum?“ skilar litlu. Hvernig ætli fólk á landsbyggðinni hafi það? Þar hlýtur fólk að setja þunglyndislyf út í kornflexið til þess að komast í gegnum daginn. Hér á Íslandi er kalt, blautt og dimmt stærstan hluta ársins og fámennið gerir rekstrargrundvöll fyrir allan munad erfiðan.



### Google-leitin: „Hvað er hægt að gera í Reykjavík með börnum?“ skilar litlu

Hér eru jú söfn, misáhugaverð og rándýr. Börnin hafa hins vegar ekki snefil af áhuga á menningu og ferð á safn því í rauninni eins og auka dagur í skólanum fyrir þau.

Kvikmyndahúsin eru opin en hver ferð þangað kostar hátt í tíu þúsund kall. Bíógreifarnir gæta þess að smyrja vel á bæði miðana og gotterúð. Svarthöfði hefur frekar geð í sér til að sækja bíómyndir á torrentsíður og kaupa sælgætið í Bónus.

Sund er hefðbundið svar sem Svarthöfði fær þegar Svarthöfði kvartar yfir skorti á afþreyingu fyrir börn í borginni. Sundlaugarnar eru alls staðar og á viðráðanlegu verði. Sund er aftur á móti ekkert skemmtilegt, hvorki fyrir Svarthöfða né afkvæmi Svarthöfða. Sem dægurvöl eru sundlaugarnar skítaredding Íslendinga. Þar er blautt, kalt, skítugt og hávaði mikill. Auk þess er Svarthöfði ekkert fyrir að sýna bert hold.

Pabbaheggar eru erfiðar á Íslandi. Kvíðavaldandi líka. Í raun er það heilbrigðismál að komið sé upp almennilegri og áhyggjulausri afþreyingu fyrir helgarfeður. Ætti þetta að vera á fjárlögum eða fjármálaáætlun Reykjavíkurborgar. Einhvers konar stofnun sem grípur fólk og sér alfarið fyrir skemmtun yfir heila helgi, endurgjalds-laust. Svarthöfði mun kjósa þann flokk sem lofar því í næstu kosningum. ■



# FAGLEG ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF!

## ÖLL ÞJÓNUSTA Á SAMA STAÐ

### HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- SMÍÐAVINNA
- MÚRVINNA
- MÁLNINGARVINNA

### HELLULAGNIR

LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- JARÐVINNA
- DRENLAGNIR
- HELLULAGNIR
- ÞÖKULAGNIR

*Eind ehf*

 788 8870 | [eind@eind.is](mailto:eind@eind.is)



# Vottun hf. missti faggildingu sína hjá Einkaleyfastofu

■ Gildistöku laga um jafnlaunavottun frestað um eitt ár ■ „Það vaknar enginn einn daginn án faggildingar“

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



**Vottun hf.**  
Er til húsa í húsnæði Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Keldnaholti.

Um miðjan september missti vottunarfyrirtækið Vottun hf. faggildingu sína á vottun stjórnunarkerfa frá Einkaleyfastofu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins Vottunar hf. segir að faggildingin hafi einfaldlega runnið út og ekki hafi náðst í tæka tíða að taka út starfseminna svo faggildingin yrði framlengd. Heimildir DV herma hins vegar að brotalamir á úttektar- og vottunarferli fyrirtækisins hafi gert það að verkum að það reyndist nauðsynlegt að fella niður faggildingu þess. Í lögum um faggildingu segir: „Þá getur faggildingarsvið fellt niður faggildingu ef skilyrði fyrir veitingu hennar eru ekki lengur uppfyllt eða faggiltur aðili hefur stórfellt eða ítrekað brotið ákvæði laga, reglugerðar, staðla og reglna sem gilda um faggildingu eða skilyrði þau sem sett hafa verið fyrir faggildingu hans“.

## Eina faggilta vottunarstofa landsins um árabíl

Fyrirtækið Vottun hf. var stofnað árið 1991 og hefur, að eigin sögn, verið frumkvöðull og leiðandi í vottun stjórnunarkerfa á Íslandi og vottað á níunda tug fyrirtækja og stofnana. Á grundvelli faggildingarinnar um vottun stjórnunarkerfa hefur Vottun hf. haft undanþáguheimild til þess að veita fyrirtækjum jafnlaunavottun. Sú undanþága er því ekki í gildi lengur og óljóst hvaða áhrif niðurfelling hefur á fyrirtæki sem hlotið hafa vottun fyrirtækisins, enda hefur fyrirtækið ekki starfað í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til vottunarstofa. Stærsti eigandi fyrirtækisins er Samtök iðnaðarins en einnig eru Félag atvinnurekanda, Viðskiptaráð Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja í eigendahópnum.



Vottun hf. hefur um árabíl verið eina faggilta vottunarstofa landsins. Að auki hefur BSI á Íslandi haft umboð fyrir BSI Group sem veitt hefur vottanir hér á landi. Þessi fyrirtæki hafa nýtt sér áður nefnda undanþáguheimild í lögum um jafnlaunavottun til þess að veita fyrirtækjum og stofnunum jafnlaunavottun í samræmi við lög þess efnis sem lögfest voru í júní 2017. Markmið laganna er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Samkvæmt lögnum þurftu öll fyrirtæki með 250 starfsmenn eða fleiri að vera komin með slíka jafnlaunavottun í lok þessa árs. Alls voru um 142 fyrirtæki skyldug til þess að fá slíka jafnlaunavottun fyrir ársloks 2018 ellegar var heimilt að beita fyrirtækin dagsektum. Aðeins hafa 39 fyrirtæki hlotið slíka vottun í dag en vottunarferlið er langt og tímafrekt. Í ljósi stöðu Vottunar hf. var útilokað að fyrirtæki gætu fengið jafnlaunavottunina í tæka tíð. Þessi staða er að öllum líkindum ástæða þess að Ásmundur Einar Daðason, ráð-

herra málaflokksins, ákvað að fresta gildistöku jafnlaunalaganna um eitt ár í vikunni. Aukinn frestur nær til einkafyrirtækja og stofnana, óháð stærð þeirra, en ekki opinberra stofnana, sjóða og fyrirtækja í eigu ríkisins.

## Vaknar enginn einn daginn án faggildingar

Í samtali við DV segist Elías M. Erlendsson, sviðsstjóri faggildingarsviðs Einkaleyfastofu, ekki geta tjáð sig um einstök tilvik. Einkaleyfastofa þurfi að fara að stjórnarsýslulögum varðandi ákvarðanir sínar og því sé ferlið langt og strangt. „Venjulega fá aðilar faggildingu til fjögurra ára. Ef ekki næst að ljúka skodunum þá getur faggildingin runnið út. Aðilar geta líka brotið af sér og gert eitthvað sem er algjörlega á skjön við faggildinguna. Það er að minnsta kosti ljóst að það vaknar enginn einn daginn án faggildingar, þetta er langt ferli“ segir Elías.

„Faggildingin rann út hjá okkur. Það er búin að fara fram endurúttekt á skrifstofunni hjá okkur og við erum bjartsýnir á að fá fag-

VOTTUN HF.



Vörumerki Vottunar hf.



Kjartan J. Kárason, framkvæmdastjóri Vottunar hf.

gildinguna aftur“ segir Kjartan J. Kárason, framkvæmdastjóri Vottunar, í samtali við DV. Hann segist þó gera sér grein fyrir því að ferlið sé tímafrekt. „Endurúttektin fór fram 26. september síðastliðinn. Það voru engar brotalamir varðandi úttektirnar okkar“ segir Kjartan. Aðspurður hvort fyrirtækið hafi hætt við að votta fyrirtæki í ljósi faggildingarmissisins segir Kjartan: „Ef við ætlum að fá fag-

gildinguna þá þurfum við að geta sýnt fram á að við séum hæfir til þess að framkvæma slíkar vottanir. Eina leiðin sem er fær er að votta fyrirtæki úti í bæ. Það þarf að afla sér reynslu.“ ■

## TAKTU KRÓK Á LEIÐARENDA

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun thónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

### Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þar þá á verkstæði

Krokur.net / Suðurhraun 3 / 210 Garðarbær

HRINGDU Í SÍMA 522 4600

**KRÓKUR** Á ÞINNI LEIÐ





# REYKJAVIK RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS  
HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN  
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM  
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

ADIR ÚTSÖLUSTADIR  
EPAL - LAUGAVEGI 70  
EPAL - HARPA  
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ





# HEIMILISLAUS Í FYRSTA SKIPTI

■ Tryggvi Ingólfsson hefur þurft að dúsa á Landspítalanum í átta mánuði  
■ Fær ekki snúa á hjúkrunarheimilið á Kirkjuhvoli

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson  
bjartmar@dv.is

Tryggvi Ingólfsson, sem er lamaður fyrir neðan háls, hefur í átta mánuði þurft að dúsa í litlu herbergi á Landspítalanum í Fossvogi. Áður hafði hann dvalið við gott atlæti á dvalar- og hjúkrunarheimilinu á Kirkjuhvoli á Hvolsvelli í ellefu ár. Í byrjun árs þurfti Tryggvi að fara í aðgerð á Landspítalanum. Á meðan hann var fjarverandi skrifaði starfsfólk heimilisins undir undirskriftalista þess efnis að það myndi ganga út ef Tryggvi sneri aftur á Kirkju-

hvoli. Hefur fjölskylda Tryggva fengið mismunandi skýringar á þessum aðgerðum starfsfólks, allt frá því að Tryggvi væri erfiður í samskiptum og ylli miklu álagi á starfsfólk, yfir í að ekki væri hægt að tryggja öryggi hans á Kirkjuhvoli. Hjúkrunarheimilið gat þó í 11 ár veitt honum þjónustu án þess að nokkurn tímann hafi verið rætt að öryggi hans væri ógnað með veru hans þar.

Í stað þess að dvelja í rúmlega 500 metra fjarlægð frá eiginkonu sinni þá aðskilja rúmlega 100 kílómetrar þau. Tryggvi dvelur einn og yfirgefinn á lungnadeild Landspít-

alans í Fossvoginum og getur ekki hitt ástvini sína eins oft og hann langar. Hann segist upplifa sig sem einskis nýtan pappakassa sem er hent í geymslu. Fjölskyldumeðlimir telja að um gróft mannréttindabrot sé að ræða en engin lausn virðist í sjónmáli. Kostnaðurinn við dvöl Tryggva í Fossvoginum er ærinn eða 350 þúsund krónur á dag.

#### Heppinn að lifa slysið af

Á vordegi einum fyrir tólf árum breyttist líf Tryggva Ingólfssonar til frambúðar. Hann var í útreiðartúr með fjölskyldu sinni þegar hestur

hans hrasaði. Tryggvi féll af baki og slasaðist alvarlega. „Ég féll af baki og heyrði þegar hálsliðurinn brotnaði. Eftir það er hins vegar allt svart,“ sagði Tryggvi í viðtali við Morgunblaðið fyrir áratug. Afleiðingar slyssins voru þær að Tryggvi lamaðist fyrir neðan háls, þar með talin öndunarfæri, og hefur þurft aðstoð við allar athafnir daglegs lífs síðan. Hann mátti teljast afar heppinn að komast lífs af því þegar slysið átti sér stað hafði enginn á Íslandi lifað af svo alvarlegan mænuskaða.

Fyrst eftir slysið dvaldi Tryggvi á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi og síðan fór hann í endurhæfingu á Grensás í tíu mánuði. Í kjölfarið fékk hann pláss á Kirkjuhvoli, nálægt heimili hans, en í aðurnefndu viðtali við Morgunblaðið dásamar Tryggvi þjónustuna og sagðist njóta bestu mögulegu hjúkrunarfrábærra starfsmanna.

#### Ástæða brottrekstrar síbreytileg

Rétt er að geta þess að fjörtíu starfsmenn starfa á Kirkjuhvoli og því var aðeins hluti starfsmannanna ósáttur við Tryggva. Ástæðan fyrir þessum viðbrögðum starfsfólks var sögð sú að Tryggvi væri erfiður í samskiptum. Seinna var því haldið fram að mannekla á Kirkjuhvoli væri ástæðan fyrir því að hann gæti ekki snúið til baka, en síðasta ástæðan sem var gefin var sú, sem fyrr segir, að ekki væri hægt að tryggja öryggi hans. Í kjölfarið sagði sveitarfélagið einhliða upp samningi við ríkið vegna umönnunar Tryggva.

Í átta mánuði hefur líf Tryggva verið í biðstöðu og unir hann hag sínum illa. Hann þakkar starfsfólki Landspítalans sérstaklega fyrir að reyna gera allt í sínu valdi til að gera vist hans þar eins þægilega og hægt er. Fjölmíðlar fjölluðu um málið fyrir sjö mánuðum en engin lausn hefur enn fundist.

„Það hefur ekkert gerst núna í átta mánuði. Ég hef verið heimilislaus í átta mánuði, í fyrsta skipti á ævinni,“ segir Tryggvi, sem kann því afar illa að dveljast fjarri eiginkonu sinni og fimm börnum. „Það

„Mér leið mjög vel á Kirkjuhvoli og var ánægður með þá umönnun sem ég fékk. Það kom mér mjög á óvart þegar ég heyrði að starfsfólk vildi ekki fá mig aftur.“

er enginn sem tekur ábyrgð á þessu máli og það er aldrei neinn sem ræðir við mig að fyrri bragði. Börnin mín hafa verið að krefja yfirvöld um lausn á málinu og það er í eina skiptið sem eitthvað fer á hreyfingu,“ segir Tryggvi.

#### Viðbrögð starfsfólks komu á óvart

Hann segir að viðbrögð starfsfólks á Kirkjuhvoli hafi komið honum í opna skjöldu. „Mér leið mjög vel á Kirkjuhvoli og var ánægður með þá umönnun sem ég fékk. Það kom mér mjög á óvart þegar ég heyrði að starfsfólk vildi ekki fá mig aftur,“ segir Tryggvi. Hann vísar því alfaríð á bug að hann hafi verið erfiður í samskiptum.

DV hefur ítrekað reynt að fá svör frá sveitarfélaginu vegna málsins en án árangurs. Þau svör sem þó berast eru á þann veg að ekki verði rætt um einstök mál, eða vísað á aðra sem einnig neita að tjá sig um málið. Þá óskaði DV eftir afriti af samningi sveitarfélagsins, Rangárþings eystra, við velferðarráðuneytið um umönnun Tryggva en bárust þá þau svör að slíkur samningur væri ekki tiltækur hjá sveitarfélaginu né upp sögn hans. ■

DV mun fjalla ítarlega um málið á næstunni á DV.is.

## LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060



# KOMDU Á SKÍÐI



**25%**  
AFSLÁTTUR  
AF VETRARKORTUM  
FYRIR  
FJÖLSKYLDUNA

25% afsláttur af vetrarkortum fyrir fjölskylduna til 30. nóvember.  
Til að fá fjölskylduafsláttinn þarft þú að kaupa að lágmarki vetrarkort  
fyrir 1 fullorðinn auk vetrarkorts fyrir 1 unglíng eða barn.

Nánar á [skidasvaedi.is](http://skidasvaedi.is) / Sími 530 3000

 /skidasvaedin

 #bláfjöll

  
SKÍÐASVÆÐIN





***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.  
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***







*Sjáðu úrvalið á [goddi.is](http://goddi.is)*

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á  
lager í gráum og brúnum litum  
Verð frá **58.500 kr.**



# **GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



# „Andstaðan við veipur stafar einungis af þekkingarleysi“

Guðmundur Karl gagnrýnir ályktun Læknafélagsins harðlega

Læknafélag Íslands vill að sala á rafretum, eins og hún er í dag, verði stöðvuð án tafar. Ef ekki þá verði árangurinn sem Íslendingar hafa náð í að minnka tóbaksreykingar barna að engu. Í ályktun LÍ frá aðalfundi félagsins nýverið segir að það þurfi að bregðast við í ljósi nýbirta lýðheilsuvísu frá Landlækni sem sýna að ríflega einn af hverjum fimm tíundu þekkingum reyktu rafretur einu sinni eða oftar í mánuði. Núverandi fyrirkomulag sé óásættanlegt þar sem rafrettur séu hættulegar og það eigi að einskorða sölu á rafretum og rafretuvökva við apótek til að það sé aðeins hægt að nota þessi tæki sem hjálpartæki til að hætta að reykja tóbak. Þessu eru ekki allir læknar sammála. Það er óhætt að fullyrða að læknar séu sammála um að rafrettur séu skaðminni en tóbaksreykingar, en spurningin er hvort rafretturnar séu að eyðileggja árangurinn í tóbaksforvörnum og hvort þær geri það að verkum að ungmenni leiðist út í tóbaksreykingar.

Reynir Arngrímsson, formaður LÍ, segir í samtali við DV að það megi víða sjá árangurinn í að minnka sigarettureykingar ungmenna. Vísar hann í skýrslu frá Rannsókn-um og Greiningu frá 2015: „Þar sjáum við að góður árangur í tóbaksvörnum meðal barna hafði náðst áður en rafrettur komu á markað og þær náðu útbreiðslu. Það er því ekki hægt að

Rafretta er tæki sem er notað til þess að herma eftir tóbaksreykingum án þess að tóbak komi við sögu, er talað um að „veipa“ í stað þess að reykja. Tækið notast við rafhlöðu, brennara og vökva. Vökvinn er mismunandi, hann getur innihaldið nikótín, bragðefni og dæmi eru um að kannabisefn-um sé blandað í vökvann. Rafrettur fóru að ryðja sér til rúms á Íslandi í kringum 2013. Fyrst um sinn var bannað að flytja inn nikótínvökva og brugðu margir á það ráð að kaupa mikið magn af slíkum vökva erlendis og koma með til landsins. Fyrir nokkru var svo heimilt að selja slíkan vökva og eru nú eru starfræktar margar verslanir sem sérhæfa sig í sölu á rafretum, vökva og aukahlutum.

halda fram að minnkun tóbaksreykinga hjá börnum á þessum aldri sé tengd rafrettunotkun. Það er hreinlega rangt. Sá árangur hafði náðst áður og var til staðar þegar farið var að selja þessi efni hérlendis.“

## Árangurinn neftóbaki og veipum að þakka

Guðmundur Karl Snæbjörnsson, sérfræðingur í heimilislækningum, segir í samtali við DV að með þessu álitum um takmörkun á sölu sé Læknafélagið að reyna að

koma í veg fyrir að fólk hætti að reykja. „Þetta stafar auðvitað bara af þekkingarleysi. Ég velkist ekki í vafa um að þau samþykki þetta álit í góðri trú, en veip er bara svo margfalt heilsusamlegri kostur en að reykja. Það eru engar rannsóknir sem benda til þess að veipið sé að leiða ungmenni út í tóbaksreykingar. Ég óttast það að ef aðgengi að veipum yrði skert þá séum við að loka útgönguleiðum frá reykingum og þá fyrst munum við sjá árangurinn verða að engu,“ segir Guðmundur Karl.

Guðmundur Karl segir að árangur fram til ársins 2014 megi að miklu leyti rekja til notkunar ungmenna á neftóbaki sem notað sé sem munntóbak. „Ég vinn í Svíþjóð, þar sjáum við mikla og stöðuga heildarnotkun á tóbaki en sá heilsufarslegur árangur sem felst í að minnka reykingar er fyrst og fremst snusinu að þakka. Hér á landi hefur sala neftóbaks aukist um 330% frá árinu 2001. Á þeim tíma sjáum við hraða niðursveiflu á reykingum í öllum aldurshópum, yngri sem eldri. Frá því að veipið fór að ryðja sér til rúms þá hafa tölur yfir reykingar ungmenna hrundið. Þessi árangur sem við höfum náð hér á landi er nefnilega engu öðru að þakka en munntóbakinu og veipunum, engu öðru.“

## Harðlega gagnrýndur

Guðmundur Karl vill lítið blanda sinni persónu inn í umræðuna. Hann er umdeildur meðal lækna fyrir afstöðu sína í þessum málum, honum var úthýst úr 1.600 manna hópi íslenskra lækna á Facebook og kærður til siðanefndar

Læknafélagsins af læknum Krabbameinsfélags Íslands. Hann hefur fengið hótunarbref frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni fyrir afstöðu sína og segir að hann hafi fengið harða gagnrýni á sig persónulega.

„Ef einhver hefði sagt mér fyrir nokkrum árum að ég yrði einhver talsmaður fyrir rafrettur eða gegn tóbaksneyslu þá hefði ég sennilega hlegið einna mest að því. Ég fór að lesa mér til um þetta og kynnti mér málið til hlítar, síðan ákvað ég að tala fyrir þessu því að þetta skiptir þúsundir manns máli, heilbrigði fólks og ótímabæra dauðdaga. En af ýmsum ástæðum erum við því miður oft orðin hálf dofin fyrir þeirri staðreynd. Ég er alls ekki eini læknirinn á þessari skoðun hér á landi, það eru bara ekki margir aðrir sem vilja taka þennan slag. Ég skil það vel miðað við þann óhróður og árásir sem ég fengið á mig og gerði mér grein fyrir hvað ég var að koma mér út í, þegar í upphafi, vegna eðli málsins.“

Þegar fólk notar rafrettu blæs það ekki frá sér reyk heldur gufu. Guðmundur Karl segir að gufan sé skaðlaus öðrum í umhverfinu og það sé rangt að hún sé ertandi fyrir lungu. „Gufan er 99,7% vatnsgufa og sykra. Afgangurinn er snefilefni sem eru engum hættuleg og langt innan viðurkenndra viðmiðunarmarka. Það hefur ekki einu verið hægt að mæla magn nikótíns í sumum rannsókna. Það myndi vera þér skaðlaust með öllu þótt það væru 10 manns inni með þér í herbergi að veipa, en til samanburðar, með því að vera í herbergi með sigarettureyk í þrjá tíma þá færðu í þig sama magn af nikótíni og er í einum tómat.“

## Áhrifin svipuð og af kaffi

Því hefur verið haldið fram að ef ungmenni byrja að nota veip án nikótíns til þess að falla inn í hópinn leiði það til notkunar á nikótíni og á endanum til reykinga.

Því hafnar Guðmundur alfarið. „Þetta virkar ekki þannig með veipur. Án þess að fara djúpt ofan í fíknilækningar þá er ekkert sem bendir til þess að ungmenni sem byrja að veipa fari út í reykja sigarettur. Fólk hefur áhyggjur af því að það gerist en það er alls ekki þannig. Það er líka miklu auðveldara að hætta að veipa en að reykja.“

*Nikótínið sjálf, er það ekki skaðlegt? Til dæmis fyrir æðakerfið?*

„Við munum seint ef nokkurn tímann koma til með að finna neina sjúkdóma af völdum nikótínsins sjálfs. Engin í dag. Áhrifin af nikótíni á æðakerfið er svipað og af kaffi. Jafnvel vægari.“

*Ert þú að segja að stjórnvöld á Íslandi og læknar séu að beita sér gegn vöru sem er skaðlausari en kaffi og getur komið í veg fyrir dauða hundruð manns á ári?*

„Já. Það er alveg hárrétt. Ef við erum að tala um einhverja hættu sem stafar af veipi þá er það hugsanlega tengt einstaka bragðefnum. Þau geta verið mjög mismunandi, en þá erum við að tala um hverfandi áhættu samanborið við skaðsemi tóbaksreykinga. Sumir krydda matinn sinn, jafnvel á ólíkan hátt og mismunandi, og nota jafnvel mismunandi líti við matargerðina til að auka lystaukann. Er það rangt?“

Guðmundur Karl andvarpar djúpt þegar hann er spurður hvers vegna það sé þá í gangi herferð gegn veipum. „Engin einföld skýring, en þetta er bara erfitt fyrir tóbaksvarnafólkið, hugmyndakerfi þeirra til áratuga eru bara ekki að gera sig lengur, það situr eftir fastir í úreltum hugmyndaheimi tóbaksvarna á meðan fólk sér um þetta sjálf og hættir að reykja út frá eigin vali, ekki út frá þvingunum. Allir vita að reykingar skaða heilsuna og drepa fólk. Andstaðan við veipur stafar einungis af þekkingarleysi.“ ■

Guðmundur Karl Snæbjörnsson, sérfræðingur í heimilislækningum.



# NOKIA 3.1

13 MP MYNDAVÉL  
TEKUR 2 SIMKORT  
5.2" 18:9 SKJÁR MEÐ  
GORILLA GLASS

NOKIA androidone





# RISA

# TAX

# FREE

# DAGAR

**15.-19. nóvember**

**Taxfree\* af öllum fatnaði,  
öllum skóm, öllum leikföngum,  
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði  
og öllum snyrtivörum.**

\*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*



# VEIPARAR ÍSLANDS

## Steindi spar á veipið ■ Logi gripinn glóðvolgur

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Rafrettur, eða veip eins og þær eru kallaðar í daglegu tali, eru orðnar mjög útbreiddar. Fyrst fór að bera á rafretum í kringum árið 2014 og síðan þá hafa sérstakar rafrettubúðir sprottið upp eins og gorkúlur. Hafa þær í raun fyllt í skarðið sem hinar hefðbundnu sjoppur skildu eftir.

Lækna greinir á um skaðsemi rafretta. Nýlega ályktaði Lækna-

félag Íslands að stöðva ætti alla sölu rafretta á Íslandi, aðallega vegna vinsældanna hjá unglingum. Í nýbirtum lýðheilsuvísi Landlæknis kom fram að einn af hverjum fimm tíundu bekkningum veipaði að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Hluti af ástæðunni er að rafrettur eru í tísku og eru notaðar til dæmis í tónlistarmyndböndum.

Aðrir, þar á meðal heilbrigðisstarfsfólk, hafa bent á að rafrettur séu skaðlitlar. Sérstaklega miðað við reykstóð. Rafrettur hafi virkað betur en til dæmis nikótínbyggjón og plástrar til að fá fólk til að hætta að reykja. Hafa

Rafrettur eru í tísku og eru notaðar til dæmis í tónlistarmyndböndum

sumir tekið svo sterkt til orða að segja að veip bjargi mannlífum.

DV tók saman nokkra af nafntoguðustu veipurum landsins. ■



**Kilo**

Rapparinn og samfélagsmiðlastjarnan Garðar Eyfjörð byrjaði að veipa vegna ömmu sinnar sem var veik af lungnaþembu. Síðan þá hefur hann verið í samstarfi við veipbúðir.

**Tómas Lemarquis**

DV hefur ekki heimildir um hvort leikarinn heimspekti veipi að staðaldri. En hann gerir það þó með mjög miklum sannfæringarkrafti í kvikmyndinni Undir halastjörnu sem byggð er á líkfundarmálinu.



**Herra Hnetusmjör**

Árni Páll Árnason, eða Herra Hnetusmjör, hefur verið að stímpla sig inn sem einn allra heitasti rappari landsins. Hann er fyrst og fremst þekktur sem vindlamaður og skartar þeim í myndböndum. Grípur hann þó oft í rafrettuna líka.



**Séra Davíð Þór Jónsson**

Davíð Þór sóknarprestur í Laugarneskirkju og pönkari í Austurvígstöðvunum hefur skipt yfir í rafrettur. Hann fær sér þó vindil endrum og eins.

**Logi Már Einarsson**

Formaður Samfylkingarinnar var gripinn glóðvolgur við að leggja ólöglega á Akureyri í apríl síðastliðnum. Skrapp hann inn í verslun til að ná sér í smá veip.

**Steindi Jr.**

Grínistinn Steinþór Hróar Steinþórsson er upphaldstengdasonur þjóðarinnar. Finnst jafnvel öfum og ömmum það sætt þegar hann segir klúra brandara. Steindi er spar á veipið sitt og segist vera með frunsu þegar fólk vill sníkja af honum.



**Sigríður Elva Vilhjálmstöð**

Fréttakonan Sigríður Elva á útvarpsstöðinni K100 veipar. Það er ekki eina nautnin sem hún leyfir sér því nýlega var hún í viðtali hjá DV þar sem hún lýsti ást sinni á mæjónesi.

**Helgi Seljan**

Fréttamaðurinn og grillarinn Helgi Seljan tilkynnti nýlega að hann væri kominn í tímabundið leyfi frá störfum. Helgi er oft grimmilegur en mun slakari með rafrettu í hönd.

**Brynjar Níelsson**

Þingmaðurinn og fyrrverandi lögmaðurinn Brynjar syndir ekki alltaf með straumum. Hann hefur barist við nikótín-djöfulinn um nokkurt skeið. Veipar hann vökva með tóbaksbragði nú til dags.

Jólagleði á Ránni í Reykjanesbæ



Eyfi sér um jólastemminguna

**JÓLAHLAÐBORÐ**

**FÖSTUDAGINN 30. NÓV. OG 7. DESEMBER**

**LAUGARDAGANA 1. OG 8. DESEMBER**




**BORÐAPANTANIR Í SÍMA: 852 2083 PANTANIR@RAIN.IS**

**TRAPICHE ARGENTINA**




**Björt**  
BÓKAÚTGÁFA



## MANNESKJUSAGA

Manneskjusaga er skáldævisaga sem fjallar um margbrotið lífshlaup Reykjavíkurstúlku sem tíðarandinn fordæmir og fólkið gleymir.



## AUÐNA

Auðna er byggð á raunverulegum atburðum þriggja systra sem alast upp í Reykjavík á stríðsárunum. Spennandi saga sem kemur verulega á óvart.

**Björt**  
BÓKAÚTGÁFA



# Munu írsku landamærin sprengja Brexit?



Norður Írland  
Táknræn mótmæli  
vegna Brexit.

Deilt er um hvort svæðið fái að vera í tollabandalagi með ESB

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



**B**rexit-viðræður bresku ríkisstjórnarinnar og ESB eru nú á mjög viðkvæmu stigi en skammur tími er til stefnu til að ná samkomulagi áður en úr-sögn Breta úr ESB tekur gildi í lok mars á næsta ári. Samkvæmt fréttum getur brugðið til beggja vona

og samningar náðst eða ekki. Ekki bætir úr skák að mikil óeining er innan bresku ríkisstjórnarinnar um samninginn og margar andstæðar skoðanir á lofti.

Það skiptir ekki litlu máli í samningi um Brexit, ef hann næst, hvernig verður tekið á málefnum Norður-Írlands sem er hluti af Stóra-Bretlandi. Margir óttast að ef ekki tekst að ná samningi eða

ef það sem varðar Norður-Írland verður ekki nógu gott muni óöld og borgarastyrjöld hefjast á nýjan leik í þessari þúdurturnu Stóra-Bretlands. Bresk stjórnsmál snúast að miklu leyti um Norður-Írland þessa dagana enda er mikið í húfi hvernig sem á það er lítið.

Allt á þetta rætur að rekja nokkur hundruð ár aftur í tímann þegar Englendirar byrjuðu að hreiðra um sig á Írlandi sem var síðar innlimað í Stóra-Bretland. Bretarnir, sem voru mótmælendur, settust aðallega að á norðurhluta eyjarinnar. Þegar Írland fékk sjálfstæði 1920 héldu Bretar Norður-Írlandi eftir og var meirihluti íbúanna mótmælendatrúar. Íbúar hins sjálfstæða írsku lýðveldis, Írlands, voru hins vegar að mestu kaþólikkar. Það var nánast hægt að setja samansemmerki á milli „írskur“ og „kaþólskur“ og það þarf því ekki að koma á óvart að áhrif og ítök kaþólsku kirkjunnar voru gríðarlega mikil.

## Mikil spenna

Á Norður-Írlandi kom upp mikil spenna á milli mótmælenda og kaþólska minnihlutans. Kaþólikarnir vildu ekki tilheyrja Stóra-Bretlandi heldur Írlandi. Í lok sjöunda áratugarins hófst síðan borgarastyrjöld sem hafði miklar hörmungar og hrylling í för með sér. Um 3.500 manns létu lífið í átökunum sem lauk ekki fyrr en með samningi, sem er kenndur við föstudaginn langa, en hann var gerður 1998. En þrátt fyrir að 20 ár séu síðan samningar tókust er spennan enn mikil á milli trúarhópanna en þó minni en áður. Einstaklingar úr röðum beggja eru sammála um að það muni taka margar kynslóðir að koma ástandinu í edlilegt horf en vonast til að það takist að lokum. Samkvæmt samningnum sættu kaþólikkar sig við að Norður-Írland væri breskt yfirráðsvæði en einnig kvað hann á um bætt samskipti Norður-Írlands og Írlands.

Landamæri ríkjanna eru 499 kílómetra löng. Á meðan borgarastyrjöldin stóð yfir var mikið eftirlit á þeim öllum. Varðturnar voru víða og fólk þurfti oft að sæta skoðun á skjölum og farmi þegar það fór yfir þau. Bretar gerðu þetta til að koma í veg fyrir að hryðjuverkamenn úr Írsku lýðveldishernum, IRA, gætu laumast úr „skjólí“ sínu á Írlandi yfir landamærin til að fremja hryðjuverk. Í kjölfar friðarsamningsins voru landamærin opnuð og eftirliti hætt. Nú



Theresa May

eru ekki einu sinni skilti sem gefa til kynna hvort verið sé að koma inn í annað land. Besta ráðið til að átta sig á því er að taka eftir hvort umferðarmerkin, sem sýna leyfðan hámarkshraða, tiltaka hann í mílum eða klukkustundum. Bæði Bretar og Írar vilja halda landamærunum opnum eftir Brexit og ekki taka upp sérstakt eftirlit á þeim þar sem það gæti minnt fólk á tíma átaka og ofbeldis.

En þessi 499 kílómetra landamæri verða ytri landamæri ESB um leið og Brexit tekur gildi. Um það snýst mesti vandinn í dag. Vandinn er ekki svo mikill fyrir fólk því bæði Írland og Stóra-Bretland standa utan Schengen-samkomulagsins. En þegar Brexit verður að veruleika geta Bretar tekið upp aðra tolla og aðra löggjöf um vörur en ESB gerir. Ef ekkert eftirlit verður á landamærunum geta þau orðið góð leið til að flytja vörur til ESB frá Bretlandi, vörur sem tollur hefur ekki verið greiddur af eða þá að þær uppfylli ekki þær kröfur sem ESB gerir. Þessar vörur gætu síðan verið fluttar áfram frá Írlandi til annarra aðildarríkja ESB. Ef Bretar vilja nota Brexit til að öðlast fullt frelsi frá ESB er erfitt að halda landamærunum galopnum eins og þau eru í dag.

## Varnagli

Af þessum sökum fékk ESB Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, til að fallast á ákveðinn varnagla í desember á síðasta ári varðandi landamæri Norður-Írlands og Írlands. Í honum felst að Norður-Írland verði áfram í tollabandalagi við ESB, nema

önnur lausn finnist, á meðan viðræðum verður haldið áfram frá 2019 til 2020 um fyrirkomulag framtíðarviðskiptasambands ESB og Stóra-Bretlands.

Þessi varnagli er að mati stærsta flokks mótmælenda, DUP, algjörlega óásættanlegur því samkvæmt honum verða til tollalandamæri í Írlandshafi sem skilur Írland og Stóra-Bretland að. Þannig flýtur Norður-Írland lengra frá Írlandi þar sem það verður enn tengt ESB sem verður með aðra löggjöf og tollareglur en Stóra-Bretland.

Það mikilvægasta að mati DUP er að Norður-Írland og Stóra-Bretland séu eitt í einu og öllu. Theresa May hefur ekki mikla möguleika til að fara gegn vilja DUP því flokkurinn er með 10 þingmenn í neðri deild breska þingsins og það eru einmitt þessir 10 þingmenn sem tryggja May meirihluta á þinginu og þar með völd. Ekki bætir úr skák að DUP er mjög staðfastur flokkur sem vikur ekki frá stefnu sinni. Hann var eini stóri flokkurinn sem var á móti friðarsamningnum 1998.

Ef ESB, DUP og íhaldsflokkur Theresu May halda fast við sinn keip þá getur, ef allt fer á versta veg, Brexit sprungið í loft upp og orðið án þess að samningur náist. Þá yfirgefa Bretar ESB án samnings, svokölluð „no deal“ útganga, sem mun hafa í för með sér að írsku landamærin lokast og Bretar munu væntanlega taka upp gæslu á þeim á nýjan leik. Það getur síðan haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir friðinn á Norður-Írlandi þar sem spennan er mikil og lítið þarf til að tendra stórt bál. ■

HITTU OKKUR Á FACEBOOK ■ REKKJAN

120 ÁRA  
1898-2018

## FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

**KING KOIL ALPINE PLUSH**  
Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimmsvæða skiptu poka-gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptr kantar, ásamt botni og fótum.

<p>Stærð Queen (153x203 cm)</p>  <p><b>154.070 kr.</b> 13.693 kr.* á mánuði með kredittortali Fullt verð 256.783 kr.</p>	<p>Stærð King (193x203 cm)</p>  <p><b>213.459 kr.</b> 18.816 kr.* á mánuði með kredittortali Fullt verð 355.765 kr.</p>
---	--

**120 ÁRA AFMÆLI KING KOIL**

## TILVALDAR GJAFIR SEM GLEÐJA!



**Fatboy Junior púðinn**  
Verð frá 18.900 kr. (130x100 cm)



**Fatboy Original púðinn**  
Verð frá 26.900 kr. (180x140 cm)



**The Petit lampinn**  
Verð frá 8.890 kr.

Verslun á horni Ármúla og Grensásvegur | sekkur.is

**rekkjan**  
HEILSURÚM





## Vantar þig sniðuga jólagjöf?

Hvernig hljómar áskrift af sokkum?

1 eða 2 pör í 3, 6 eða 12 mánuði.

Verð frá kr. **2.970**



**SMART SOCKS**

[www.smartsocks.is](http://www.smartsocks.is)

# ÍSRÖR




## Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

# ÍSRÖR



## Nýtt hjá ÍSRÖR

Þjóðum nú kaldvatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Þjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

**Líklega besta verðið**

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · [isror@isror.is](mailto:isror@isror.is) · [www.isror.is](http://www.isror.is)



## Sandkorn



## Starfsfólk Sjúkra-trygginga undrandi

Í haust var **María Heimisdóttir** skipuð forstjóri Sjúkratrygginga Íslands af **Svandís Svavarsdóttur**. Tók hún við embættinu þann 1. nóvember síðastliðinn. María er lækni og hefur frá árinu 2010 verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans.

Með henni kemur **Baldvin Hafsteinnsson** lögmáður sem starfaði á skrifstofu forstjóra Landspítalans. Verður hann aðstoðarmaður Maríu en fyrr forstjóri Sjúkratrygginga hafði engan slíkan.

Þykir starfsfólki Sjúkra-trygginga þetta einkennilegt í ljósi þess að mikið aðhald hefur verið í rekstri stofnunarinnar um nokkurt skeið. Ákaflega varlega er farið í allar launa-hækkanir og ráðningar.

## Halelúja-samkoma á Nauthóli

Miðvikudaginn 28. nóvember fer fram málþing um tilgang dómabirtinga á netinu. Er það á vegum Dómarafélagsins, Lögmannafélagsins og Lögfræðingafélagsins og tengist fyrirliggjandi og umdeildu frumvarpi dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen. Samkvæmt frumvarpinu yrði hætt að birta dóma í „viðkvæmum málum“, svo sem kynferðisbrotamálum, og öll nöfn afmáð í sakamálum.

Athygli vekur að þeir sem taka til máls eru dómarrar, lögmennt og svo Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar. Þá ávarpar Sigríður sjálf samkomuna. Engir ritstjórar, blaðamenn eða aðrir talsmenn upplýsingafrelsis taka til máls.

Ætla má að umræðan verði ansi einsleit á málþinginu og að í raun verði hún nokkurs konar halelúja-samkoma til stuðnings frumvarpinu og ráðherra.

## Fangi í Fossvoggi

## Leiðari

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Helgarblaði vikunnar er umfjöllun um málefni Tryggva Ingólfssonar. Tryggvi lenti í alvarlegu slysi fyrir rúmum tólf árum og er lamaður fyrir neðan háls. Hann þarf aðstoð við allar athafnir daglegs lífs. Í ellefu ár fékk Tryggvi góða umönnun hjá dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli. Skammt frá býr eiginkona Tryggva og börnin hans fimm. Fyrir átta mánuðum þurfti Tryggvi að fara í nauðsynlega aðgerð á Landspítalanum og endurhæfingu í kjölfarið. Á meðan hann dvaldi í höfuðborginni nýtti hluti starfsmanna Kirkjuhvols tækifærið og skrifaði undir yfirlýsingu þess efnis að ef Tryggvi myndi snúa aftur þá myndu þeir ganga út.

Þessi viðbrögð starfsfólks komu Tryggva og ástvinum hans í opna skjöldu. Þau hafa fengið mismunandi skýringar á athæfinu. Í fyrstu var sagt að hann væri erfiður í samskiptum og síðan hefur því verið haldið fram að öryggi hans væri ekki tryggt á Kirkjuhvoli, stað sem hefur verið heimili hans í ára-



tug. Vandséð er hvernig maður, sem getur aðeins hreyft höfuð sitt, geti verið svo erfiður í samskiptum

að hann sé sviptur lögbundinni læknisþjónustu sinni.

Dvöl Tryggva á lungnadeild

Landspítalans kostar skattgreiðendur ærinn skilding. Samkvæmt heimildum DV kostar hver dagur 350 þúsund krónur. Allur þessi tilkostnaður er eingöngu vegna þess að sveitarstjórn hefur, allt í einu, ákveðið að ekki sé unnt að tryggja öryggi Tryggva, þrátt fyrir að hafa gert svo í meira en 11 ár. Í tólf ár hefur Tryggvi verið fangi í eigin líkama en í dag er hann fangi á Landspítalanum á Fossvoggi. Staða hans og úrræðaleysi yfirvalda er íslensku heilbrigðiskerfi til skammrar. Staða hans er okkur öllum til skammar.

Eins og vanalega er viðmót yfirvalda það að ekki sé hægt að tjá sig um einstök mál og því hefur verið flaggað óspart þegar DV hefur krafist svara fyrir hönd Tryggva. Í átta mánuði hefur Tryggvi engin svör fengið og dvelur í reiðileysi í litlu herbergi í Fossvoggi. Þetta ástand er til skammar og við sem samfélag eigum ekki að setta okkur við svör stjórnmalámana um að ekkert sé hægt að gera þegar kemur að því að veita þeim sem minnst mega sín þjónustu. ■



Ágúst Bent

„Nei, félagi, þetta er Kerfis.“

## Spurning vikunnar

Er líf á öðrum hnöttum?







MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,  
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

*Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!*



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

*Allt lífrænt - allt vegan*





Hörður Snævar Jónsson  
hoddii@433.is



**G**akktu í bæinn.“ Það er Gylfi Sigurðsson, okkar fremsti knattspyrnumaður og leikmaður Everton í Englandi, sem ávarpar blaðamann. Gylfi stendur í dyrunum í glæsilegu heimili í úthverfi Manchester. Gylfi er fyrirmynd sem hefur átt feril sem alla unga knattspyrnumenn dremmir um. Við höfum öll séð Gylfa á skjánum, smella boltanum upp í skeytin, eiga ótrúlegar sendingar, vinna leiki

upp á eigin spýtur, og við höfum séð hann í hverju viðtalinu á fætur öðru. Hingað til hefur Gylfi haldið sínum persónulegu högum að mestu fyrir sig en í samtali við Hörð Snævar Jónsson, ritstjóra 433.is, ákvað okkar fremsti knattspyrnumaður að hleypa lesendum nær sér en áður.

#### „Langt síðan ég ætlaði að giftast henni“

Gylfi settist niður með blaðamanni í herbergi sem allt knattspyrnuáhugafólk hefði unun af að skoða. Herbergið er eins og safn. Þar má

sjá treyjur frá mörgum af bestu knattspyrnumönnum í heimi sem rammaðar eru inn og hanga á veggjum. Fram undan er leikur í London, gegn stórliði Chelsea. Leikur sem á eftir að enda með markalausum jafntefli og þau sem sitja við skjáinn heim eiga eftir að öskra á sjónvarpið þegar brotið er illilega á okkar manni. Það er þess vegna sem hann verður ekki með í næstu leikjum landsliðsins. Það veit blaðamaður ekki á þessari stundu, þar sem hann situr á móti Gylfa. Úr eldhúsinu berst lokkandi ilmur en þar er Alexandra

Helga Ívarsdóttir, unnusta Gylfa, við matseld. Gylfi og Alexandra trúlofuðu sig í sumar í paradísinni á Bahamaeyjum.

„Það er langt síðan ég ætlaði að giftast henni. Ég var bara ekki búinn að ákveða hvernig eða hvar ég myndi bera þetta upp,“ segir Gylfi þegar hann er spurður út í bónorðið, en stóri dagurinn verður á næsta ári. „Það eru sjö ár síðan við kynntumst. Hún er frænka Kolbeins.“ Gylfi á vitanlega við einn okkar besta sóknarmann og samherja sem nýlega steig upp úr erfiðum meiðslum. „Systir

Kolbeins og Alexandra eru mjög góðar vinkonur. Það var í gegnum þau sem við kynntumst,“ segir Gylfi og bætir við að eftir heimsmeistarakeppnina í Rússlandi hafi þau ákveðið að fara í frí til Bahamaeyja. Þar leiddi eitt af öðru.

„Það var frábær staður til að fara á skeljarnar,“ segir Gylfi. „Við áttum geggjaðan dag, tvö saman. Ég lét vaða í kvöldmatnum. Ég hef aldrei verið jafn stressaður á ævinni. Við vorum úti allan daginn og komum til baka í kvöldmat sem ég hafði planað. Ég var búinn að fela




## Eftir svona þrjár sekúndur þá var hún örugglega að hugsa hvað væri að mér

hringinn og var með hann í rassvasanum. Ég var með ræðu sem ég ætlaði að muna.“ Þegar svo kom að stóru stundinni fraus Gylfi. Hann hafði gleymt hverju orði. „Eftir svona þrjár sekúndur þá var hún örugglega að hugsa hvað væri að mér. Þá skáldaði ég eitthvað nýtt og bjargaði mér“, segir Gylfi og bætir við um eitt stærsta augnablik lífs síns: „Hún sagði alla vega já!“

### Fagnadi ekki þegar hann fór fyrst í atvinnumennsku

Allir sem þekkja til Gylfa vita að metnaður hans og hugarfarar er einstakt. Það sannast best þegar við rifjum upp þegar Gylfi var keyptur aðeins 16 ára gamall til Reading á Englandi. Margir ungir leikmenn halda á þeim tímabili sé sigurinn í höfn. Það er fjárfari lagi og margir hafa fengið tækifærið en svo ekki haft það hugarfar sem þurfti. Nýtt land, annað tungumál, fjölskylda og vinir jafnvel ekki til staðar. En Gylfi var einbeittur, vel undirbúinn. Stefnan var alltaf að fara yfir hafið. Hann hafði meðal annars farið í enskuskóla til að undirbúa sig þegar kallið kæmi. „Ég held að ég átti mig ekki á því fyrr enn um mitt tímabil“



Stóra stundin á Bahamaeyjum

## Hugarfarið, fyrst og fremst, það verða einhverjir ósammála sem lesa þetta, en hugarfarið var ekkert sérstakt, að menn ætluðu að mæta til að vinna alla leiki. Það voru allir mættir til að mæta og vera með.

getað verið áfram hjá fjölskyldunni. Það segir sig sjálft að þegar maður flytur út fimmtán, sextán ára, þá er frábært að vera með fjölskylduna sér til stuðnings. Pabbi er blóðheitur og hefur alltaf verið það. Hann og bróðir minn tosuðu mig í gang í fótbolta og þjálfuðu mig, hvort sem það var í gegnum æfingar eða með því að kenna mér fótbolta þegar ég var ungur. Ég lærði heilmikið á því. Staðan er þannig í dag að það eru það margir í fótbolta, það margir góðir, að þú verður að byrja að æfa eins fljótt og hægt er.“

Gylfi er afar þakklátur bæði bróður sínum og föður fyrir að hvetja hann áfram. Það er ljóst að þessi samhengi fjölskylda á sinn þátt í velgengni Gylfa með því að styðja dyggilega við bakið á honum.

„Ég held að það hafi hert mig að vera dreginn á æfingar, samt var aldrei eins og ég vildi ekki fara en auðvitað hefði maður viljað gera aðra hluti. Ég man að eftir leiki á mínum yngri árum fóru þeir yfir leikina með mér strax eftir að þeim lauk; hvað ég gerði rétt, hvað ég gerði vitlaust og hvað ég þyrfti að bæta. Í dag hefur þetta borgað sig margfalt“, segir Gylfi. „Ég sé það á mörgum ungum strákum í dag að þegar þjálfarinn lætur þá heyra það, þá taka þeir því illa og fara í vitlausa átt í staðinn fyrir að venjast því. Takist það, þá getur maður höndlað mótlæti þegar maður ert látinn heyra það síðar.“

Þótt Gylfi sé nú að leika á stóra sviðinu lætur sá gamli enn í sér heyra. Faðir Gylfa hringir reglulega. Hann er þá jafnvel búinn að kortleggja markmanninn fyrir næsta leik og kemur mikilvægum upplýsingum á framfæri til sonarins.

„Í síðasta leik gegn Leicester sagði hann að Schmeichel stæði alltaf framarlega. Þar hafði hann rétt fyrir sér“, segir Gylfi sem skoraði eitt af sínum bestu mörkum á ferlinum eftir ráðleggingar frá föður sínum.

### Sér það ekki fyrir sér að búa á Íslandi

Gylfi hefur búið á nokkrum stöðum en líður best á Englandi. Í framtíð-

inni sér hann ekki fyrir sér að hafa fasta búsetu á Íslandi.

„Að búa í Þýskalandi var allt öðruvísi. Þar var allt lokað á sunnudögum, og allt miklu minna. Ég bjó litlum bæ úti í sveit svo það var ekki mikið að gera. En mér líður frábærliga á Englandi og konunni líka. Ég held að ég sé ekki að fara héðan í brád. Ég væri alltaf til í að prófa eitthvað nýtt, læra nýtt tungumál og spila í meiri hita en ég býst ekki við því eins og staðan er í dag“, segir Gylfi.

„Strax þegar ég flutti út langaði mig að koma til baka til FH og spila eitt tímabil en það eru litlar líkur á því. Ég verð 31 árs eða 32 ára þegar samningurinn við Everton rennur út. Hvort ég fari í sólina eða haldi áfram hér er erfitt að segja til um. Manni fannst þetta svo auðvelt þegar maður var ungur. Ef ég helst heill og ef það er ekkert vesen, þá held ég örugglega áfram en það er ekki hægt að slá líku föstu.“

Eftir fjögur fimm ár gæti Gylfi séð fyrir sér að takast á við allt aðra hluti, en býst við að það verði erfitt að leggja skóna á hilluna.

„Ég er alltaf tilbúinn að prófa eitthvað nýtt og það eru margir leikmenn að fara til Bandaríkjanna. Það væri frábært að prófa að búa þar í eitt til tvö ár og spila fótbolta. Deildin er alltaf að verða sterkari og það væri gaman að ferðast um Bandaríkin, spila í 1-2 ár, en þegar einhver vill þig í úrvalsdeildinni þá er erfitt að fara“, segir Gylfi.

„Ég sé það ekki fyrir mér núna að búa á Íslandi. Ég væri til í að vera heima á Íslandi yfir sumarið og eyða töluverðum tíma þar. Ég veit ekki hvort við Alexandra munum búa á Íslandi, við höfum ekki ákveðið það. Við munum örugglega eyðum miklum hluta í Bandaríkjunum.“

### Sér ekki eftir neinu

Árið 2012 var Gylfi keyptur til Tottenham, þá 22 ára gamall. Tottenham er stærsta félagið sem Gylfi hefur samið við á ferlinum. Sumir hafa talað um þann tíma sem vonbrigði á hans ferli en hann lítur á það öðrum

## Fimm samherjar úr landsliðinu:



### Alfreð Finnbogason:

Okkar besti maður í að klára færi, hann skorar 99,999 prósent af sínum mörkum í teignum. Alltaf réttur maður á réttum stað, hann hefur verið óheppinn með meidli. Ef hann er heill, þá skorar hann alltaf mörk. Hann er ekkert fljótasti maður í heimi eða sá sterkasti.



### Emil Hallfreðsson

Gæðablóð, þú finnur ekki meiri toppmann. Ótrúlega hlý manneskja, jákvæðni í kringum hann og það er gaman að vera í kringum þannig fólk. Hefur verið atvinnumaður og er algjör í tali. Maður sér það á honum, ég veit ekki hvað er hægt að segja slæmt um hann.



### Rúrik Gíslason:

Hann hefur gaman af Instagram, hann er alltaf í góðu skapi, gaman að vera í kringum hann. Hann hefur sjálfur verið að sjá að hann er allt öðruvísi típa en fólk myndi halda, frábær vinur og gaman að vera á sama stað og hann.



### Aron Einar Gunnarsson:

Okkar fyrirlíði, hann er bara fullkominn fyrir það að vera fyrirlíði og sú típa sem dregur liðin áfram. Toppmaður sem þú getur alltaf treyst, þú getur alltaf farið til hans í vandræðum. Er leiðtogi Íslands og Cardiff.



### Jóhann Berg Guðmundsson:

Hann getur verið mjög erfiður þegar það er þungt yfir honum, toppmaður og býr rétt hjá mér í dag. Hann er einn af mínum betri vinum í landsliðinu, það þarf stundum að rífa hann í gang. Það er smá haugur í Jóa.

og jákvæðari augum. „Ég var 22 ára og að fara til Tottenham. Það er skrítið að hugsa til baka en á þeim tíma var þetta svo eðlilegt. Auðvitað vildi maður vera þar áfram og spila meira en ég sé ekki eftir neinu. Þetta var frábær tími og það var mögnuð reynsla að fá tækifæri til að spila með mörgum mjög góðum leikmönnum. Ég bætti mig mikið þarna og það var erfið ákvörðun að ákveða að fara.“

Gylfi bætir við að stuðningsmenn Tottenham hafi tekið honum vel. En bekkjarseta hafði áhrif á ákvörðun Gylfa um að kveðja þennan fornfræga klúbb.

„Ég vil bara spila fótbolta og er ekki sáttur ef ég er á bekknum eða spila lítið. Ég er ekki ánægður með að fá borgað fyrir að spila ekkert. Ég vil spila og bæta mig í hverri viku.“

### Finnst ótrúlegt að Everton hafi ekki hætt við að kaupa hann

Rúmt ár er síðan að Everton greiddi um 45 milljónir punda fyrir Gylfa. Um risaupphæð er að ræða. Til að setja hana í samhengi er Gylfi til dæmis tvöfalt dýrari en WOW air sem Icelandair keypti á dögunum. Félagið var lengi að komast að samkomulagi við Swansea og bjóst Gylfi við að forráðamenn Everton gæfust upp.

„Mér finnst ótrúlegt að Everton hafi ekki hætt við, hefði ég sjálfur verið þjálfarinn eða eigandinn hefði ég sagt: „heyruð gleymum þessu bara og finnum einhvern annan“. Tímabilið var byrjað og þetta

var komið út í vitleysu“, segir Gylfi en á fyrsta ári sínu hafði hann þrjár knattspyrnustjóra. Sá fjórði stýrir liðinu nú, Marco Silva sem hefur gríðarlega trú á Gylfa. Liðið spilar einnig vel undir hans handleiðslu og Gylfi hefur átt hvern stóruleikinn á fætur öðrum.

„Fyrsta tímabilið leið mjög hratt en það gekk illa hjá okkur, það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Við skiptum um þjálfara og þetta var bara eins og það var, ekkert sérstakt tímabil. Í lokin gekk ágætlega en það er allt önnur tilfinning í kringum hópinn og liðið í dag.“

Aðspurður um skoðun á þessari háu upphæð sem Everton pungaði út fyrir hann, svarar Gylfi:

„Þó að ég hafi kostað tíu pund eða fimm tíu milljónir punda eða hvað sem það var, það skiptir engu máli. Við vissum alveg að ég var ekki að standa mig og liðið ekki heldur. En maður heldur bara áfram og ég hlusta ekki of mikið á fjölmiðla og les ekki fréttir. Ég heyri ekki allt sem er í gangi en ég er ekki vitlaus, þegar við vinnum ekki leiki þá er fólk í kringum félagið ósátt. En maður reynir bara að bæta sig á hverjum degi og komast í gegnum þetta og við gerðum það í lokin. Það er miklu ▶

### Blóðheitur pabbi sem dró hann áfram

Sigurður Aðalsteinsson og Margrét Guðmundsdóttir, foreldrar Gylfa, fylgdu honum til Englands þegar hann var 16 ára. Sigurður og Ólafur Már Sigurðsson, bróðir Gylfa, höfðu mikil áhrif á hversu langt Gylfi hefur náð sem atvinnumaður.

„Mamma og pabbi fluttu bæði með mér út“, segir Gylfi. „Ég var fyrst hjá fjölskyldu í tvo til þrjá mánuði en þau áttu strák í liðinu, svo koma mamma og pabbi út. Þá var þetta mikið auðveldara fyrir mig. Það hjálpaði mér þá, en ég hefði alveg

# 1.

Metsölulisti Eymundsson

Allar bækur: 7.nóv – 13.nóv

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)





## Fimm samherjar úr atvinnumennsku:



**Harry Kane:** Svakaleg breyting á honum frá því að hann var að koma upp hjá Tottenham. Í dag er hann bara félagið, hann stjórnar því liði. Við erum í fínu sambandi í dag, toppgaur, við spilum oft golf saman og gerum enn. Hann er með Tottenham á herðum sér og enska landsliðið í raun líka, ef þú horfir á hann þá myndir þú ekki halda að hann væri einn sá besti í heimi. Klárar vel og heldur boltanum vel, tímasetningar á hlaupum er hann með á hreinu. Alltaf á réttum stað.



**Emmanuel Adebayor:** Svakalegur leikmaður, þegar hann er upp á sitt besta, þá er ekki hægt að stöðva hann. Stór, sterkur og fljótur. Getur skorað mörk af öllum gerðum; skot, skallar og hvað sem það er. Hefur átt sturlaðan feril.



**Gareth Bale:** Hann var í ruglinu, hann er með ótrúlegan vinstri fót. Fljótur og sterkur, allt sem toppleikmaður þarf. Hann er búinn að ná gríðarlega langt, hann hefur höndlað pressuna sem fylgir því að spila með Real Madrid, hún er mikil.



**Wayne Rooney:** Geggjað að fá að spila með honum, leikmaður sem maður horfði á þegar maður var yngri. Var í United-liði sem maður fylgdist með og hélt með. Heiður að spila með honum, geggjað að fá að spila með honum og kynna þvi hvernig hann er innan sem utan vallar.



**Roberto Firmino:** Hann var mjög ungur, hann hefur breyst eitthvað í dag. Hann talaði ekki mikla ensku, mjög flott að sjá hversu langt hann hefur náð.

## Fimm þjálfarar í atvinnumennsku:



**Maurício Pochettino:** Það var gríðarlega erfið ákvörðun að vera kominn til liðs eins og Tottenham og með nýjan stjóra í Pochettino, sem er frábær stjóri. Það var ekki auðveld ákvörðun að fara aftur til Swansea. Ég náði alltaf vel til Pochettino og talaða mikið við hann þegar við spilum við Spurs, hann vildi ekki losna við mig. Ég var á þeim aldri að mig langaði spila fótbolta í hverri viku og Swansea bauð mér það.



**Sam Allardyce:** Það er mjög skemmtilegt að spila fyrir hann, skemmtilegur karl en stundum sérstakur. Hann veit hvað þarf að gera til að sækja nógu mikið af stigum til að halda sér í deildinni, margir segja að hann spili ekki skemmtilegan fótbolta. Það eru leikmennirnir sem spila inni á vellinum, varnarlega þá gerir hann lið betri. Með mikla reynslu.



**Brendan Rodgers:** Frábær, mjög góður í mannlegum samskiptum. Hann vildi alltaf fullkomnun á hverri einustu æfingu, harður þar en strax eftir æfingu mjög hress, alltaf klár í að spjalla við alla. Geggjaður æfingar og gaman að spila fyrir hann, mjög góður þjálfari.



**Paul Clement:** Geggjaður, einn af betri þjálfurum sem ég hef haft. Það er ástæða fyrir því að Carlo Ancelotti hefur tekið hann með sér út um allt, geggjaður þjálfari og geggjuð persóna, ég tala enn þá við hann í dag. Það er ekkert slæmt um hann að segja, bara jákvætt.



**Andre-Villas-Boas:** Mjög fínn karl, allt öðruvísi en Rodgers sem dæmi. Hann var mjög ungur þegar hann var með Tottenham, þegar horft er til aldurs þjálfara. Var mjög góður þjálfari.



meiri hefð fyrir því að liðið vinni, það er krafa um að við vinnum alla leiki sem við spilum. Það er það sem

leikmenn elska, þegar þú vinnur þá gefur það meira, það er sætara þegar pressan er meiri. Það skiptir ekki máli hvort við séum að spila gegn bestu eða slökustu liðunum, það er krafa á sigur, alltaf.

## Mættu bara í landsleiki til að vera með

Frá því Gylfi hóf vegferð sína með landsliðinu hefur margt breyst. Liðið hefur farið á tvö stórmót. Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvað hafi breyst?

„Hugarfarið, fyrst og fremst“, svarar Gylfi. „Það verða einhverjir ósammála sem lesa þetta, en hugarfarið var ekkert sérstakt. Það voru allir mættir til að mæta, aðeins til að vera með. Það er allt öðruvísi að mæta núna, sérstaklega undir stjórn Lagerbäck og Heimis. Þá mættu menn í leiki til að vinna þá, það var ekkert að trufla okkur. Menn gerðu allt til þess að vinna næsta leik, við ætluðum okkur á stórmót. Ég var ungur og nýlega mættur inn í liðið árið 2010, markmiðið hefur verið síðustu ár að komast í fremstu röð, það er allt aðrir hlutir sem við höfum einblínt á en áður og markmið okkar allra var og er að komast inn á stórmót í hverri riðlakeppni.“

## Tók svefntöflu en sofnaði ekki

Í sumar tók íslenska landsliðið þátt í sínu fyrsta heimsmeistaramóti. Gylfi var þar eins og svo oft áður í lykhlutverki. Í leik á móti Nígeríu varð Gylfi fyrir áfalli. Íslenska liðið var tveimur mörkum undir og skammt til leiksloka þegar dómarninn dæmdi vítaspyrnu. Gylfi tók sér

stöðu á vítapunktinum, þjóðin hélt niðri í sér andanum og eygði von að komast aftur inn í leikinn, en Gylfi skaut yfir markið. Það tók á, en Gylfi hefur unnið úr því.

„Ég tók svefntöflu og sofnaði ekki, þetta var ansi erfið. Þegar maður stígur fram og tekur víti, þá veit maður að það eru tveir möguleikar; maður skorar eða klikkar. Þetta er þannig séð þér að kenna, það er skrýtið að segja það núna, því það var ekkert jákvætt við að klúðra þessu. Í dag finnst mér samt að ég hafi lært mikið af þessu, ég sé andlega sterkari. Það var ekki auðvelt að horfast í augu við þetta svona rétt á eftir, ég vissi að flestir í heiminum sem fylgjast með fótbolta, væru að horfa. Augnablikið að koma okkur aftur inn í leikinn, við hefðum átt frábæran séns á að setja pressu á það í lokin.“

## Meistarakokkur í eldhúsinu

Óhætt er að fullyrða að Gylfi hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að ná á toppinn. Hann borðar eins hollan mat og kostur er. Þá hjálpar að Alexandra Helga, unnusta Gylfa, hefur mikla ástríðu fyrir eldamennsku.

„Ég hef alltaf verið meðvitaður um hvað ég er að borða. Eftir leiki borða ég bara það sem ég vil, maður er að fylla á tankinn eftir leiki. Ég fylgist með því í gegnum vikuna, þetta er orðinn vani, sérstaklega þegar maður er með alvöru kokk í eldhúsinu. Hún hefur meira en gaman af þessu, hún er að taka diplómu í náttúrulegri eldamennsku. Hún er það góð að hún gæti leikandi starf að sem kokkur á vinsælum veitingastað“, segir Gylfi og bætir við: „Ég er aldrei að fara í vegan, ég borða mikið af kjúklingi og fiski en ég hef minkað að borða rautt kjöt. Ég get alveg fengið mér steik og geri það ef farið er á þannig stað. Ég reyni að borða eitthvað sem gefur mér orku, ekki eitthvað sem fyllir mann „átvisku-bitu“ eftir á.“

## Drekkur ekki

Gylfi hefur aldrei neytt áfengis. Það hefur hvarflað að honum að fá sér glas af rauðvíni en það hefur ekki gerst enn.

„Ég hef alveg hugsað í það síðustu ár hvort ég ætti að fá sér glas af rauðvíni, prófa það með mat“, segir Gylfi. „Ég held að það sé hundrað prósent öruggt að þetta hefur hjálpað mér, að neyta ekki áfengis. Meiðslin eru færri og þegar þú drekkur þá leitar þú meira út. Þegar ég var ungur, þá hjálpaði það mér að leita ekki í áfengi. Ég hef, 7, 9, 13, verið heppinn með vöðvameiðsli í gegnum tíðina og þetta er held ég ein af ástæðum þess. Ég er ekki sá fljótasti og slepp við þannig meiðsli og að hafa ekki drukkið áfengi hefur örugglega hjálpað. Það er allt í lagi að vera í kringum fólk sem er drukkið en það er ekki gaman þegar fólk er orðið of fullt, ég er yfirleitt sá eini sem er edru en ég leita ekki mikið niður í bæ.“

## Reynir að koma peningum sínum vel fyrir

Ekkert leyndarmál er að Gylfi er vel launaður. Fjórðingsting hans hafa oft ratað í fréttir. Ferillinn er stuttur og því skiptir máli að fara vel með peninga. Hann segir að umræða um hvað hann gerir við peningana nái ekki til hans. „Þetta slær mig ekkert þannig, þetta hefur verið í gangi lengi, frá því að ég fór til Hoffenheim“, segir Gylfi. „Það vita allir að það er vel borgað að spila fótbolta. Þetta er eitthvað sem fylgir því. Ég held að íslenskir fjölmiðlar séu mjög sanngjarnir. Sérstaklega við okkur fótoltamenn, það er jákvæðni í okkar garð, ég get ekki sett mikið út á umfjöllun um mína hagi. Hvort það komi fólk við eða ekki, ég hef ▶

# Útifuglafóður

## Mikið úrval, gott verð

**gæludýr.is**

Smáratorg · Bildshöfði · Grandi · Hafnarfjörður



# Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfriú stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.  
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010

## Stimplar eru okkar fag það eru skiltin líka

Mikið úrval af hurða- og póstkassaskiltum, barmmerkjum, hlutamerkjum, nafnatölflur í fjölbýlishús og fleira



Áratuga reynsla  
Örugg þjónusta

LUNDUR			
ÖLL SALA Í FÉRRU BÓNUS			
10	1001	1002	1003
9	901	902	903
8	801	802	803
7	701	702	703
6	601	602	603
5	501	502	503
4	401	402	403







Erfið stund, svefnatla dugði ekki til að ná sér í svefn eftir leik.



Gylfi og blaðamaður í herberginu umrædda, að viðtali loknu.

ekki neina skoðun á því. Það skiptir mig engu máli hvort fólk viti þetta, eða viti það ekki. Þetta er bara svona, maður lærir að lifa með þessu," segir Gylfi.

„Ég reyni að fjárfesta og koma peningum vel fyrir. Ég veit að ég verð ekki með þessi laun í 40 ár. Þegar ferlinum lýkur verð ég að vera

búinn að tryggja framtíð mína. Ég er ekki fullmenntaður maður, ég hleyp ekkert inn í starf á Íslandi nema það sé þá tengt fótbolta. Maður verður að sjá í framtíðinni hvort maður hafi fjárfest rétt eða ekki.“

#### Svakalegt safn

Gylfi á mikið treyjusafn, búninga

sem hann hefur fengið frá öðrum þekktum knattspyrnumönnum og það er ekki hægt að sleppa honum án þess að fá að heyra hvernig safnið varð til. Hvaða treyja er til dæmis í uppáhaldi?

„Walcott var fyrsta treyjan sem ég skipti og fékk. Það var eftir fyrsta leikinn minn í úrvalsdeildinni. Mér finnst rosalega gaman núna að fá skemmtilega treyju, leikmenn sem ég hef spilað með eða einhver stór nöfn. Ég held að það verði skemmtilegt þegar ferlinum lýkur að eiga þetta safn. Mbappe-treyjan er góð, Modric og Hazard eru geggjaðar. Ég held að ef maður ætti að velja eina sem er í uppáhaldi, þá sé það Lampard.“

#### Finnst leiðinlegt í viðtölum

Gylfi upplýsir blaðamann, þar sem þeir hafa setið í um klukkustund, að hann sé enginn sérstakur áhugamaður um að mæta í viðtöl en blaðamaður hrósar happi þegar í ljós kemur að Gylfi á þá helst við viðtöl þar sem eingöngu er rætt um knattspyrnu.

„Ef ég á að segja alveg eins og er, þá finnst mér leiðinlegt í viðtölum. Skemmtilegast er að fara í viðtöl þegar ekki er verið að tala um fótbolta, heldur eitthvað allt annað. Þá þessi hefðbundnu viðtöl; hvernig mér hafi fundist leikurinn vera

og hvernig stemmingin sé í hópnum. Ég vildi að ég væri að gera eitthvað allt annað. Ég þarf að mæta í flest viðtöl og reyna að gefa eitthvað af mér. Þegar maður er alltaf í þessum viðtölum þá verða svörin bara æfð. Maður fer bara í frasa sem maður man eftir. Ég veit ekki hvað ég hef fengið sömu spurninguna oft og þá er ég með svar á takteinum. Mér finnst skemmtilegt að fara í viðtöl sem eru bara um allt annað en fótbolta. Maður nennir ekki veseni og passar sig að segja ekki eitthvað sem gæti vakið hörð viðbrögð, sem einhverjir hafa eitthvað á móti. Mér var kennt í Reading að tala og viðtals-tækni, að passa sig á hinu og þessu.“

#### Trú og pólitík

Gylfi er nokkuð trúður og fer með bænir. Þá fylgist hann með pólitík af nokkrum áhuga.

„Ég er alveg trúður,“ segir Gylfi. „Ég er ekki alveg á sama stalli og Emil Hallfreðsson. Ég er trúður, ég fer ekki með bænir fyrir leiki en geri það á kvöldin. Ég hef skoðun á pólitík. Eftir því sem maður eldist þá fer maður að þæla meira í því sem er að gerast á Íslandi. Ég hef auðvitað skoðanir á hinu þessu,“ segir Gylfi. Aðspurður um stjórnmálaskoðanir, hvort hann horfi til hægri eða vinstri hugsar Gylfi sig aðeins um. Það er líka komið að kveðjustund. Þessi

geðþekki drengur, jarðbundinn og heiðarlegur og okkar fremsti íþróttamaður síðustu ár, hugsar málið. Svárið er stutt og kannski skynsamlegt: „Ég hef mínar skoðanir en þær koma í ljós síðar.“ ■

## Hraðaspurningar:



#### Erfiðasti andstæðingur?

Hazard, hann er einn sá erfiðasti. Hann snýr bara á þig og er farinn. Yaya Toure, hann er svo stór og sterkur, góður með boltann líka. Tveir ólíkir.



#### Erfiðasta stundin?

Að klikka á vítaspyrnu á HM.



#### Besta stundin á ferlinum?

Skora á HM.



#### Skemmtilegasti völlur að spila á?

Það er geggjað að spila á San Siro en ég held að Old Trafford sé völlurinn, maður skorar alltaf þar. Sem gamall stuðningsmaður United þá er það sérstakt. Það var fyrsti völlurinn sem ég fór á sem ungur drengur, að fara úr því að vera 9 ára gamall og í að spila þar á hverju ári er gaman.



#### Leiðinlegasti andstæðingur?

Lee Cattermole, hann var alltaf í kringum mig sem djúpur miðjumaður. Hann var með óþarfa, hann á víst að vera toppmaður eftir því sem Jordan Pickford segir. Það var samt ekki gaman að mæta honum.



#### Besti samherji?

Gareth Bale.

## BANNER-UP STANDAR



**Ódýr  
og einföld  
leið til að  
kynna  
þína vöru.**



**Sundaborg 1  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is**



## Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía





**KitchenAid**



## JÓLAKAUPAUKI

Öllum KitchenAid Artisan 175/185 hræivélum fylgir glæsileg eldhúsvog að andvirði **11.990** ásamt matreiðslubók á íslensku.

# KITCHENAID FYRIR JÓLABAKSTURINN

Nýja KitchenAid Artisan 185 hræivélalínan inniheldur fjóra glæsilega nýja liti og uppfærðan aukahlutapakka. Auk nýju 2ja tóna 4,9L skálarinnar fylgja vélinni þeytari úr ryðfríu stáli, krómhúðaður hrærari og hnoðari ásamt hveitibraut.



### FJÖLDI AUKAHLUTA Í BOÐI!

Grænmetisneiðari, ísskál, sleikjuarmur sem er nauðsynlegur í baksturinn og pastagerðarvél svo fátt eitt sé nefnt. Kynnið ykkur möguleikana.

### NÝR AUKAHLUTUR!

Sigti með vog sem vigtar, sigtar og skammtar beint út í skálina. Einföld leið að fullkomnum bakstri.

## BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | [rafland.is](http://rafland.is)



# MORÐINGI GIFTIR SIG, ANDVARALEYSI OG EGGJAKAST

■ DV fyrir tíu árum ■ Vildi frekar strjúka ketti en að tala við DV ■ Guðni hætti á þingi

Miklir átakatímar voru í íslensku samfélagi fyrir 10 árum. Þjóðarskútan var á hliðinni og þeir sem voru við völd forðuðust fjölmiðla, og þá sérstaklega DV, eins og heitan eldinn. Umfjöllun um íslenskt efnahagslíf var fyrirferðarmikið í DV á þessum sama tíma en ýmislegt annað áhugavert var einnig að finna á síðum blaðsins fyrir 10 árum. Í helgarblaði DV var að finna ítarlega nærmynd af Geir H. Haarde fjármálaráðherra. Þá neitaði Davíð að svara blaðamönnum og vildi frekar ræða við kött og þá var farið ítarlega í saumana á hræðilegum örlögum Sri Rahmawati sem kom hingað til lands frá Indónesíu í leit að betra lífi en var myrt á hrottalegan hátt af Hákon Eydal. Hákon er nú laus og er kvæntur annarri erlendri konu.

## Morðingi giftir sig

DV fjallaði um sögu Sri Rahmawati í tilefni bókar Ragnhildar Sverrisdóttur blaðamanns sem heitir Velkomin til Íslands og kom út árið 2008. Þar rekur Ragnhildur sögu Sri sem kom hingað til lands 1997 frá Djakarta í Indónesíu, þá 27 ára gömul. Aðeins sex árum síðar varð hún fórnarlamb í einu hrottalegasta morðmáli seinni tíma hér á landi. Fyrirverandi sambýlismaður hennar og barnsaðir, Hákon Eydal, myrti hana að yfirlögðu ráði 4. júlí 2004. Hákon sýndi enga iðrun þegar upp um hann komst.



Vopnaður kúbeini og taubelti murkaði hann lífið úr barnsmóður sinni að yfirlögðu ráði. Hann fékk 16 ára dóm fyrir ódæðið og var dæmdur til að greiða börnum Sri 22 milljónir króna í skaðabætur.

Lögreglan yfirheyrði Hákon 6. júlí en hann játaði ekki fyrr en 28. júlí og var afar erfiður viður eignar í rannsókn lögreglu. Hann leiddi lögreglu á villigötur og sagðist hafa losað sig við líkið í sjóinn á Kjalarnesi. Það reyndist ekki satt. Síðar hefur komið í ljós að nóttina örlagaríku þreif Hákon Eydal kúbein og barði Sri ítrekað með því, þar af fjórum sinnum í höfuðið. Tók hann því næst taubelti og herti að hálsi hennar. Það var víst sá verknaður sem dró Sri til dauða. Hákon bar lík barnsmóður sinnar því næst inn í sturtuklefa og þreif það. Setti hana svo í poka og bar út í bíl. Hann henti farsíma hennar í sjóinn og losaði sig við líkið í hraungjótu í nágrenni Hafnarfjarðar. Þann 3. ágúst árið 2004 vísaði Hákon lögreglu loks á lík Sri Rahmawati eftir



nærri mánaðarlanga leit og rannsókn. Draumurinn um betra líf fyrir hana og börnin hér á landi hafði endað með hörmungum.

Hákon er nú laus og gifti sig á síðasta ári. Kona hans er austurlensk og um 25 árum yngri en hann. Þá eignaðist Hákon barn með konu sinni í lok september.

## Steingrímur sakaði Geir Haarde um aðgerða- og andvaraleysi

Í ítarlegri nærmynd af Geir Haarde, sem á þessum tíma var í eldlínunni vegna Hrunsins, var leitað til Steingríms J. Sigfússonar sem nú er forseti Alþingis. Steingrímur sagði:

„Geir hefur alveg haldið haus í gegnum þetta og reynt sitt besta og verður ekkert sakaður um að hafa ekki reynt að sinna þessum verkum. En mér finnst þó að verkstjórnin og forystan í þessu hafi verið veikulegri en maður hefur viljað sjá.“ Varðandi ríkisstjórnina sem sat í umboði Geirs sagði



Davíð og Eldibrandur Ávallt boðið upp á gúmmelaði.



Steingrímur hana ábyrga fyrir aðgerða- og andvaraleysi.

## Davíð vildi frekar strjúka ketti en að tala við DV

Í DV 19. nóvember 2008 var fjallað um blekkingu Davíðs Oddssonar, þáverandi Seðlabankastjóra og núverandi ritstjóra Morgunblaðsins. Blaðamaður og ljósmyndari DV biðu eftir Davíð við heimili hans með það fyrir augum að spyrja hann út í það misræmi sem fólst í orðum hans hjá Viðskiptaráði og skýrslunni um fjármálastöðugleika frá því í maí það sama ár. Einnig vildi DV fá langþráð viðbrögð Davíðs við ásökunum Sigurðar Einarssonar, fyrirverandi stjórnarformanns Kaupþings, um að Davíð hafi hótad honum að „taka bankann niður“ héldi Kaupþing því til streitu að fá að gera upp í evrum. Davíð kom heim í lögregluþyngd og merktur lögreglubíll tók einn hring í götunni til þess að ganga úr skugga um að gata seðlabankastjórans væri greið. Davíð tók í fyrstu undir kveðju blaðamanns en eftir að hann kynnti sig sem blaðmann DV svaraði Davíð með þögninni. Seðlabankastjórninn gaf sér þó tíma til þess að gæla við pattaralegan kött fyrir utan heimili sitt á meðan blaðamaður reyndi ítrekað að ná sambandi við hann. Eftir að hafa átt orðastað við köttinn gekk Davíð inn og skildi köttinn og blaðmann eftir fyrir utan dyrnar.

## Guðni hætti á þingi

Þann 18. nóvember var greint frá nokkrum tíðindum í íslenski pólitík. Þá tilkynnti Guðni Ágústsson öllum að óvörum á Alþingi að hann væri hættur. Fór hann beint úr atinu í stjórnálmunum

og glímunni við efnahagshrunið á Íslandi í sólina á Kanarí. Guðni neitaði að ræða við DV um ástæður afsagnar sinnar. Blaðamaður og ljósmyndari DV reyndu að ná tali af Guðna á Selfossi en Margrét Hauksdóttir, eiginkona Guðna, sló skjaldborg um eiginmann sinn þannig að hvorki náðist af honum mynd né eitt einasta orð. „Erud þið að elta okkur eða? Hann bað kærlega að heilsa ykkur en myndataka er ekki til umræðu. Það eru til milljón myndir af manningum,“ sagði Margrét við blaðmann.

## Hentu eggjum í átt að Birni Bjarnasyni

Líkt og sjá má á þessari umfjöllun var mikill hiti vegna efnahagsástandsins. Væri hægt að fylla margar bækur af efni um það sem átti sér stað. Við endum þessa yfirreið hins vegar á eggjakasti sem Mercedes Benz-ráðherrabíreið Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, varð fyrir. Björn fjallaði um eggjakasti á bloggsíðu sinni en kvaðst hann hafa heilsað upp á Ómar Ragnarson sem hafi verið á meðal mót-mælenda. Þá nafngreindi hann einnig Katrínu Jakobsdóttur. Hann var þó ekki að saka þau um eggjakast.

Björn sagði að í hádegismatunum hafi Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, spurt hann hvort ráðherrabíllinn fyrir utan væri á hans vegum. „Ég kvað já við því og sagði Jón mér þá, að kastað hefði verið í hann eggjum. Jón Geir, bílstjóri minn, fór á bílnum til að þrifa hann en þegar ég gekk með Illuga Gunnarssyni alþingismanni út úr skálanum var enginn sjáanlegur við þinghúsið.“ ■

## Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði  
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKID ÚRVAL, TRAUST  
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is





# MATHÚS GARÐABÆJAR

Ísland 2016

Borðapantanir í síma 571 3775  
og mathus@mathus.is



## JÓLAHLAÐBORD HEFST 16. NÓVEMBER

TRYGGÐU ÞÉR OG  
ÞÍNUM BORD

MINNUM Á VINSÆLU  
GJAFABRÉFIN  
OKKAR FYRIR JÓLIN





# Vandræðaleg augnablik alþingismanna

DV hefur áður fjallað um seinheppna, spillta, nú eða heiðarlega þingmenn. Í gegnum árin hefur þónokkur fjöldi fengið nafn sitt skráð í sögubækurnar, og þá fyrir hluti sem þeir vilja án efa ekki láta minnst sín fyrir. Hver man ekki eftir þegar Ásmundur Einar ældi yfir nokkur sæti í flugvél WOW air eða þegar Höskuldur Þórhalls-son, þáverandi þingmaður Framsóknarflokksins, stal senunni og greindi fyrir mistök frá ráðherraembættum og hver yrði forsætisráðherra í kjölfar uppþots vegna Panamaskjalanna. DV hefur eins og áður segir fjallað um ýmsar neyðarlegar aðstæður og hér eru rifjaðar upp nokkrar slíkar.

Kristján Kristjánsson  
Ari Brynjólfsson  
ritstjorn@dv.is / ari@dv.is



Ásmundur Einar Ældi í flugvél.



## Ásmundur Einar ældi yfir nokkur sæti í flugvél WOW air

Í maí 2015 komst Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, í kastljós fjölmiðla eftir að hann varð fyrir því óláni að æla yfir nokkur sæti í flugvél WOW air þegar hann fór til Washington til að funda með bandarískum embættismönnum og fleirum. Tvennum sögum fór af ástæðu uppkastanna en Nútíminn sagði hann hafa verið ölvaðan. Þessu vísaði Ásmundur á bug og sagðist hafa verið veikur í maga. Hann sagði í samtali við DV að hann hefði ælt út um allt á leiðinni út til Washington og á leiðinni heim.

Össur Lét  
Baugsmenn  
finna til  
tevatnsins.



## Harðort bréf til Baugsmanna

Össur Skarphéðinsson sendi forsvarsmönnum Baugs tölvupóst snemma árs 2002. Bréfið olli miklum titringi og var Baugsmönnum afar brugðið. Í bréfinu segir Össur að bróðir hans hafi verið rekinn frá fyrirtæki þeirra vegna skoðana Össurar. Hann kallar Baugsfeðga hreinræktaða drullusokka og segist ekki munu gleyma hvernig þeir komi fram við fólk. Þar lætur hann þá eftirminnilegu setningu falla: „You ain't seen nothing yet“ og vísar í að hann láti þetta ekki þagga niður í sér.

Katrín Jakobsdóttir Stillir  
sér upp með mjólkurfernur.



## Mjólkurkonan Kata Jak

Á dögum afhentu fulltrúar Mjólkursamsölnunar og afmælisnefndar fullveldis Íslands Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra Íslands, nýjar mjólkurfernur fyrirtækisins. Fernurnar eru skreyttar með texta og myndum sem tengjast atburðum á fullveldisárinu 1918. Í kjölfarið stillti Katrín sér upp við málverk af Jóni Sigurðssyni með fernurnar í hönd og sat fyrir á nokkrum myndum. Sú regla hefur verið viðhöfð að Alþingishúsið sé ekki notað til þess að auglýsa vörur en Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, vildi ekki meina að um kynningu á vörum væri að ræða heldur tengdist viðburðurinn fullveldisafmælinu.



Sigmundur Davíð  
Garnall íþróttaskór vakti  
heimsathygli.

## Skór Sigmundar Davíðs stálu senunni á fundi hans með Obama

Síðsumars 2013 fundaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra, með Barack Obama, þáverandi Bandaríkjaforseta, ásamt leiðtogum hinna Norðurlandanna. Sigmundur stal eiginlega senunni en ekki vegna umræðna stjórnáráðamanna heldur var það skófatnaður hans sem vakti svo mikla athygli. Á öðrum fæti hans var spariskór en gamall íþróttaskór á hinum. Obama og hinir leiðtogarnir skemmtu sér yfir þessu og ræddu þetta undarlega mál auk heimsálanna. Ástæðan fyrir þessum undarlega skófatnaði var að Sigmundur fékk sýkingu í annan fótinn og títuði hann út. Eftir að lækur höfðu búið um fótinn passaði hann bara í strigaskó svo ekki var um annað að ræða en fara í strigaskó.

**ÚTSALA**  
**30-50%**  
**AFSLÁTTUR AF SKÍÐAVÖRUM**

Íslensku  
**ALPARNIR**

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA



Höskuldur  
Þórhalls-  
son Stal  
þrumu Sig-  
urðar Inga.

## Höskuldarviðvörn

Í aprílbyrjun 2016 varð allt vitlaust í þjóðfélaginu í kjölfar umfjöllunar um Panamaskjölin. Sérstaklega beindust spjótin að forsætisráðherranum, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, sem hafði orðið uppvís að því að eiga aflandsfélagið Wintris ásamt eiginkonu sinni. Mikil spenna var í Alþingishúsinu þann 6. apríl og biðu fjölmiðlamenn eftir fregnum af aðdrifum ríkisstjórnarinnar. Þá kom Höskuldur Þórhalls-son, þáverandi þingmaður Framsóknarflokksins, röltandi niður stiga og tilkynnti í óspurðum fréttum að Sigurður Ingi Jóhannsson myndi taka við sem forsætisráðherra og að Lilja Alfreðsdóttir yrði utanþingsráðherra. Kom það þingmanninum í opna skjöldu að hann væri að segja blaðamönnum fréttir og að hann hefði stolið senunni með eftirminnilegum hætti.



# Góðar stundir

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



## Samfélagsleikhús sem talar til ungmenna

Í Gaflaraleikhúsinu við Víkingastræti í Hafnarfirði er farið yfir víðan völl og séð til þess að sinnt sé markhópi ungmenna á Íslandi. Það má segja að Ísland sé mikil leikhúspjóð en reglulega hefur gleymst að sinna aldurs-  
hópnum 13 til 25 ára.

„Þessi aldurshópur fær ekkert voðalega mikið af leikverkum sem passar fyrir hann,“ segir Lárus Vilhjálms-son, einn af umsjónarmönnum Gaflaraleikhússins. „Við hugsuðum mikið til þessa hóps þegar við fórum af stað með þetta verkefni.“

Gaflaraleikhúsið var stofnað árið 2010 og auk Lárusar standa þau Gunnar Helgason, Björk Jakobsdóttir og Ágústa Skúladóttir að hópunum. Lárus segir það hafa verið stefnu leikhússins frá byrjun að leyfa ungu fólki að skrifa og leika í verkunum.

Lárus segir það setja sérstakan tón í verkið sem hittir betur í mark þegar jafningjar fjalla um veruleika ungmenna og leika unglunga frekar en

að fullorðnir geri það. Lárus segir að það hafi verið mjög nauðsynlegt að auka áhuga ungs fólks á leikhúsi, en áður en Gaflaraleikhúsið hóf göngu sína var lítið í boði sem höfðaði til þess.

„Við mundum alltaf eftir því þegar Þjóðleikhúsið vantaði áhorfendur á leiðinlegustu sýningarnar sínar, þá var kallað á þennan hóp; unglingafjöldann og menntaskólanema. Það var ekki gert til þess að auka áhuga þeirra á leikhúsinu til frambúðar. Okkur fannst þetta ekki góð leið til þess. Ég held að okkur hafi tekist vel til með það.“

**Allir muna eftir fyrsta skiptinu** Hópurinn hefur á síðustu átta árum framléitt tíu ný islensk verk bæði í samstarfi við aðra og upp á eigin spýtur. Á meðal þeirra eru verkin Blakkát, Unglingurinn, Heila Hjarta Typpi, Konubörn, Bakaraofninn, Góði dátinn Svejk og vinur hans og Stefán ris. Eitt erlent verk hefur fengið að fljóta með en það var

verðlaunaverkið Hvítt frá Skotlandi, sem er fyrir yngstu börnin.

Verkið Fyrsta skiptið var frumsýnt í haust í Gaflaraleikhúsinu við frábærar undirtektir. Útlit er fyrir að það verði uppselt á sýningar fram að áramótum að sögn Lárusar. Hann segir sýninguna fjalla á smekklegan og einlægan hátt um kynlíf og allt sem tilheyrir fyrsta skiptinu, umræðu sem ekki allir foreldrar þora að taka við unglunga sína – og öfugt.

„Markmiðið hjá okkur hefur alltaf fyrst og fremst verið að setja upp skemmtilegar og vandaðar sýningar,“ segir Lárus. „Við höfum einnig séð um leiklistarnám fyrir unglingadeildir grunnskólanna í Hafnarfirði síðustu árin og eins höfum við fóstorað leiklistarfélag Flensborgarskóla. Auk þessa hafa danshópar og erlendir leikhópar tekið þátt með fjölda sýninga. Það má því segja að þetta sé líka samfélagsleikhús.“ ■







# Ferðafólk og Íslendingar sækja í snorklið

**S**ilfra er einn besti köfunarstaður á Íslandi og af mörgum talinn vera á heimsmælikvarða. Ástæðan er mikið skyggni í tæru grunnvatninu og stórfenglegt umhverfi Silfru. „Þetta er á skilunum þar sem Evrópuflekinn og Ameríkuflekinn færast í sundur og þau færast um tvo sentimetra á ári,“ segir Héðinn Þorkelsson hjá köfunarþjónustunni Diving Island, en hann fullyrðir að Silfra sé alltaf vinsæll köfunarstaður á meðal heimafólks og ferðamanna.

Héðinn er stofnandi Diving Island og sinnir þjónustunni ásamt Einari Erni Ágústssyni, en köfunarfyrirtækið hefur hlotið stórgóðar undirtektir á vefnum TripAdvisor. Þar eru flestir ummælendur sammála um faglega þjónustu með persónulegum blæ og fróðleik. Þjónustan hófst í fyrrasumar

og hafa viðtökur verið vonum framar.

Héðinn hefur verið virkur kafari í tæp fimmtán ár og segir að þótt enginn skortur sé á köfunarþjónustu, skipti miklu máli að veita fræðslu og persónulega þjónustu. Segir hann það vera ástæðuna fyrir því að Diving Island hugsi smærra og vilji bjóða upp á ferðir með færri fólki í einu. Einnig bætir hann við að það sé mikil samkeppni um snorklið.

„Það er fjöldi fólks sem fer í það, ekki síst vegna þess að skilyrði vegna köfunar í Silfru eru þrengri. Maður þarf til dæmis að hafa köfunarréttindi en þetta eru að mestu snorklarar hjá okkur núna og mikið sóst eftir því. Við reynum að veita fólki sem besta upplifun.“ ■







TJARNARBIÓ:

# Fjölbreytt leikhúsflóra, mannlíf og stemning

Í hjarta miðbæjarins við Tjörnina er Tjarnarbió, eitt af atvinnuleikhúsum borgarinnar. Húsið var endurbyggt og opnað að nýju árið 2010 og í dag er þar iðandi mannlíf og stemning frá morgni til kvölds.

„Hér er gríðarlegur vöxtur, mikill uppgangur í miðasölu og aukning á gestafjölda,“ segir Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri Tjarnarbiós.

Frá miðjum ágúst til loka maí eru æfingar í gangi alla daga og sýningar mörg kvöld í viku. „Við sinnum allri sviðslistaflórinni. Hér er dans, barnaleikhús, hefðbundið og óhefðbundið leikhús,“ segir Friðrik. „Hér er mikið líf allan daginn og kósí stemning á Tjarnarbarnum, kaffihúsinu okkar.“

Tjarnarbarinn er opinn alla daga frá kl. 10 til 17. Á sýningarkvöldum er hann opnaður einum og hálfum klukkutíma fyrir sýningar og er opinn fram til kl. 23. Alla daga er í boði vegansúpa sem Marta, veitingastjóri Tjarnarbarsins, útbýr af stakri snilld. Úrvalið er fjölbreytt og sem dæmi hefur verið boðið upp á baunasúpu og tómatsúpu. Grillaðar samlokur verða á boðstólum fljótlega. Kaffi hússins er líka margrómað fyrir gæði. Einnig má geta þess að meðlimir Einkaklúbbsins fá 2 fyrir 1-tilboð á súpum. Þegar líður á daginn breytist Tjarnarbarinn í bar og fyrir sýningar er Happy Hour-tilboð, sem lýkur þó hálf tíma fyrir sýningar.

„Það er tilvalið fyrir leikhúsgesti að mæta snemma fyrir sýningar á Tjarnarbarinn og byggja upp eftirvæntingu fyrir sýningu kvöldsins. Eftir sýninguna er síðan hægt að ræða og kryfja hvað fram fór á sviðinu,“ segir Friðrik. „Hér eru allir velkomnir, hvort sem þeir eru að fara á sýningu eða ekki og hægt að setjast niður og fá sér veitingar þó að sýning sé inni í sal, það heyrir ekkert á milli. Eftir sýningu má oft finna leikarana úr sýningu kvöldsins á Tjarnarbarnum og þá er tilvalið að heilsa upp á þá. Einnig eru þeir oft í

hádegismat hér.“

Tjarnarbarinn er ekki rekinn í gróðaskyni, heldur rennur hagnaður hans til sjálfstæðu leikhópanna. Einnig er leiklistarbókasafn á staðnum sem tilvalið er að glugga í.

## Dagskráin í Tjarnarbió fyrir áramót

Dagskrá sem er framundan í nóvember og desember er þétt. Þann 30. nóvember er frumsýning á nýju verki sem heitir Rejúnion og verða sýningar í desember og svo aftur eftir áramót. Verkið fjallar um fæðingarþunglyndi, málefni sem hefur verið allt of lítið í kastljósinu. „Ævintýrið um Augastein er jólasýningin okkar en Felix Bergsson hefur glatt unga sem aldna leikhúsgesti með verkinu síðastliðin 17 ár. Nú hefur hann þó ákveðið að breyta til og í ár verður sýningin á sviði hjá okkur í síðasta sinn!“ segir Friðrik.

„Jólaævintýri Þorra og Þuru er nýtt jólaleikrit fyrir yngstu leikhúsgestina og fjölskyldu þeirra og fjallar um gildi jólanna. Svanurinn, spunahópur úr Improv Ísland, verður með sprenglæggilega jólasýningu hjá okkur. Föstudagslögin, sem samanstendur af Stefáni Jakobsyni og Andra Ívarssyni, verða með þrenna jólatónleika og Ari Eldjárn ætlar að koma og hita upp fyrir áramótaskopið sitt. Hann verður með svona prufukeyrslu hér í mun minni sal og fyrir minni hóp en í Háskólabíó,“ segir Friðrik. „Það er fullt af viðburðum framundan og yfirleitt nóg um að vera fimmtudaga til sunnudaga. Oft á laugardögum og sunnudögum eru barnasýningar hjá okkur. Hér er notalegt og skemmtilegt andrúmsloft.“

Allar upplýsingar um Tjarnarbió og viðburði þar má finna á heimasíðunni tjarnarbio.is, Facebook-síðu: Tjarnarbió, síma 527-2100 og á netfanginu tjarnarbio@tjarnarbio.is. ■

Rejúnion fjallar um fæðingarþunglyndi



Þorri og Þura flytja jólaævintýri



Felix Bergsson flytur Ævintýrið um Augastein í síðasta sinn núna fyrir jólin



Svanurinn spunahópur





Salurinn í  
Kærleikssetrinu.

# Það er alltaf gott að koma í Kærleikssetrið

**K**ærleikurinn ræður ríkjum að Þverholti 5 í Mosfellsbæ, en þar er Kærleikssetrið til húsa. Starfsemin stofnaði Friðbjörg Óskarsdóttir árið 2005 og býður hún þar upp á fjöldann allan af meðferðum, námskeiðum, hugleiðslustundum og hópvinnu til þess að heila líkama og sál. „Í Kærleikssetrinu fjöllum við um allt sem lýtur að þroska manneskjunnar, jafnt andlegum, sálrænum og líkamlegum þroska, því það er ekki til sú manneskja sem er bara líkamleg. Öll erum við í senn líkamleg, andleg og sálræn og við þurfum að virkja alla þessa þætti,” segir Friðbjörg.

## Aðventan, tími gleði og notalegra stunda

„Ég vil minna fólk á aðventunni á að spennan ekki bogann of hátt heldur að leyfa sér að njóta. Aðventan er yndislegur tími og hans á að njóta. En það eiga ekki allir jafn gott á aðventunni. Sumir upplifa missi sem veldur miklum sársauka. Þá er mikilvægt að loka sig ekki af, heldur þarf að leita í umhverfi á meðal fólks þar sem manni líður vel. Við Íslendingar erum gjarnir á að kyngja tilfinningunum og dylja þær innra með okkur. Ég tala um magasvæðið okkar sem ruslafötu því þar geymum við óunnar tilfinningar. Maður verður að viðurkenna tilfinningarnar, bæði góðar og slæmar, og vinna með þær. Og margir gera sér ekki grein fyrir að þeir þurfi stuðning í vanlíðaninni. Það er engin skömm í að líða illa. Við verðum að geta losað. Þá getur verið gott að koma í Kærleikssetrið,” segir Friðbjörg.

## Ýmislegt í boði fyrir alla

Kærleikssetrið er með opnar hugleiðslustundir, námskeið, fyrirlestra, skyggnilýsingar, heilun og opið hús svo aðeins eitthvað sé nefnt. „Við erum með barnahópa og að mínu mati mætti kenna einstaklingum slökun og sálarrækt mun fyrr. Helst í grunnskóla. Þetta starf hefur gefist mjög vel og eru börnin og ekki síður foreldrarnir afar ánægðir með árangurinn,” segir Friðbjörg. Kærleikssetrið býður upp á einkatíma í heilun og ráðgjöf, nuddtíma, markþjálfun, reiki, miðlun, tarotspá og íkonamyndir með leiðsögn. Svo er vínahópum boðið upp á notalega kvöldstund með ýmsum skemmtilegum uppákomum.

## Kjarninn

Eftir áramótin gefst tækifæri til að skrá sig í hópa Kjarnans. „Grunnur kennslunnar hjá Kærleikssetrinu er einmitt kjarnavinna, sem er sjálfsvinna. Aðaláhersla er lögð á að tengjast kjarnanum til að styrkja sjálfsmýndina. Einnig er farið í tengingu við æðra sjálfið. Við lærum að tengjast hæfileikum okkar og innri þekkingu sem við höfum öðlast í gegnum líf okkar, bæði núverandi og fyrri líf. Við munum auka næmni og eflum hæfileikann í að hlusta á innsæið, sem er í raun það eina í lífinu sem er fullkomlega treystandi,” segir Friðbjörg.

## Gjafabréf frá Kærleikssetrinu: Gjafir frá hjartanu

„Mér þykir rosalega mikilvægt að velja gjafir frá hjartanu en forðast það að velja gjafir vegna peninga. Gjafir sem koma beint frá hjartanum hafa miklu meira innihald en þær gjafir sem koma út frá peningahugsun.“ Gjafabréfin hjá Kærleikssetrinu eru alltaf vinsælar jólagjafir. „Fólki líður svo vel þegar það kemur hingað og það vill að ástvinum sínum líði jafn vel. Gjafabréfin eru fullkomnar gjafir handa þeim sem vilja gera vel við ástvini sína.“ Í Kærleikssetrinu er einnig rekið lítið gallery þar sem meðal annars eru til sölu hugleiðsludiskar, reykelsi, myndlist og skart.

## Dagskrá framundan

Skyggnilýsing 22. Nóvember kl. 20.  
„Nærandi morgunstund“ Laugar-  
dagur 1. desember 2018 kl. 10-12.  
Síðan eru opnar hugleiðslu-  
stundirnar öll miðvikudagskvöld kl.  
19.30 og eru allir velkomnir í þessar  
yndislegu stundir. Til að finna kyrrð  
og innri frið. „Þetta er góður undir-  
búningur fyrir jólahelgina,” segir  
Friðbjörg.

Nánari upplýsingar má nálgast  
með

Kærleikssetrið er að Þverholti  
5, Mosfellsbæ. Sími 567-5088 og  
862-0884

netfang: [kaerleikssetur@kaerleikssetur.is](mailto:kaerleikssetur@kaerleikssetur.is)

Heimasíða: [kaerleikssetrid.is](http://kaerleikssetrid.is) og  
Facebook: [Kaerleikssetrid.Mosfellsbae](https://www.facebook.com/Kaerleikssetrid.Mosfellsbae). ■



Frá skyggnilýsingafundi í Kærleikssetrinu.



Hjörtur Magni og Friðbjörg  
„Heilunarmessa“ í Frikirkjunni.



Málverk af Yötru. Við  
erum stundum með  
málverkasýningar.



# FULLKOMIN JÓLAGJÖF FYRIR HVERN SEM ER

Óskaskrín er gjöfin sem höfðar til allra. Þú getur valið úr fjölmörgum upplifunum handa þeim sem þér þykir vænt um og fært þeim ógleymanlegar minningar um jólin.

Það er auðvelt að gleðja með Óskaskrín.



Sími 577 5600 | [info@oskaskrin.is](mailto:info@oskaskrin.is) | [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is)



Óskaskrín



ATV REYKJAVÍK:

# Skemmtilegar fjórhjólaferðir fyrir fjölskylduna



**A**TV Reykjavík er lítið fjölskyldu-fyrirtæki, staðsett í nágrenni Reykjavíkur, í aðeins 15 mínútna aksturfjarlægð frá miðbæ Reykjavíkur. Fyrirtækið býður upp á stórskemmtilegar og fjölbreyttar fjórhjólaferðir sem henta bæði byrjendum sem lengra komnum. „Við fjölskyldan rekum fyrirtækið saman, ég, konan mín, hún Hulda Rós Hilmarsdóttir, og börnin okkar, þau Jón Hilmar og Lilja Dís,“ segir Kristján Jónsson.

## Útsýnisferð (The View)

Vinsælasta ferðin hjá ATV Reykjavík er klukkustundar löng ferð þar sem ekið er að Hafravatni og upp á Hafrafell. Toppurinn er 290 metra yfir sjávarmáli og er stórkostlegt útsýni til allra átta. Þaðan er gullfallegt útsýni yfir borgina og Esjuna. Einnig má sjá Hengilssvæðið og allan Reykjanesskaga. Í sérlega góðu skyggni glittir í hinn ævintýrlega fagra Snæfellsjökul. Farið er í ferðina allan ársins hring ef til þess viðrar.

## Útsýnisferð lengri (Super View)

Við bjóðum einnig upp á lengri ferð sem er örlítið meira krefjandi en Útsýnisferðin. Þá er farið upp á bæði Hafrafell og Úlfarsfell. Útsýnið er að sama skapi stórkostlegt eins og í Útsýnisferðinni og frá Úlfarsfelli má enn fremur sjá yfir allan Faxaflóa. Ferðin tekur 2–2,5 klukkustund og er farin allan ársins hring ef til þess viðrar.

## Norðurljósaferðir

Norðurljósaferðirnar eru ekki bara fyrir ferðamennina en á veturna (september–maí) bjóðum við upp á stórskemmtilegar norðurljósaferðir á fjórhjólum. Þá er farin sama leið og í Útsýnisferðinni nema við förum af stað kl. 21.00. Ferðin tekur um það bil 1,5–2 tíma og munum við njóta saman útsýnisins, stjarnanna og norðurljósa ef þau láta sjá sig, með heitt kakó, kaffi eða te í hönd.

## Miðnætursólin

Á sumrin (maí–september) bjóðum við upp á 3–4 klukkustunda miðnæturför þar sem gefst kostur á að upplifa Ísland í sínu allra fegursta skarti, miðnætursólinni. Ferðirnar eru farnar klukkan 21.00.

## Fjórhjólaferðir í jólapakkann



Kristján mælir heilshugar með því að gefnar séu fjórhjólaferðir í jólagjafir. „Svona upplifunargjafir eru virkilega skemmtilegar í jólapakkann, sérstaklega fyrir þá sem eiga allt. Þær taka til dæmis ekkert pláss í bílskúrnum. En svona í alvöru talað, þá eru þetta stórskemmtilegar ferðir sem skilja alveg ótrúlega mikið eftir. Það skemmir svo ekki fyrir að við erum í mjög stuttri akstursfjarlægð frá Reykjavík þannig að það þarf ekki að leggja á sig langa ferð til þess að skella sér á fjórhjól,“ segir Kristján.

## Fjórhjól fyrir alla

Kristján sér um leiðsögn í ferðunum enda mikill áhugamaður um land og sögu auk þess sem hann er gríðarlegur sjarmör. Að hans sögn eru fjórhjólaferðir fyrir alla. „Flestir sem fara í þessar ferðir eru byrjendum og hafa aldrei prófað fjórhjól áður. Fyrir þá sem treysta sér ekki til þess að aka sjálfir, eða eru ekki með bílpróf, þá er alltaf hægt að sitja aftan á því hjólin eru tveggja manna. Börn allt niður í átta ára mega sitja aftan á. Allar okkar ferðir byrja á bænum okkar að Úlfarsfelli 3 þar sem við hvetjum gesti, sérstaklega ef börn eru með í för, til þess að koma og heilsa upp á húsdýrin okkar. Við erum með hesta, kindur og hunda,“ segir Kristján.

Nánari upplýsingar má nálgast á [atvreykjavik.is](http://atvreykjavik.is) og Facebooksíðunni ATV Reykjavík

Úlfarsfellsvegur 35, 113 Reykjavík  
Sími: 861-0006

Netfang: [info@atvreykjavik.is](mailto:info@atvreykjavik.is) ■





PÍLA ER FYRIR ALLA:

# Frábær íþrótt í góðum félagsskap



**P**ilukastfélag Reykjavíkur (PFR) var stofnað árið 1994, félagið heldur utan um pilukast á Stór-Reykjavíkursvæðinu og eru félagsmenn í dag yfir 100 talsins af báðum kynjum.

„Pilukast á Íslandi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og er landslið okkar, sem er alltaf skipað okkar bestu spílurum, farið að skila árangri á alþjóðamótum,“ segir Björgvin Sigurðsson, formaður PFR. „Á hverju ári heldur Íslenska pilukastsambandið (ÍPS) alþjóðamót, Iceland Open, en þá gefst erlendum spílurum kostur á að keppa hér heima og fá stig á heimlistann.“ Samhliða auknum áhuga á pilukasti hafa komið nýjungar á kynningu sportsins en það eru beinar útsendingar á netinu, Live dart Iceland.

## Liðakeppni á mánudögum

Alla mánudaga frá byrjun september til maíloka heldur PFR liðakeppni, en í henni eru 16 lið í tveimur deildum, í hverju liði eru frá 5–8 manns. „Allflestu fimmtudaga eru einnig haldin mót á vegum félagsins. Stórmót eins og Meistaramótin okkar og mót á vegum ÍPS eru svo haldin um helgar,“ segir Björgvin. „Þegar þú gerist félagi í PFR ertu sjálfkrafa meðlimur í ÍPS og getur sótt stigamót, sem eru haldin fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði, og safnað stigum til landsliðs.“

## Frábær aðstaða – Allir velkomnir

- Ertu með spjald í skúrnum ?
- Er piluspjald í vinnunni ?
- Eru þið hópur félaga sem hittast og kasta pílu ?

PFR er í dag í 300 fermetra húsnæði að Tangarhöfða 2. Í salnum eru 16 piluspjöld og eitt svið þar sem spilaðir eru úrslitaleikir. „Það eru allir velkomnir að kíkja til okkar, spila við aðra og kynna því sem er í gangi í sportinu,“ segir Björgvin. „Við í PFR viljum endilega bjóða fleirum að ganga í klúbbinn og taka þátt í þeirri miklu starfsemi sem er í gangi hjá okkur. Pilukast er fyrir alla aldurshópa og því eru allir velkomnir að ganga í félagið okkar.“

## Öflugt unglingsstarf

Fyrir tveimur árum setti ÍPS á stofn unglingslandslið, auk þess að styðja við félagsliðin sem halda úti unglingsstarfi. „Markmiðið var að efla og auka áhuga ungmenna á pilukasti. Pilukast er skemmtileg íþrótt sem hentar vel með þeim íþróttum sem eru stundaðar hér á Íslandi í dag,“ segir Pétur Rúrik Guðmundsson unglingslandsliðsþjálfari.



Unglingalandslið Íslands tók þátt í Evrópukeppni unglunga 2017 og 2018. Félaglið halda úti æfingum á Akureyri, í Reykjavík, Grindavík og Reykjanesbæ. „Auk þess hafa verið haldnar æfingar fyrir áhugasama unglunga þar sem óskað hefur verið eftir því.“

Einnig hefur Live Darts Iceland sýnt frá Íslandsmóti unglunga 2017 og hafa unglingslandsliðsmenn verið að taka þátt í mótum erlendis með góðum árangri. Alex Máni Pétursson, Íslandsmeistari unglunga síðustu þrjú ár, vann Finniska opna pilumótið á þessu ári. „Það hafa margir lagt hönd á plóginn og þessi

uppgangur sem á sér stað í pilukastheiminum hefur klárlega snert okkur hér á Íslandi, bæði hjá unglungum sem og fullorðnum.“

Nýlega fékk PFR boð um að keppa á einu af stærstu unglingsmótum í pilukasti, sem er haldið í Bristol á vegum JDC (Junior Darts Corporation) í Bretlandi, og eru fjórir drengir að fara að keppa undir merkjum Íslands. „Þetta gefur okkur byr undir báða vængi í að halda áfram að efla unglingsstarfið og virkja bæði foreldra og unglunga til að stunda þessa skemmtilegu íþrótt.“

## Leynist pilukastari í þér

Allir unglingar eru velkomnir að mæta og prófa pilukast.

Æfingartímar:  
Mánudagar kl: 17–18 – Tangarhöfði 2 – Pilukastfélag Reykjavíkur  
Þriðjudagar kl: 17–18 – Keilisbraut 755 – Pilufélag Reykjanesbæjar og Pilufélag Grindavíkur

Allar upplýsingar um Pilukastfélag Reykjavíkur má finna á heimasíðunni: [www.pila.is](http://www.pila.is), Facebook-síðu: Pilukastfélag Reykjavíkur og í netfanginu: [pilapfr@gmail.com](mailto:pilapfr@gmail.com). \*



# Aldrei of seint að fara á skauta



**A**ldrei er neinn of gamall til þess að taka upp skauta og leika listir sínar, sama hvert tilefnið er. Hjá Skautafélagi Akureyrar, sem er í eigu Akureyrar, eru stund- aðar æfingar hjá þremur deildum félagsins; listhlaupadeild, ishokkideild og krulludeild. Að sjálfsögðu er skautafélagið einnig opið fyrir almenning til skemmtunar og heilsuæfinga.

Skautahöllin hentar fyrir afmæli, fjölskyldusamveru og einfaldlega góða hreyfingu. Búið er upp á að leigja svellið fyrir bæði hópa og fyrirtæki, á þeim tíma sem ekki er önnur starfsemi í húsinu, í hópefli, afmæli, krullu eða hokki. Nú er einnig búið að endurnýja skauta leigunnar, þannig að bæði býðst að nota plast- og leðurskauta sem verða allir komnir í hillurnar í desember. Jafnframt er búið að bæta við skautum, hjálmum og hjálpartækjum fyrir allra yngstu börnin svo allir ættu að geta fundið góðan búnað við sitt hæfi.

Skautahöllin er ætluð öllum aldurs- hópum og er frábær til þess að halda upp á afmæli og aðra merkisatburði. Æfingar fyrir börn og unglíngar eru á vegum Skautafélags Akureyrar. Þess má einnig geta að í Skautahöllinni verður jólapema allan desember og sérstakt jólaball fyrir börnin sunnudaginn 9. desember.

Opið er föstudaga, laugardaga og sunnudaga klukkan 13–16 og skautadiskóin vinsælu eru öll föstudagskvöld klukkan 19–21. ■







VISITOR:

# Draumajólagjöfin er ferð á enska boltann!

Ívetur hefur ferðaskrifstofan Visitor boðið upp á hópferðir á enska boltann með íslenski fararstjórn. Allar ferðir hafa selst upp og vakið mikla lukku. Þó að ferðirnar höfði vitanlega sterkt til knattspyrnuáhugamanna þykja þær líka vera mjög fjölskylduvænar. „Þetta er kjörið tækifæri til að bjóða afa í draumaferðina á sjötugsafmælinu hans, svo dæmi sér tekið,“ segir segir Sigurður Hlöðversson, Siggí Hlö, hjá Visitor, og bætir við að oft fái fermingarbörn boltaferð í fermingargjöf. Að sjálfsgöðu eru þessar ferðir líka frábærar jólagjafir. „Hóparnir okkar eru blandaðir og þarna gefst tækifæri til að sameina ljúfa helgarferð sem er í senn verslunarferð, fótboltaferð og gert vel við sig í mat og drykk,“ segir Siggí.

Visitor er með 50 miða á alla heimaleiki Manchester United á Old Trafford og Liverpool á Anfield.

„Fyrirtæki sem vilja fara með starfsfólk sitt til útlanda ættu að hafa samband við okkur mjög snemma í ferlinu því þessi fargjaldafuruskógur er ótrúlegur. Fargjöld hækka daglega fram að brottfarardegi og versti óvinur skemmtinefnda sem eru að spá í flugfargjöld og gistingar eru allar þessar leitarvélar sem sýna þér hagstætt verð, en þegar þú ert kannski með 30–80 manna hóp er bara allt annað í gangi,“ segir Siggí Hlö, en Visitor sérhæfir sig meðal annars í árshátíðarferðum og öðrum hvataferðum fyrirtækja til útlanda.

Visitor hefur áralanga reynslu af bókunum og skipulagningu hópferða og er beintengt við bókunarkerfi sem bjóða upp á hagstæðar ferðir. Visitor veitir persónulega þjónustu til jafnt lítilla sem stórra aðila og léttir mjög álagi og streitu af skemmtinefndum fyrirtækja sem oft standa í ströngu til að láta hópferðina verða sem fullkomnasta.

Sala ferða og upplýsingar um allar ferðir er að finna á vefsíðunni [www.visitor.is](http://www.visitor.is) eða í söluveri í síma 578-9888. ■







THAI NUDDSTOFAN:

# Aldagamlar aðferðir, ótrúleg virkni

**U**pprunalegt Thai-nudd er aldagömul heilunaraðferð sem kemur úr dýpstu rötum búddískrar menningar í Asíu. Það er framkvæmt með fjölbreyttum aðferðum svo sem jórgastöðum og þrýstitækni. Thai Nuddstofan býður upp á guðdómlegar nuddmeðferðir sem lætur stressið, kvíðann og vöðvabólguna líða úr líkamanum á undraverðan hátt. Ekki skemmir fyrir hvað stofan er notalega og fallega innrétuð. „Ég býð alla velkomna inn í Zen-draumheim sem veitir slökun á huga, líkama og sál,“ segir Joomjan Konkhan nuddmeistari.

## Thai-nuddmeðferðir: Alhliða árangur

Thai-nudd er stórkostleg og heildræn meðferð þar sem ýmsum aðferðum er beitt: Þrýstimeðferð, svæðanuddi á iljar, orkubrautavinnu, teygjum og jóga. Til að beita

þessum aðferðum notum við lófa, þumla, framhandlegg, hné og fætur. Árangur er aukið orkuflæði, það losar um spennu, eykur lífsþrótt og skapar fullkomið jafnvægi á milli líkama og huga. Alhliða Thai-nudd tekur 60 eða 90 mínútur.

## Bak-, herða- og höfuðnudd: Dásamleg liðan


Dásamlega endurnærandi meðferð sem er sérstaklega hönnuð til að losa um spennu og létta á höfuðverk. Þessi 30 mínútna meðferð gefur slökun, endurnærir og skapar frið og æðrúleysi til að takast á við hvað sem framundan er.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Thai Nuddstofan.

Thai Nuddstofan er staðsett á annarri hæð, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík

Sími: 892-3899

Opíð er frá 09-20 alla daga. ■







**S**nyrtistofan Dimmalimm má með sanni segja að sé fallinn gimsteinn í hjarta Árbæjar. Húsakynnin eru notaleg og starfsfólkið veitir faglega, vandaða og góða þjónustu. „Við leggjum mikið upp úr því að viðskiptavinir okkar hafi það gott hjá okkur, geti slakað vel á og látið amstur dagsins líða úr sér í róandi og slakandi andrúmslofti hér á stofunni hjá okkur,” segir Svana.

„Við bjóðum í raun upp á allt þetta hefðbundna þegar kemur að snyrti- og dekurmeðferðum, þ.e. litun og pökkun, augnháralyftingu, hand- og fótameðferðir, nudd, vax og fleira en mig langar sérstaklega að nefna andlitsmeðferðirnar okkar. Við erum nefnilega með mjög flott úrval af andlitsmeðferðum, bæði dekurmeðferðir og róttækari andlitsmeðferðir,” segir Svana.

#### **Dermatude Meta Therapy – Andlitslyfting án skurðaðgerðar**

Dermatude Meta Therapy er með virkari andlitsmeðferðum sem Dimmalimm býður upp á. Meðferðin er algerlega náttúruleg og sársaukalaus. Um er að ræða ósýnilega örgötun húðarinnar sem virkjar hana til að laga sig sjálf ásamt því að notuð eru virk efni. Meta Therapy örvar kollagen- og elastínframleiðslu, gefur raka og næringu og húðin verður stinnari og þéttari. Meðferðin vinnur meðal annars á línunum, hrukkunum, örnum og litabreytingum. „Þessi meðferð er frábær kostur bæði fyrir konur og karla sem vilja virka andlitsmeðferð. Við mælum yfirleitt með átta skipta kúr á 12 vikna tímabili, en samt sem áður er gríðarlegur munur eftir eingöngu eitt skipti,” segir Svana.

#### **Ávextir í andlitið**

„Ávaxtasýrumedferð með C-vítamíni er önnur frábær andlitsmeðferð sem við bjóðum upp á. Hún er ekki jafn róttæk og Meta Therapy en engu að síður mjög frískandi og góð meðferð. Þessi er rosalega góð fyrir húð sem vantar smá ást. Meðferðin er tvífasa húðflögnunarmedferð sem er í senn

endurnýjandi og andoxandi. Sýrurnar vinna á finum línunum, hrukkunum, örnum og litaflekkjum auk þess að gefa húðinni raka og ljóma. Meðferðin er oft tekin í kúrum og mælum við oftast með fjórum til sex skiptum. Annars er meðferðin mjög gott búst fyrir húðina og er töluverður munur eftir eitt skipti,” segir Svana. Einnig er boðið upp á hefðbundnari andlitsmeðferðir með nuddi, húðhreinsanir, andlitsmeðferðir með rafmagnstækjum og styttri meðferðir eins og rakameðferð.

#### **Dekurpakkar**

„Gjafabréfin okkar hafa notið gríðarlegra vinsælda í hinar ýmsu gjafir og nú þegar liður að jólum mæli ég svo sannarlega með þeim. Tilvalin gjöf handa þeim sem eiga allt og vantar ekkert nema notalega, slakandi stund fyrir sjálfan sig. Hægt er að kaupa gjafabréf í öllum verðflokkum, velja upphæð, meðferð eða setja saman sína eigin dekurpakka. Við aðstoðum auðvitað við val á meðferðum og svo er auðvitað alltaf hægt að skipta út ef handhafi gjafabréfsins vill gera það,” segir Svana.

#### **Frábært í dekurpakkann**

„Í dekurpakkann mæli ég alltaf með andlitsmeðferðunum okkar, fót-snyrtingu og svo sérstaklega með Tranquility Pro Sleep Massage. Þetta er afar endurnærandi líkamsmeðferð fyrir huga, líkama og sál. Meðferðin slekkur alveg á heilanum og er rosalega flott gjöf fyrir fólk sem er stressað í jólaösinni eða þarf að kúpla sig út. Við leggjum mikið upp úr að gjafabréf séu falleg gjöf og koma þau því í gjafapoka með fallegri slaufu. Einnig erum við með glæsilegar gjafapakningar eins og vanalega, á frábæru verði frá Comfort Zone og Dermatude vörunum sem við notum hér á stofunni,” segir Svana.

#### **Jólagleði**

Þess má geta að 1. desember verður skemmtileg jólagleði í verslunarkjarnanum þar sem Dimmalimm er staðsett. Það verður alls konar

húllumhæ, jólasveinar verða á stjá, afslættir af vörum og gjafabréfum og hægt verður að gera góð kaup og fá ráðgjöf við val á snyrtivörum og meðferðum.

Nánari upplýsingar má nálgast á [dimmalimm.is](http://dimmalimm.is)

Hraunbær 102a (fyrir aftan Árbæjarblóm)

Opið er alla virka daga frá 10–18 ■







KLIFURHÚSIÐ:

# Það er engin leið að hætta að klifra

nnanhússklifur er sívaxandi áhugamál á Íslandi og víða um heim. „Hér á landi eru um tæplega 1.500 félagar sem stunda klifur reglulega í Klifurhúsinu,” segir Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurhússins. Klifursambandið sótti fyrir stuttu um aðild að ÍSí og hafa sprottið upp Klifurhús um land allt.

## Klifur er lífsstíll

„Þeir eru að byggja klifurhús á Grundarfirði, einnig er verið að stækka klifurhús á Akureyri og svo er verið að setja upp klifurveggi í Skaftafelli,” segir Benjamin sem stundar klifur bæði utanhúss og innan af miklum krafti. „Klifur er lífsstíll og þegar menn byrja þá eiga þeir erfitt með að hætta. Þetta er svo gaman,” segir Benjamin.

## Allir geta klifrað

Í Klifurhúsinu eru í boði ýmist opnir tímar eða lokaðir og margs konar námskeið fyrir alla aldurshópa. „Við erum með barna- og unglínganámsskeið hér fyrir 5 til 18 ára en einnig kennsla fyrir alla aldurshópa. Elstu þátttakendurnir eru um sextugt,” segir Benjamin. Klifurveggirnir eru smíðaðir úr timbri og á gólfinu fyrir neðan er stór dýna sem þátttakendur hoppa niður á í lok klifursins. „Í Klifurhúsinu er stunduð svokölluð „grjótglíma“, þar sem klifurveggurinn er mjög brattur en klifurhæðin lítil, eða um 4–6 metrar. Einnig eru lagðar línuklifurleiðir fyrir þá sem eru að æfa það,” segir Benjamin.

## Eflir styrk, liðleika og þol

Að sögn Benjamins reynir klifrið bæði á styrk og liðleika. „Það er enginn munur á getu stráka og stelpna. Þótt strákarnir fari langt á kraftinum þá eru stelpurnar oftast með betri tækni. Hugtakið tækniklifur er þekkt enda eru tækni og liðleiki mikilvægir þættir í þessu sporti.“ Klifrið eflir allt í senn, þol, liðleika og styrk, og hentar fólki á öllum aldri. „Til dæmis getur maður aldrei orðið of sterkur í fingrunum en klifrið eflir mjög fingrastyrk. Það er nokkuð sem fólk er almennt ekki að þjálfast með

sér. Fyrsta skiptið er í raun alltaf erfiðast þó svo að sé óneitanlega alltaf skemmtilegt að prófa klifur. En þegar maður byrjar að mæta reglulega í klifur, kannski 2–3 skipti í viku, er maður fljótur að sjá árangurinn og er ótrúlegt hvað sumir hafa náð langt á stuttum tíma,” segir Benjamin.

## Klifur fyrir byrjendur og lengra komna

Það þarf ekki að fara á námskeið til að kynnast klifrinu né þarf að kaupa sér aðgöngukort, hægt er að mæta á staðinn og kaupa sér stakan tíma og leigja klifurskó. Klifurleiðunum er raðað upp í mismunandi erfiðleikastig þannig að byrjendur geta valið leið sem hentar þeim fullkomlega á meðan meira krefjandi leiðir eru í boði fyrir þá sem eru lengra komnir.

## Hópar klifra

„Það er kjörið fyrir litla hópa að koma hingað og eiga góða stund saman. Klifurhús spretta víða upp erlendis og eru að verða mjög vinsælir samkomustaðir. Fólk hittist, fær sér kaffi og spjallar, og klifrar síðan saman í tvo tíma. Þetta kemur algerlega í staðinn fyrir að hittast á barnum. Það er alveg jafn sjálfsagt að hittast í klifri eins og að hittast á kaffihúsi eða krá. Og svo fær maður mikla og góða hreyfingu í leiðinni,” segir Benjamin, en bætir svo við að það megi líka kíkja á barinn eftir klifrið, hann hafi ekkert á móti því.

## Gefðu klifur

Gjafabréf hjá Klifurhúsinu eru mjög vinsæl í jólagjafir. „Fólk er ýmist að kaupa mörg skipti fyrir þá sem hafa komið áður, eða bara eitt skipti fyrir þá sem hafa ekki prófað klifur. Þetta er skemmtileg gjöf sem menn búast ekki endilega við,” segir Benjamin.

Nánari upplýsingar um Klifurhúsið er að finna á vefsíðunni klifurhusid.is og Facebook-síðunni Klifurhúsið.

Opið er alla virka daga frá 11.30–22.00 og um helgar 12.00–18.00

Netfang: klifurhusid@klifurhusid.is





LISTASAFN REYKJAVÍKUR:

# Myndlist í skammdeginu

Listasafn Reykjavíkur telur þrjú listasöfn. Það eru Hafnarhúsið við Tryggvagötu, Ásmundarsafn við Sigtún og svo Kjarvalsstaðir við Flóka-götu. „Við skiptum ört um sýningar og í dag eru 8 sýningar í gangi. Það hafa alls verið átján sýningar í söfnunum þetta árið og fleiri á döfinni. Því ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,” segir Áslaug Guðrúnardóttir, kynningar- og markaðsstjóri Listasafns Reykjavíkur.

## Litapema

„Í Hafnarhúsi eru fjórar ólíkar sýningar sem sameinast í þemanu „litur“. Fyrst má nefna verk eftir Erró. Sýningin nefnist Svart og hvítt og samanstendur af ólíkum verkum sem eru öll svarthvít. Þau tengjast þemanu með því að vera laus við lit,” segir Áslaug.

Verk á sýningu Ingólfs Arnarssonar, Jarðhæð, tengist þemanu að því leyti að verkin virðast við fyrstu sýn litlaus, en þegar betur er að gáð má greina daufa litatóna. Sýningin Litur: Skissa II samanstendur svo af nýlegum verkum úr safneign listasafnsins. „Verkin eru öll í lit og virka sem mótvægi við Errósýninguna,” segir Áslaug.

## Sólarströnd á listasafni

Í D-sal Hafnarhúss sýnir safnið verk nýrra og upprænnandi listamanna og nú stendur yfir sýning Mariu Dalberg, Suð. „Sterkur gulur litur er í þeirri sýningu og er notalegt að koma þangað inn í skammdeginu og baða sig í gula litnum. Þetta er svona eins og að koma á sólarströnd,” segir Áslaug. Þess má geta að sýningunni lýkur 25. nóvember.

## Andstæður á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum standa yfir tvær sýningar. Annars vegar er sýning á málverkum Kjarvals sem heitir „lífgjafi stórra vona og samanstendur af landslagsmyndum og málverkum af fólkinu hans Kjarvals. „Þar er t.d. málverk af leigubilstjóranum sem keyrði Kjarval alltaf upp á Þingvelli. Myndirnar segja sögu Kjarvals á skemmtilegan hátt,” segir Áslaug. Hins vegar er yfirlitssýning á verkum Haraldar Jónssonar. Sýningin spannar 30 ára feril og heitir Róf og er skemmtileg andstæða við hefðbundin málverk Kjarvals.

## Verk sem flæða

„Haraldur er flinkur að tengja verkin við sýningargesti og umhverfið. Hann fékk íbúa á Flókaötunni til þess að byrgja glugga sína með lituðum gluggatjöldum frá honum og þannig flæða listaverkin út úr safninu, yfir götuna og inn í einkarýmið. Einnig flæðir verk út úr safninu á völdum sunnudögum þegar gestum gefst kostur á að láta taka úr sér blóð og fá það með sér heim. Þannig fer listaverkið inn í, og út úr manneskjunni og hún verður partur af verkinu. Verkið heitir Blóðnám. Fyrir utan safnið eru svo tvö hljóðverk sem ég hvet gesti og gangandi til að koma og hlusta á,” segir Áslaug.

## Innrás í Ásmundarsafn

Í Ásmundarsafni stendur nú yfir sýning á höfundarverki Ásmundar Sveinssonar frá upphafi. Enn fremur hefur fjórum listamönnum verið boðið að koma og gera listræna innrás inn í sýningarrýmið. Síðasta innrásin stendur nú yfir og er í höndum Margrétar Helgu Sesselju-dóttur og nefnist Innrás IV.



Svart og hvítt. Erró.



Sólveig Aðalsteinsdóttir. Án titils. 1993.



## Spennandi viðburðir

Það er alltaf eitthvað um að vera í söfnunum og margs konar viðburðir í gangi. Fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði kl. 20.00 er Hafnarhúsið t.d. með kvöldstund fyrir þá sem vilja kynna sér betur myndlist í nútímanum. „Við bjóðum öllum sem hafa áhuga að koma og fá heildarleg svör við því sem þeim liggur á hjarta varðandi myndlist í samtímanum. Við viljum vikka sjóndeildarhring sem flestra og okkar vilji er að myndlist sé fyrir alla,” segir Áslaug.

Nánari upplýsingar má nálgast á <http://listasafnreykjavikur.is/>

Netpóstur: [listasafn@reykjavik.is](mailto:listasafn@reykjavik.is)

Hafnarhús Tryggvagata 17

Sími: 411-6400

Opið: 10-17, fimmtudaga 10-22

Kjarvalsstaðir Flóka-gata 24

Sími: 411-6420

Opið: 10-17

Ásmundarsafn Sigtún

Sími: 411-6430

Opið: maí-september 10-17

október-apríl 13-17 ■



Jóhannes S. Kjarval. Esja í febrúar.

Verk Ingólfs Arnarssonar af sýningunni Jarðhæð eða Ground Level.



List fyrir fólkið. Ásmundur Sveinsson.





ENN MEIRI UPPLIFUN:

# Fótboltaferðir, æfingaferðir og golfferðir



**F**ótboltaferðir ehf. er sérhæfð ferðaskrifstofa sem býður upp á ferðir á leiki í ensku úrvalsdeildinni, æfingaferðir til La Manga og Torre Vieja og golfferðir til sömu staða. Gjafabréf hjá Fótboltaferðum eru frábær jólagjöf fyrir þá sem þyrstir í ævintýri og upplýftingu eftir áramótin.

Í fótboltaferðum er lögð áhersla á gistingu á góðum hótélum og vel staðsettum, þaðan sem gott aðgengi er á leikinn. Jafnframt er lögð áhersla á þægilegt flug. Þrátt fyrir þetta er verðið hagstætt.

Ferðir á eftirfarandi stærleiki eru meðal annars fram undan hjá Fótboltaferðum snemma á næsta ári:

- Liverpool – Leicester
- Arsenal – Chelsea
- Man. City – Arsenal
- Man Utd. – Liverpool

Fjöldmargir aðrir leikir eru í boði, sjá nánar á [fotboltaferdir.is](http://fotboltaferdir.is), ásamt upplýsingum um verð, flug og gististaði. Fyrir utan að bjóða upp á þær ferðir sem getið er um á vefsíðunni bjóða Fótboltaferðir einnig upp á þá þjónustu að sérsníða ferðir fyrir einstaklinga og hópa.

## Æfingaferðir og golfferðir

Fótboltaferðir ehf. býður einnig upp á æfingaferðir og golfferðir til La Manga og Torre Vieja. Þar er að finna nokkra af flottustu golfvöllum Evrópu og einn þeirra er endurhannaður af hinum fræga hönnuði Arnold Palmer. Nánari upplýsingar um æfingaferðirnar og golfferðirnar eru veittar í síma 851-1500.

Við itrekum síðan að ítarlegar upplýsingar um allar fótboltaferðir er að finna á glæsilegri vefsíðu Fótboltaferða, [fotboltaferdir.is](http://fotboltaferdir.is).

Fótbolta-, æfinga- og golfferðir eru frábær jólagjöf. Hringdu í síma 851-1500 og fáðu upplýsingar um gjafabréf. ■



**FÓTBOLTAFERÐIR**  
FYRIR ÞÁ SEM VILJA ENN MEIRI UPPLIFUN





# Skalli býr til sinn eigin ís sem þú færð hvergi annars staðar

Við gerum ísinn sjálfir, bæði í Ögurhvarfi og á Selfossi, og það er enginn með þennan ís nema við. Við erum með alvöru rjómaís, mjög góðan, og síðan erum við með þennan gamla, kalda ís, sem er vatnskenndur, en hann er mjög vinsæll hjá unga fólkinu,” segir Jón Magnússon, eigandi Skalla í Ögurhvarfi.

Ísinn hefur ávallt verið aðalmerki Skalla og stendur alltaf fyrir sínu og nýtur alltaf jafnmikilla vinsælda.

„Ef það bara rétt glittir í sólina þá bókstaflega fyllist allt hérna, sólin fyllir alla lífsgleði og allir vilja fá sér ís,” segir Atli Jónsson, sonur Jóns Magnússonar. Þeir feðgar reka Skalla í Ögurhvarfi. Skalli er líka á Selfossi, þar eru aðrir eigendur en náði samstarf er á milli staðanna og á Selfossi er sami góði Skallaisinn einnig búinn til frá grunni á staðnum.

Skalli er líka vinsæll vegna mikils úrvals góðra skyndirétta og er í senn veitingastaður og ísbúð. Íssalan tekur

mikinn kipp á sumrin, ekki sist ef sést til sólar, eins og fyrr segir. Girnilegur, fjölbreyttur og ferskur nammibar spillir þar ekki fyrir.

Skalli á sér langa sögu og hóf starfsemi sem sjoppa og ísbúð í Lækjargötu árið 1973. Það voru í raun nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík sem gáfu staðnum nafn:


„Í Lækjargötu var sjoppa áður en Skalli var opnaður en hana rak sköllóttur maður. Menntaskólakrakkarnir töluðu um að kíkja á skalla þegar þeir

fóru í þá sjoppu og þar með varð nafnið til,” segir Atli.

Mynd: © 365 ehf / Stefán Karlsson

Eins og mörg góð fyrirtæki hvílir Skalli á gömlum grunni en þróast jafnframt í takt við tímann og er sívinsæll. Sem fyrr segir er Skalli á tveimur stöðum, í Ögurhvarfi 2 í Kópavogi og á Austurvegi 6 á Selfossi.

Á báðum stöðunum er ísinn aðalmerkið en fjölbreytt úrval góðra skyndibita nýtur einnig mikilla vinsælda. ■





# Framandi lönd og jákvætt hugarfar í fyrirrúmi

**H**já ferðaskrifstofunni Bjarmalandi er áhersla lögð á metnað og fagmennsku. Stuðlað er að vináttu þjóða og að fólk heimsæki framandi lönd með opna arma og jákvæðan huga. Þetta er gert með vönduðum menningar-

og söguferðum um allan heim, allt frá siglingum á stórfljótum Evrópu til ævintýraferða í Asíu, Afríku og Ameríku. Fyrirtækið leggur einnig áherslu á persónulega og vandaða þjónustu, þar sem starfsfólk er bæði vel menntað og þaulreynt

í faginu, og náttúru- og mannvæn gildi í heiðri höfð.

Snemma á næsta ári býður ferðaskrifstofan upp á sérstakar ferðir; hátíðarferð til Moskvu, ferð til Inlands í febrúar og Úsbekistan auk Túrkménistan í Mið-Asíu um

páskana, næstkomandi apríl. Því er kjörið tækifæri til þess að koma sínum nánustu á óvart með hlýrri gjöf til einhvers framandi staðar. Það er aldrei of seint að kynna nýjum slóðum. ■

## Framhald jóla í Moskvu

Jólin eru mesta vetrarhátið Rússa en þau halda þeir á þrettándann – þann 6. janúar. Ævintýraljómi svifur yfir vötnum, skemmtiatriði eru á strætum og torgum og ilmur jólaglöggs í lofti. Stór jólamarkaður verður á sjálfu Rauða torginu og ys og þys á skautasvellinu þar. Hægt er að fara á ballett, tónleika og óperu, auk þess sem stórbrotinni menningu og sögu Rússaveldis verða góð skil.



## Inland

Inland er einstakt og að koma þangað er eins og að verða ástfangin í fyrsta skipti – það gleymist aldrei.

Í landi andstæðnanna er kýrin er heilagt dýr. Landið, sem fljótlega verður fjölmennasta ríki heims, er eins og heil heimsálfa með öll sín þjóðarbrot, tungumál og trúarbrögð.

Hér skiptast á fátækt og ríkidæmi, austræn og bresk áhrif, hindúismi og íslam.

Ferðin hefst á „Gullna þríhyrningnum“ – dýrunum að hinu ævintýrlega og dularfulla Inlandi, einu elsta menningarriki heims. Litadýrð, gestrisni og hlýtt viðmót Indverja er nokkuð sem lætur engan ósnortinn en heimspeki og lífsviðhorf þeirra er mikil andstæða streitu Vesturlandabúa. Við kynnumst höfuðborginni Delí – gamla og nýja hlutanum, bleiku hallarborginni Jaipur

og Agra, þar sem sjálft „Hof ástarinnar“ Taj Mahal bíður okkar í allri sinni dýrð.

Í lok ferðar halda áfram vandaðar skoðunarferðir í bland við afslöppun og hvíld við eina af bestu baðströndum heims í suðurhluta Inlands – Góa. Mikil andstæða við íslensk vetrarveður.



## Mið-Asía um páskana

Silkileiðin mikla í Mið-Asíu er verslunarleiðin sem tengdi tvær helstu síðmenningar heims á miðöldum – austríð og vestríð. Öldum saman fóru hér úlfaldalestir um á leið sinni frá Kína til Miðjarðarhafslanda; varningurinn var silki, krydd, geimsteinar og postulín. Tashkent, Samarkand og Bukhara eru borgir sem allt til dagsins í dag geyma sögu um stórvirki meistara á borð við Alexander mikla og Gengis Khan, að ógleymdum hetjum heimamanna, Tímurlan, barnabarni hans Ulum Bek, stjörnu- og stærðfræðingi, og Ómari Khajam vtríngi.

Í ferðinni kynnumst við þessari stórmerkilegu sögu, skoðum fornar menntastofnanir og smökkum á réttum heimamanna en austræn matarmenning á fáa sína líka. Einnig er farið til nágrannalandsins í suðri,

Túrkménistan, sem einnig á ríka menningararfleifð. Metnaðarfull uppbygging á sér nú stað þar og gestrisni heimamanna er einstök. Þetta er ferð sem lætur engan ósnortinn.





SETTU GLEÐISTUND Í JÓLAPAKKANN:

# Gjafakort í Þjóðleikhúsið er tilvalin jólagjöf

**A**ðsókn að leiksýningum Þjóðleikhússins hefur verið með eindæmum góð á leikárinu og vinsælar sýningar verða áfram á fjölnum eftir áramót, auk þess sem nýjar og spennandi sýningar verða frumsýndar á næstunni. Gjafakort í

Þjóðleikhúsið er því kærkomin jólagjöf fyrir marga en kortið er hægt að kaupa á vef Þjóðleikhússins, leikhús.is, eða í afgreiðslunni við Hverfisgötu.

Hér er yfirlit yfir helstu verkefni leikhússins í vetur: ■



## Ronja ræningjadóttir – Uppselt út 2018

Stórskemmtilegur og æsispennandi söngleikur fyrir alla fjölskylduna!

Ronja ræningjadóttir er einstök saga um óvenjulega vináttu, heitar tilfinningar, hættuleg ævintýri, sorg og gleði. Salka Sól fer með hlutverk Ronju og Sigurður Þór Óskarsson leikur vin hennar, Birki. Meðal annarra leikara eru Örn Árnason, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Edda Björgvinsdóttir, en stór hópur leikara, dansara, barna og tónlistarfólks tekur þátt í þessari fjöru og fallegu sýningu. Sýningin hefur hlotið einróma lof áhorfenda og gagnrýnenda enda er aðsókn með því mesta sem sést hefur í leikhúsinu. Ronja ræningjadóttir verður áfram á fjölnum eftir áramót.



## Loddarinn Tartuffe – Hárbeitt verk eftir meistara gamanleikjanna

Molière er sannkallaður meistari gamanleikjanna og leikrit hans um loddarann Tartuffe er eitt hans allra vinsælasta verk.

Hræsnarann Tartuffe hefur tekist að ávinna sér traust og aðdáun heimilisföðurins Orgons og vefja honum um fingur sér, fjölskyldu hans til óbærilegrar hrellingar. Smám saman er Tartuffe farinn að stjórna lífi heimilisfólksins. Þegar Orgon fær þá flugu í höfuðið að gifta dóttur sína Tartuffe eru góð ráð dýr.

Leikstjóri sýningarinnar, Stefan Metz, er íslenskum leikhúsunnum að góðu kunnur fyrir sýningar á borð við Eldraunina og Horft frá brúnni.



## Einræðisherrann

Meistaraverk Charlies Chaplins á leiksviði, í bráðskemmtilegri, nýrri gerð.

Leikgerð Nikolajs Cederholms af kvikmyndinni Einræðisherranum sló rækilega í gegn hjá Nørrebro-leikhúsinu í Kaupmannahöfn á liðnu leikári, og gagnrýnendur hlóðu lofi á sýninguna!

Nú gefst íslenskum leikhúsgestum kostur á að sjá Sigga Sigurjóns stiga á sviði í hlutverki flækingsins sem verður einræðisherra fyrir röð mistaka.

Heillandi, bráðskemmtileg og frumleg leiksýning um valdasýki, möguleika mennskunnar í trylltri veröld og baráttuna fyrir friði í heiminum.



## Klókur ertu, Einar Áskell

Við fylgjumst með degi í lífi feðganna Einar Áskells og pabba hans, þar sem daglegt líf fær á sig ljóma ævintýrs, eins og tilvera okkar allra getur gert í einu vetfangi, ef við opnum fyrir leikinn, sköpunina og ímyndunaraflíð. Einar Áskell veit fátt skemmtilegra en þegar pabbi hans tekur sér tíma og leikur við hann. Það næstskemmtilegasta er að fá að leika sér með verkfærakassanum, en það er stranglega bannað og stórhættulegt að leika sér með sögina!



## Fly me to the moon

Nýtt verk eftir höfund hins geisvinsæla leikrits Með fulla vasa af grjóti

Bráðskemmtilegt verk um tvær kjarnakonur sem hafa alltaf þurft að hafa fyrir lífinu, en standa skyndilega frammi fyrir möguleikanum á að eignast svolitinn pening með auðveldum hætti. Það þarf kannski bara að svindla smá ...

Leikkonurnar Ólafía Hrönn og Anna Svava sameina krafta sína og fara á kostum í þessum nýja tvíleik eftir Marie Jones.



## Súper – þar sem kjöt snýst um fólk

Súper – þar sem kjöt snýst um fólk er nýtt og bráðfyndið leikrit eftir Jón Gnarr, fullt af „gnarrískum“ húmor og pælingum, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar.

Fólk hittist í stórmarkaði og á í einlægum samræðum – eða er það bara að tala við sjálf sig? Fólk finnur vörur sem næra ekki bara skrokkinn heldur andann líka og finnur hluti sem gera það heilsteyptara.

„Þú þekkir fólk á vörnum sem það kaupir“, segir ekkert máltæki.



## Fjölbreytt samstarfsverkefni

Þjóðleikhúsið er í samstarfi við ólíka leikhópa, Leiktóna með sýninguna Ég heiti Guðrún. Stertabela með sýninguna Insomnia. Leikkonur 50+ með sýningarnar Fjallkonan fríð og Dansandi ljóð. Trigger Warning með sýninguna Velkomin heim og sviðslistahópin Marble Crowd með sýninguna Moving mountains.



## Samþykki – Spennuþrungin leikrit um vöndunarhús sannleikans.

Kristín Jóhannesdóttir, sem leikstýrði hinni geisvinsælu sýningu Föðurnum, snýr aftur með magnaða leiksýningu.

Kraftmikið, splunkunýtt verk sem sló í gegn í Breska þjóðleikhúsinu á liðnu leikári, og hefur nú verið flutt yfir á West End.

Hvers vegna er réttlætisgöngan yfirleitt sýnd með bundið fyrir augun? Er hún óhlutdræg? Eða getur hún verið blind á tilteknar staðreyndir?

Í vinnuþróun nokkurra lögfræðinga eru skiptar skoðanir á umdeildu dómsmáli. Lykilvitnið er kona sem tilheyrir heimi sem virðist í órafjarlægð frá lífi vinnanna. En brátt er mál þessarar ókunnugu konu farið að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar á samskipti þeirra og ástarsambönd.

Hvernig getum við fengið fullvissu um hvað er satt og hvað logið? Hver er munurinn á hefndarþorsta og leit að réttlæti? Eru allir jafnir fyrir lögunum?



## Þitt eigið leikrit

Bækur Ævars Þórs Benedikts-sonar, þar sem lesandinn ræður því hvað gerist næst, hafa notið gífurlegra vinsælda meðal yngri lesenda. Nú er komið að þér að stjórna framvindunni í þínu eigin leikriti!

Söguheimurinn er norræna goðafræðin, full af hrikalegum hetjum og stórhættulegum skrimslum. Engar tvær sýningar verða eins, því áhorfendur ráða því hvað gerist! Muntu sigr Miðgarðsorminn eða gleypir hinn hræðilegi Fenrisúlfr þig? Ætlarðu að gerast barnapía fyrir Loka eða líst þér betur á að verja sjálfa Valhöll fyrir jötnum og hrímþursum?

Ævintýrleg og spennandi sýning, þar sem allt getur gerst!

**ÍTARLEGAR UPPLÝSINGAR UM ALLAR SÝNINGAR ÞJÓÐLEIKHÚSSINS ER AÐ FINNA Á LEIKHUSID.IS.**





SNYRTISTOFAN EVA DEKRAR VIÐ ÞIG:

# Þú átt það skilið!

**S**nyrtistofan Eva er notaleg og hlý snyrtistofa sem kappkostar að skapa rólegt og afslappað andrúmsloft ásamt því að veita góða, faglega og persónulega þjónustu, bæði í meðferðum sem og ráðgjöf við vöruval. Boðið er upp á alhliða úrval meðferða fyrir bæði dömur og herra. Í boði eru andlitsmeðferðir, andlitsböð, litun og plokun, vax, fótisnyrting, handsnyrting, gelneglur, förðun og varanleg förðun.

**Frábærar vörur og enn betri þjónusta**  
Snyrtistofan Eva er með frábærar vörur til sölu, t.d. Artdeco húðsnyrtivörur, förðunarvörur og handsnyrtivörur; vörur frá Helena Rubinstein, Diesel ilm og Moroccanöl húðvörur. „Markmið okkar er að viðskiptavinir geti gengið að því visu að fá bestu mögulegu meðferð og þjónustu hverju sinni, sem hentar þeirra húðgerð og tilgangi.


Í snyrtimeðferðum okkar notum við Pure Minerals vörurnar frá Artdeco. Um er að ræða frábæra steinefnalínu án allra parabena. Í vörunum er einnig mikið af náttúrulegum efnum og vítamínum. Artdeco vörurnar eru þýskar og hafa notið mikilla vinsælda þar í landi og einnig í Frakklandi og Ítalíu,” segir Ragna Björg Arnardóttir. Ásamt Kristínu Sigursteinsdóttur hefur hún rekið Snyrtistofuna Evu frá 2011. Með þeim stóllum starfa á stofunni þær Anna Lind Friðriksdóttir og Elísabet Hólm Júlíusdóttir.

#### Sérmeðferðir

Elísabet veitir ýmsar sérmeðferðir svo sem varanlega förðun eða tattú á augabrúnir, kríngum augun og á varir. Einnig framkvæmir hún Meta Therapy frá Dermatude. Þessi meðferð hefur verið afar vinsæl „Anti Aging“-meðferð hjá fræga fólkinu í Hollywood. Meðferðin ruddi sér til rúms á Íslandi fyrir tæplega fjórum árum. Um er að ræða rakameðferð sem vinnur vel á öldrunareinkennum eins og litablettum, slappleika og hrukkum, en einnig örurum og rósröða. Árangurinn er endurnýjun og endurbygging húðarinnar og bætt ásýnd. Meðferðin er 100% náttúruleg og sársaukalaus. Meðferðartíminn er stuttur og árangurinn er sjáanlegur strax. Einnig gerir Elísabet gelneglur og augnaháralengingar.

#### Dásamlegir dekurpakkir og gjafabréf

„Við erum með nokkrar gerðir af dekurpökkum sem eru mjög vinsælir í jólaþakkann í ár. Það er nefnilega svo hug-



ulsamt að gefa dekur í jólagjöf. Einnig bjóðum við upp á gjafabréf sem henta öllum, hvort sem meðferð er valin eða inneign á stofunni. Við erum svo liðlegar ef fólk langar að skipta í aðrar meðferðir eftir á. Hér fást einnig ýmsar vörur fyrir húðina og förðunarvörur í breiðum verðflokkum. Það má segja að við séum snyrtistofa fyrir alla sem langar að gera vel við sig í dekri,” segir Ragna.

Leyfðu okkur að dekra við þig, þú átt það skilið.

Snyrtistofan Eva er staðsett í Miðgarði að Austurvegi 4, Selfossi.

Opíð er alla virka dag frá 10–17 og á laugardögum á veturna frá 10–13.

Netfang: snyrtistofaneva@gmail.com  
Tímabókanir í síma 482-3200.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Snyrtistofan Eva og Instagram-síðunni Snyrtistofan Eva. ■



Snyrtistofan  
**Eva**





GOLFKLÚBBURINN:

# Golf allt árið og fyrsta flokks veitingar

**G**olfklúbburinn Holtagörðum, Holtavegi 10, er í senn heilsárs félagsmiðstöð fyrir golfara og virkilega notalegur veitingastaður sem býður upp á frábæran mat á hagstæðu verði. Á staðnum eru fimm golfhermar af bestu gerð en staðurinn er jafnframt framúrskarandi sportbar þar sem gott er að fylgjast með enska boltanum og alls konar öðrum íþróttaviðburðum á fjölda sjónvarpa og eru stærri viðburðir sýndir á risaskjáum.

Í hverjum golfhermi geta verið allt að átta kylfingar að leika í einu og það fer vel um allt að 12 manns við hvern hermi. Gestir geta hvort tveggja notast við eigin kylfur eða fengið leigðar kylfur á staðnum. Einnig er í boði að geyma kylfurnar sínar á staðnum.

Golfhermarnir henta fólki með alls konar kunnáttu og byrjendur eru svo sannarlega velkomnir í Golfklúbbinn og fá kennslu. Almenn má fullyrða að hvergi sé betra að æfa sveifluna en í golfhermum.

## Ekki bara fyrir kylfinga

Þeir sem hafa ekki áhuga á golfi geta líka átt góðar stundir í Golfklúbbnum. Eins og fyrr segir eru íþróttaviðburðir sýndir á fjölda skjáa og matseðilinn hentar öllum og er til dæmis kjörið fyrir fjölskylduna að eiga góða stund á staðnum yfir máltíð.

Golfklúbburinn hentar líka vel fyrir hvers konar hópefli og tekur á móti hópum frá 10 upp í yfir 100 manns. Hægt er að leigja sér sal fyrir hvers konar viðburði. Best er að hafa samband í síma 820-9111 og fá upplýsingar og tilboð fyrir hópinn eða viðburðinn þinn.

Á matseðlinum eru fjölbreyttir hamborgararéttir, salöt, steikur, kjúklingaspjót, fiskréttir og margt



fleira. Verðinu er stillt í hóf en gæðum jafnframt haldið uppi.

Vert er að minna á að hægt er að kaupa gjafabréf að Golfklúbbnum á staðnum fyrir upphæð að eigin vali. Þetta er til dæmis góð jólagjöf sem myndi gleðja margan kylfinginn.

Golfklúbburinn er opinn alla daga vikunnar frá kl. 10.00 til 23.00. Sjá nánar á vefsíðunni [golfklubburinn.is](http://golfklubburinn.is) og Facebook-síðunni Golfklúbburinn. ■



## ERT ÞÚ AÐ FARA AÐ DJAMMA?

ERT ÞÚ AÐ FARA AÐ DJAMMA? ÞAÐ ER UPPLAGT AÐ HEFJA KVÖLDIÐ Á SKEMMTILEGRI SVEIFLU Í GOLFKLÚBBNUM, Í BOÐI ERU SÉRSTÖK DJAMMTILBOÐ Í GOLF OG VEITINGAR Á FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSEFTIRMIDDÖGUM. GRUNNPAKKI ER EIN KLUKKUSTUND Í GOLFHERMI OG 8 DRYKKIR Á 10.000 KR. GILDIR FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA FRÁ 17.00. HVER AUKAKLUKKUSTUND KOSTAR 7.000 (GOLF Í 1 KLST. OG 4 DRYKKIR).

## VERÐSTRÍÐ – KOMDU OG PRÓFAÐU

### STRÍÐSTILBOÐ FRÁ 1.290 KR.!

GOLFKLÚBBURINN ER Í STRÍÐI! NÁNAR TILTEKIÐ Í VERÐSTRÍÐI VIÐ FRÆGAN, SÆNSKAN HÚSGAGNASALA Í GARÐABÆNUM. STRÍÐ VINNA SIG EKKI SJÁLF. VIÐ ÞURFUM ÞÍNA HJÁLP. GOLFKLÚBBURINN ÚTVEGAR VOPNIN, ÞÚ MUNN OG MAGA.

VOPNABÚRIÐ ER:

- GÓÐUR MATUR
- GOTT VERÐ – HANGIKJÖT EÐA MEXÍKÓSK KJÚKLINGA-SÚPA Á 1.290, HÁDEGISHAMBORGARI EÐA FISKUR OG FRANSKAR Á 1.790 – SÓDAVATN OG GOS ER Á 210.

■ HUGGULEGUR STAÐUR

■ GÓÐ ÞJÓNUSTA

■ MIÐSVÆÐIS – ÞÚ SPARAR EKKI MEÐ LANGFERÐUM

■ NÆG BÍLASTÆÐI – EKKI EYÐA TÍMA Í AÐ LEITA AÐ BÍLASTÆÐI

BEST ER AÐ SANNEYNA FULLYRÐINGARNAR HÉR AÐ FRAMAN MEÐ ÞVÍ AÐ KOMA OG PRÓFA!

SAMAN VINNUM VIÐ ÞETTA STRÍÐ!

ATH. GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST, TAKMARKAÐ MAGN Í HVERJU HÁDEGI.





JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRSINS:

# Jólin koma ekki án þeirra

**J**ólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju eru að margra mati ómissandi hluti af jólnum. „Á hverju ári fyllum við kirkjuna af óviðjafnanlegri birtu, yl og fallegum jólasöngvum. Það er stór hópur fólks sem kemur á jólatónleikana okkar ár hvert og segist vart geta haldið jólin almennilega án þess að hafa hlýtt á jólatónleika Mótettukórsins,” segir Hörður Áskelsson, stjórnandi kórsins.

má geta að nýtt verk, Magnificat, eftir Sigurð Sævarsson verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi. Söngvarnir eiga það sameiginlegt að þeir svipast inn á við og nálgast jólaundrið af kyrrlátri hrifningu,” segir Hörður.

#### Nýr jólasöngur með fiðlu

Með kórnum spila Björn Steinar Sólbergsson organisti og fiðluleikarinn Auður Hafsteinsdóttir, en þess

má geta að fluttur verður nýlegur jólasöngur sem var skrifaður fyrir fiðlu og kór, Serenity eftir norska tónskáldið Ola Gjeilo. „Þessi blanda er afar óvenjuleg en kemur alveg dásamlega vel út,” segir Hörður. Að auki spilar Auður tvö einleiksverk með Birni.

#### Tvennir tónleikar

Jólatónleikarnir verða tvennir, annars vegar 2. desember, sem er fyrsti

í aðventu, og svo 4. desember. „Á undanförunum árum hefur verið fullt hús á þessum tvennum tónleikum og við þurfum að hafa aukatónleika. Við hvetjum því alla sem hafa áhuga á að næla sér í miða að gera það sem fyrst,” segir Hörður.

Nálgast má miða á tónleikana á [midi.is](http://midi.is) og í miðasölu Hallgrímskirkju.

#### Kórinn í fantagóðu formi

Kórinn byrjaði vetrarstarfið með pomp og prakt og skellti sér til útlanda í kórakeppni. „Því er kórinn sérstaklega öflugur núna og í góðu formi. Kórinn samanstendur af frábæru söngfólki og eigum við fina einsöngvara í röðum okkar sem fá að spreyta sig á tónleikunum í ár. Að sama skapi er Hallgrímskirkja að margra mati ein fallegasta kirkja Íslands og má með sanni segja að hljómurinn sé guðdómlegur. Mótettukórinn býr yfir fallegum og viðkvæmum hljómi sem passar fullkomlega við hljómi kirkjunnar,” segir Hörður. Því má búast við að tónleikarnir í ár verði einstaklega fallegir. „Við leggjum upp með að vera með notalega og fallega stemningu sem fylgir hlustandanum út í gegnum aðventuna alveg fram að jólum, og lengra jafnvel,” segir Hörður.

#### Hlóðlát hrifning

Mótettukórinn einsetur sér að halda fjölda tónleika ár hvert með fjölbreyttu lagavali og jólatónleikarnir eru engin undantekning. „Yfir öllum lögunum liggur einhver óútskýranleg dulúð. Tónlistin er frá ýmsum tímum tónlistarsögunnar, allt frá latinusálmum endurreisnartímans til innlendra og erlendra samtímatónlistar. Þess







AMMA MÚS – HANDAVINNUHÚS:

# Að skapa er næring fyrir sálina

**A**mma mús – handavinnuhús er glæsileg verslun með hannyrðavörur. Í gegnum tíðina hefur þróunin verið í þá áttina að hannyrðavöruverslunum hefur fækkað hvar sem er í veröldinni og aðgengi að slíkum varningi minnkað eða breyst. „Þegar ég ferðast erlendis sé ég hvað við Íslendingar höfum mikið og gott úrval, sérstaklega í prjónagarninu. Hér í Ömmu mús fylgjumst við vel með og sjáum hvað er vinsælast hverju sinni. Núna eru það fallegar prjónabækur frá hinum Norðurlöndunum sem eru vinsælastar, þær eru því tilvaldar í jólapakkann,” segir Hildur Guðna-dóttir.

Úrvalið er sannarlega mikið hvert sem lítið er, fallegar útsaumspakningar, prjónatöskur og saumakassar, útsaumsgarn og efni. „Það er okkar sérstaða að bjóða bæði upp á útsaum og prjónavörur,” segir Hildur og bætir við „svona hannyrðaverslun með stóru H-i. Við leiðbeinum einnig viðskiptavinum okkar um efnisval og liti og aðstoðum við okkar vörur”.

Sköpun í hvaða mynd sem er nærir og róar hugann og handavinna er þar á meðal. Að setjast niður og prjóna fallega flik tekur tíma sem orðinn er dýrmætur. Í hraða nútímans er það sem kallað er á ensku „slow fashion“ athyglisvert fyrirbæri. Það gengur út á það að t.d. flik sem tekur tíma að gera og vandað er til í efni, endist lengur en fjöldaframleidd sem aftur leiðir af sér minni sóun. Einnig má gefa gamalli flik nýtt líf með litlum tilkostnaði.

## Prjónakaffi góður vettvangur

Yfir vetrartímamann eru haldin prjónakaffi annan hvern laugardag fyrir hádegi og nú í vikunni var í fyrsta skipti haldið prjónakvöld fyrir karla. Það var vel sótt og vakti mikla athygli og áhugi fyrir því að halda áfram eftir áramót. Frumkvæðið að þessu kvöldi kom frá Péttri Oddbergi Heimissyni sem fékk í framhaldinu viðurnefnið „Prjóna Pétur“ hjá Boga Ágústssyni, fréttamanni RÚV.

## Á gömlum grunni

Amma mús – handavinnuhús tók til starfa í byrjun ágúst 2010. „Að baki versluninni stendur fyrirtækið Sat-úrnuð ehf. sem stofnað var árið 1958 og hefur alla tíð staðið í innflutningi á hannyrðavörum. Á þeim tíma, þegar Þjóðfélagsmyndin var gjörólík þeirri sem hún er í dag, voru það stórkaupmennirnir Gunnar Ásgeirsson og Sveinn Björnsson ásamt eiginkonum og Úlfari Kristmundssyni verslunarmanni og frú sem stofnuðu fyrirtækið,” segir Hildur að lokum.

Þess má geta að aðgengi að versluninni er gott bæði hvað varðar bílastæði og aðkomu, einnig að verslunin er opnuð kl. 9 á morgnana virka daga. Skilaboð má senda til verslunarinnar í gegnum Facebook-síðuna amma mús – handavinnuhús. Verslunin sendir um land allt.

Amma mús – handavinnuhús  
Grensásvegi 46, 108 Reykjavík  
Sími: 511-3388  
Netfang: ammamus@ammamus.is  
Opið er alla virka daga frá 9–18 og laugardaga frá 11–15 ■







# Snýrtistofa Vesturbæinga

**S**nýrtistofan Bella er staðsett á Hótel Sögu, húsinu við Hagatorg. Þar þykir eiganda stofunnar, Berglindi Elvu Björnsdóttur, gott að starfa. „Ég hef unnið í þessu húsi í 13 ár, starfaði lengst af hjá Mecca Spa, sem var snýrtistofan hér áður, en síðan stofnaði ég Snýrtistofuna Bellu fyrir tveimur árum,“ segir Berglind Elva. Snýrtistofan Bella er eina snýrtistofan í Vesturbænum og eru þar margir Vesturbæingar fastir viðskiptavinir.

„Við leggjum mikið upp úr því að hafa hér heimilislega og þægilega stemningu. Við kappkostum að sjálf-sögðu að hafa hér allt hreint og snýrtilegt en forðumst jafnframt að gera umhverfið tómlegt og ópersónulegt.“

Berglind Elva er snýrtifræðimeistari en auk hennar starfa tvær aðrar konur á stofunni, Oddný Elva Bjarnadóttir, snýrti- og förðunarfræðingur, og Berglind Valberg snýrtifræðimeistari.

„Við bjóðum upp á alla alhliða snýrtingu alla virka daga frá 9-18. Ég er sjálf bókuð alveg fram yfir áramót en hinar tvær taka vel á móti öllum nýju

viðskiptavinunum,“ segir Berglind Elva.

Það er vinsælt að kaupa gjafabréf og ýmsar snýrti- og húðvörur hjá Bellu fyrir jólin og segir Berglind Elva að gjafabréf í andlitsböð og fótisnýrtingu séu vinsælustu jólagjafirnar hjá þeim. „En svo koma margar í litun, plokkun og vaxmeðferðir fyrir jólin,“ segir hún.

Gjafabréf er hægt að velja fyrir hvaða upphæð sem er eða í tiltekna meðferðir. Enginn gildistími er á bréfunum og því hægt að nota þau hvenær sem er. Flestir kjósa að kaupa gjafabréfin á staðnum en það er líka hægt að panta þau rafrænt í gegnum netfangið snýrtistofanbella@gmail.com.

Ítarlegar upplýsingar eru á vefsíðunni snýrtistofanbella.is, meðal annars verðlisti yfir meðferðir og upplýsingar um fjölbreytt vöruúrval þar sem húðvörurnar frá Janssen eru vinsælastar. Einnig er fróðlegt að skoða Facebook-síðuna Snýrtistofan Bella en þar taka þær einnig á móti tímapöntunum. Snýrtistofan Bella er líka á Instagram.







REYKJAVÍK OUTVENTURE:

# Eins árs og á heimsmælikvarða

**J**óhann Guðni byrjaði algerlega blautur á bak við eyrun í ferðamannabransanum eftir að hafa stundað sjómennsku í tólf ár. Í dag er Reykjavík Outventure eitt flottasta og jafnframt sérstakasta ferðafyrirtæki á Íslandi. „Við bjóðum upp á mjög ólíka túra miðað við það sem gengur og gerist. Þetta eru ferðir sem mér fannst vanta á markaðinn. Það hefur líka komið á daginn, enda hef ég verið að fá bókanir í túra upp á hvern einasta dag og það er ekki ár síðan ég setti fyrirtækið á laggirnar,“ segir Jóhann sem rekur Reykjavík Outventure í samstarfi við þrjá aðra leiðsögumenn. „Við elskum allir starfið okkar og þetta eru ótrúlega góðir og vinalegir strákar. Ég segi stundum í gríni að ég sé með landsliðið af gæðum í vinnu hjá mér,“ segir Jóhann.

## Esjuganga

Reykjavík Outventure er örugglega eina fyrirtækið sem býður upp á göngutúr upp á Esju, ástsælasta fjall Reykvíkinga. „Ferðamenn vilja ólmir komast í stuttar fjallgöngur. Mér datt í hug að bjóða upp á Esjugöngu af því að ég þekki fjallið eins og handabakið á mér. Á leiðinni upp þurfa farþegar mínir ekki að olnboga sig í gegnum hjörð af öðrum ferðamönnum og kunna að meta það hvað Esjan er annars laus við túrisme. Svo skemmir glæsilegt útsýnið ekki fyrir þegar komið er upp að Steini,“ segir Jóhann. Esjugangan er vinsæl hjá ferðamönnum af ýmsum toga. „Fólk fer þetta á sínum hraða og jafnlangt og það treystir sér til,“ segir Jóhann. Eftir á er fólk boðið að skella sér í sund í Lágafellslaug. „Þetta er ein fallegasta laugin á höfuðborgarsvæðinu. Að fara í sund er líka eitthvað svo ótrúlega íslenskt og ferðamennirnir upplifa sig sem innfædda Íslendinga, sérstaklega þegar ég næ að plata þá í kalda pottinn,“ segir Jóhann. Ferðin tekur um 5 klst.



## Reykjanestúr

Reykjanesið er án efa einn fallegasti staðurinn í nágrenni Reykjavíkur. Þar er hægt að upplifa afar fjölbreytta náttúru á stuttum tíma. „Það er svo ótal margt sem er hægt að skoða þarna og við byrjum í Garðskagavita. Þar má sjá eina af fáum náttúrulegu hvítu skeljasandsströndum á Íslandi. Einnig förum við á Hafnir að skoða Hvalsneskirkju og akkeri af 130 ára gömlu skipi. Ekki er hægt að skoða Reykjanesið án þess að lita á brúna milli Atlantshafsflékanna. Næst er farið í Gunnhver þar sem sölt gufan kemur ferðamönnum alltaf jafn mikið á óvart. Svo kikjum við á Reykjanesvita og svörtu klettana þar, sjáum Brimketil sem er einn af áhugaverðustu sjósundstöðum á Íslandi og svo göngum við inn í hraunbreiðuna hjá Bláa Lóninu. Ferðamennirnir gjörsumlega elska þessa ferð!“ segir Jóhann. Hægt er að taka ferðina með eða án matarupplifunar og tekur túrinn um 6 tíma.

„Við bjóðum líka upp á Reykjanesrúnt fyrir þá sem eru að millilenda á Íslandi og langar að gera eitthvað á þeim stutta tíma sem þeir eru hérna. Bláa Lónið getur bara tekið við ákveðið mörgum gestum og mér fannst tilvalið að gefa kost á styttri túr um Reykjanesið,“ segir Jóhann. Ferðina er hægt að fá með eða án matarupplifunar.

## Reykjavíkurganga með matarupplifun

„Við erum klárlega að bjóða upp á langskemmtilegustu Reykjavíkurgönguna á markaðnum. Við gerum allt þetta klassiska eins og að fara í Perluna, skoða fangelsið á Skólavörðustíg og sjáum Hallgrímskirkju. Einnig býð ég upp á sérstöðu eins og að smakka hákarl og brennivín áður en haldið er á Redasafnið. Við gefum fólkinu líka snúð í Brauð&Co. á Frakkastíg og svo er boðið upp á osta og kjötsmökkun í Ostabúðinni. Ferðin endar á Caruso með frábæru útsýni yfir höfnina þar sem fólk fær tveggja

rétta máltíð með bjór eða víni,“ segir Jóhann. Á 3–4 tímum fær fólk einstaka upplifun af Reykjavík með öllu inniföldu.

## Sveigjanleiki

Hvað varðar fjölda ferðamanna segist Jóhann afar sveigjanlegur. „Ég á sjálfur 7 manna Landrover Discovery sem er mjög rúmgóður og flottur fyrir ferðirnar sem ég býð upp á. Einnig er ég með afnot af Sprinter fyrir 15 manns. Ef ég fæ beiðni um að fara með stóran hóp þá redda ég því. Ég er í góðu sambandi við rútuþyrirtækin og get útvegað bíla eftir þörfum,“ segir Jóhann.

„Að lokum langar mig að þakka strákunum í Svartagaldri fyrir að hafa hjálpað mér við að markaðssetja fyrirtækið. Þeir eru algerir snillingar,“ segir Jóhann.

Nánari upplýsingar má nálgast á [reykjavikout.is](http://reykjavikout.is)

Birkiholt 4, 225 Garðabær  
Sími: +354 848-5284

Netfang: [info@reykjavikout.is](mailto:info@reykjavikout.is) ■





# Axarkast veitir útrás og er góð skemmtun í hóp

**A**xarkast er vinsælt sport víða erlendis en höfðar greinilega vel til Íslendinga með sitt vikingablóð. Berserkir axarkast er nýtt félag sem býður fólki upp á að kasta öxum í góðra vina hópi. Axarkast er tilvalið fyrir alls konar hópa sem hafa gaman af því að reyna dálítið með sér í keppni.

Berserkir eru til húsa að Hjallahrauni 9 í Hafnarfirði. Eigendur eru Elvar Ólafsson og Helga Kolbrún Magnúsdóttir. Elvar segir að sportið eigi uppruna sinn í Kanada og sé mjög vinsælt þar. „Það eru yfir 100 svona staðir í Kanada og Bandaríkjunum en núna er þetta byrjað að breiðast út um Evrópu.“

Að sögn Elvars er viðskiptavinahópurinn dálítið árstíðabundinn. „Við opnuðum í maí og í sumar var mikið um vinahópa og steggjun og gæsun. Í haust ber mikið á fyrirtækjahópum og síðan stefnumótum, það er bara nokkuð vinsælt hjá þörum að skemmta sér saman í axarkasti.“

Sportið er ætlað 16 ára og eldri, en 12 ára mega kasta undir umsjón forráðamanna. „Alla jafna getur fólk valdið þessu við 12 ára aldurinn, en ekki yngri. Sonur minn er 12 ára og hann kastar stundum með mér,“ segir Elvar.

Axarkast er af sama meidi og bogfimi og pilukast að því leyti að reynt er að hitta á skifu. Það er hins vegar meiri útrás fólgin í því að kasta öxinni. „Reglurnar í þessu koma að utan. Öxin er tæplega 800 grömm að þyngd og kastsvæðið í 4,5 metra fjarlægð frá markinu; stigið er eitt skref inn í kasthringinn áður en kastað er. Fimm stig eru veitt fyrir að hitta inn í miðjuna, 3 stig fyrir rauða svæðið og 1 stig fyrir það bláa. Fimm köst eru í leik.“

Það er gaman að koma saman hjá Berserkjum og kasta öxi. „Hér ríkir skemmtileg stemning og við byrjum fyrst á að kenna fólki að kasta og svo búum við til léttu keppni úr þessu. Í lokin fær fólk meðal annars að prófa að kasta stærri öxi.“

Opið er hjá Berserkjum, Hjallahrauni 9, laugardaga og sunnudaga frá 14 til 17, fyrir þá sem vilja koma án þess að panta tíma. Hins vegar er hægt að hafa samband í gegnum heimasíðuna, með Facebook




spjalli eða hringja í síma 546-0456 og panta tíma sem hentar viðkomandi. Sjá nánar á vefsíðunni [www.berserkir-axarkast.is](http://www.berserkir-axarkast.is)

#### Stefnt að keppni í axarkasti

Núna er hafinn undirbúningur að keppnismóti í axarkasti:

„Á Íslandi hefur axarkast verið hluti af keppnisdagskrá Skógarleikanna í



Heiðmörk í nokkur ár en ekki hafa verið haldnar formlegar keppnir innanhúss. Okkur langar að bæta út því enda höfum við fundið fyrir áhuga hjá fólki sem hefur komið til okkar að vill byrja að æfa og keppa. Við fylgjum alþjóðlegum reglum varðandi uppsetningu á brautum, öryggisreglum og stigagjöf. Erlendis eru reglulega haldin mót og væri

gamán að senda fulltrúa frá Íslandi í alþjóðlega keppni. Við erum að safna til að setja af stað slíka keppni á Karolina Fund og er öll hjálp vel þegin,“ segir Elvar.

Sjá nánar á [karolinafund.com: https://www.karolinafund.com/project/view/2251](http://www.karolinafund.com/project/view/2251) ■



**Leikþáttur Dóru**

Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar og borgarfulltrúi Pírata, ákvað í haust að flytja leikþátt úr sjónvarpsþáttunum Litla Bretland, Little Britain, á borgarstjórnarfundum. Um var að ræða mínútulengt atriði sem fjallaði um tölvuna sem sagði „nei“. Að margra mati var um að ræða pínlegustu mínútu í sögu íslenskra stjórnsmála þar sem forseti borgarstjórnar lék hlutverk Helenu Jörgensen, Geirs Jörgensen og Karólínu og notaði Dóra sérstakar raddir á persónurnar. Gerði hún þetta til að sýna fram á hvað kerfi Reykjavíkurborgar getur verið svifaseint en hvernig það verði lagað með innleiðingu nýrrar þjónustustefnu. Dóra sagði síðar í viðtali að hún hefði leikið betur en hún hafði getað ímyndað sér.



Dóra Björt Sýndi mikla leiktilburði í sal borgarstjórnar.

**Smári McCarthy** Reikningsdæmið gekk ekki upp.



**Lærði Smári McCarthy stærðfræði eða ekki?**

Á haustmánuðum 2016 sköpuðust töluverðar umræður um hvort Smári McCarthy, oddviti Pírata í Suðurkjördæmi, hefði skráð rangar upplýsingar um menntun sína á Linked-in. Þá ályktun mátti draga af ferilskrá hans að hann hefði lokið BS-gráðu í stærðfræði. Hann lauk því námi aldrei. Smári sagðist ekki vita hversu stórum hluta námsins hann hefði lokið en á samfélagsmiðlum sagðist hann eiga lítið eftir. Sigrún Helga Lund, dósent og doktor í tölfærði og frambjóðandi Viðreisnar, furðaði sig á málinu þar sem Smári náði ekki einu sinni að ljúka fyrstu önn námsins að hennar sögn en hafi hins vegar verið iðinn við að bulla um stærðfræði á Wikipedia sem hafi komið inn ranghugmyndum hjá nemendum.

**Björt Ólafsdóttir** Eins og hátískufyrirsæta í Mílanó.



**Björt með tískusýningu í þingsal Alþingis**

Í júlí 2017 baðst Björt Ólafsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, afsökunar á að hafa setið fyrir á mynd í þingsal Alþingis. Hún klæddist kjól frá fyrirtæki sem vinkona hennar er listrænn stjórnandi hjá. Myndin var síðan notuð til markaðssetningar á Instagram. Björt sagðist hafa sýnt dómgreindarleysi með því að „flögna um þingsalinn“. Með þessu sagðist hún hafa leyft sér að upphelja kvenleikann inni í þingsalnum. Skoðanir voru skiptar um þetta tiltæki, en eins og með margt annað fennu yfir málið.

**Hanna Birna** Sveik tímaritið MAN á útgáfudegi.



**Hanna Birna eyðilagði forsíðuviðtal MAN**

Í apríl 2015 mætti Hanna Birna Kristjánsdóttir í viðtal í Íslandi í dag. Þennan sama dag átti að prenta tímaritið MAN. Viðtal Hönnu Birnu í Íslandi í dag reyndist örlagaríkt fyrir MAN því þar ræddi hún það sama og hún hafði rætt við MAN. Ritstjóri MAN greip því til þess ráðs að henda viðtalinu og útbúa nýja forsíðu með nýju forsíðuviðtali. Nútíminn sagði að Hanna Birna hefði verið búin að lofa að fara ekki í persónuleg viðtöl hjá öðrum fjölmiðlum en MAN. Björk Eiðsdóttir, ritstjóri MAN, sagðist bara hafa brett upp emmar og komið með ekki síðra forsíðuviðtali. Hanna Birna hafði verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum mánuðina á undan, en í nóvember 2014 sagði hún af sér embætti innanríkisráðherra vegna Lekamálsins svokallaða.

**Áfengisdíll fjármálaráðherra**

Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi fjármálaráðherra og formaður Alþýðuflokksins, hélt glæsilega afmælisveislu til heiðurs Ingólfi Margeirssyni, ritstjóra Alþýðublaðsins. Veislan var haldin á veitingastað í bænum og heppnaðist gríðarlega vel að sögn þeirra sem þar voru. Jón Baldvin gerði samning við þennan tiltekna veitingastað um að fá að kaupa þar áfengið sem veitt var í veislu og kaupa svo áfengi af ÁTVR til að greiða skuld sína. Ráðherrar á þessum tíma gátu keypt áfengi í ÁTVR án tolla og opinberra gjalda. Þegar upp komst um þennan skiptidíl fjármálaráðherra endurgreiddi hann áfengið. Jón Baldvin viðurkenni svo síðar að hann hefði gert sig sekan um dómgreindarrest. Hann sagði þó ekki af sér þingmennsku eða ráðherrasætinu.



Jón Baldvin Vafasamur sprúttdíll.



**Yfirlíð í beinni**

Margir muna eflaust eftir því þegar Ingibjörg Pálmadóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, féll í yfirlíð í beinni útsendingu hjá RÚV þar sem hún var í viðtali árið 2001. Ingibjörg féll nánast beint í fangið á Jóhönnu Vigdísí Hjaltadóttur fréttakonunni þar sem viðtalið fór fram í kringlu Alþingishússins. Nokkrar umræður fóru í gang í kjölfarið um að þetta hefði verið sviðsett. Ingibjörg sagði af sér ráðherraembætti skömmu seinna og var ástæðan sögð veikindi hennar.

Ingibjörg Pálmadóttir Féll í yfirlíð í beinni.

Einstaklega góðar og ljúffengar **pönnukökur**



**Vilko**



# Sveltur karlmaður skrifar

Er sambandið komið á endastöð þegar kynlífið uppfyllir ekki þarfirnar og hugurinn er farinn að leita annað?

## Sæl Ragga!

Ég hef lengi ætlað að skrifa þér og veit ekki alveg hvar ég á að byrja.

Ég er 37 ára og í mjög hamingjusömu hjónabandi til nokkra ára en samtals höfum við verið saman í 10 ár. En það er ekki allt fullkomið í þessum heimi, þótt við séum miklir vinir og nán þá hefur hallað undan fæti í kynlífinu síðustu ár. Ég hef rætt það við hana nokkrum sinnum og finnst hún ekki vera sammála því að við eigum við vandamál að stríða.

Ég oft leitt hugann að því hvort þetta sé orðið gott þar sem við stundum kynlíf alltof sjaldan, kannski að hámarki einu sinni í viku og oft sjaldnar. Svo er það líka það sem hún vill ekki gera í kynlífinu, ég fæ til dæmis aldrei tótt frá henni og ég má aldrei sleikja hana. Mér finnst gott að fá putta í endaparm eða örva hann, en hún vill aldrei gera það og segir bara að ég eigi að fá mér karlmann ef ég vilji það, en það langar mig ekki. Mér finnst líka leiðinlegt í þau skipti sem við

stundum kynlíf að þá á ég alltaf frumkvæðið og reyni að hafa forleikinn langan svo hún sé orðin heit.

Undanfarið er mig farið að langa sofa hjá öðrum kvenmönnum því ég fæ alls ekki nóg heima fyrir. Ég velti fyrir mér hvort sambandið sé komið á endastöð fyrst hugurinn er kominn þangað?

Ég gæti alveg haft þennan póst mun lengri, en þetta er lýsing á stöðunni, svona í stuttu máli.

Kveðja  
Einn sveltur

## Kæri svelti maður

Ég mun ekki segja þér hvort þú ert kominn á endastöð í sambandinu ... það eru bara tvær manneskjur sem koma til með að svara þeirri spurningu, þú og konan þín. Þið þurfið að nota orðin ykkar, vera hreinskilin og finna nándina ykkar á ný. Drullu-erfitt verkefni, en kannski eigið þið séns. Ég skal samt reyna að rýna dálítið í stöðuna út frá upplýsingunum í póstinum þínum.

Það er glatað að lenda í svona stöðu - að finnast þarfir sínar ekki uppfylltar innan sambandsins sem þú ert búinn að lofa að heiðra. Ég er samt ansi hrædd um að flestir með reynslu af langtímasamböndum hafi lent í svipuðum aðstæðum - misræmi í kynhvöt sem illa gengur að laga. Ef þannig ástand fær að malla í dálítinn tíma myndast gremja sem getur eittrað sambandið á alla lund. Gremja bæði hjá þeim sem vill meira kynlíf (þú í þessu tilfelli), og hjá hinum sem langar einfaldlega ekki og er kannski með nagandi samviskubit yfir því að standa sig ekki í að uppfylla þarfir makans. Daglegt basl, barneignir og verðtrygging geta skapað prýðisaðstæður fyrir ástandið til að grassera.

Kynferðisleg höfnun frá maka getur verið sár, og endurtekin

höfnun getur farið að kroppa í sjálfsmynd þess sem ítrekað er hafnað. Kannski hefur höfnunin ekkert að gera með ást konunnar þinnar á þér. Hún gæti einfaldlega verið í lægð vegna annarra þátta eins og hormónastarfsemi, álags í vinnu eða einhverrar blöndu sem lífið inniheldur einmitt núna. Þú virðist vera skotinn í henni og misræmið í kynhvöt ykkar, og sú staðreynd að þú girnist aðrar konur, hefur líklega ekkert með ást þína á henni að gera. Hér þarf ég samt að hafa þann fyrirvara á að ég er ekki konan þín og er ekki skyggn - svo ég hef ekki hugmynd um hvað hún er að hugsa. Reyndu samt að láta þetta ekki fokka upp hvaða augum þú lítur á sjálfan þig.

Kannski er stutt í gremju hjá þér yfir því að vera hafnað trekk í trekk. Reyndu samt að anda djúpt og huga að öðrum þáttum sambands ykkar eins og vináttu, samstarfi í alls konar hversdagslegum verkefnum og hugulsemi. Faðmaðu hana og snertu án þess að ætlast til eða gera tilraunir til að láta hlutina enda með kynlífi. Þessir hlutir geta viðhaldið nánd og neista milli ykkar - tilfinningunni um að vera saman í líði. Það er mikilvægt.

Sjálfsmyndhyggja er mikilvæg

og ég ráðlegg þér að skoða hvort þú notar tíma þinn í ánægjulegar athafnir daglega. Kynlíf er ofarlega á listanum hjá mörgum okkar yfir upphaldsaðferðir til að nærast og slappa af - en það er gott að gera ýmislegt annað líka. Sinna vinum, áhugamálum, andlegri jafnt sem líkamlegri næringu. Þeir sem sinna eigin þörfum vel verða sjálfkrafa meira aðlaðandi. Mundu líka að sjálfsfróun er kynlíf - fróðu þér maður ... elskaðu sjálfan þig, það er sjálfsagður hlutur, líka fyrir fólk í samböndum.

Áður en þú dæmir sambandið dautt ráðlegg ég þér líka að ræða málin við konuna þína. Vertu einlægur og ekki vera upptekinn af því að hafa rétt fyrir þér. Í svona málum hefur enginn rétt fyrir sér. Ef ykkur reynist erfitt að ræða saman ráðlegg ég ykkur eindregið að leita til ráðgjafa - einhvers sem getur virkað sem túlkur í samtali ykkar á milli og er ekki tilfinningalega flæktur í ykkar mál.

Gangi þér vel kæri vinur,  
Ragga

p.s. Að karlmanni finnst gott að fá putta í endaparm er ofur-eðlilegt og hefur ekkert með kynhneigð hans að gera.



Sá svelti vill gjarnan fingur upp í endaparm sinn en eigin konan er ekki á sama máli.



# RÚMA DAGAR

20-40%  
AFSLÁTTUR  
Á RÚMADÖGUM



Komdu við í Vogue - Við höfum framleitt rúm í nær 70 ár.

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500  
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue  
FYRIR HEIMILIÐ

Kynferðisleg höfnun frá maka getur verið sár, og endurtekin höfnun getur farið að kroppa í sjálfsmynd þess sem ítrekað er hafnað.



Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi  
Spurningar og tímabantanir:  
raggaeiriks@gmail.com  
www.raggaeiriks.com





**LAGNAVIÐGERÐIR**

SÍMI: 581 1888 / WWW.LAGNAVIÐGERDIR.IS

# LANGVARANDI LAUSN & SKJÓT VINNUBRÖGÐ

**Lagnaviðgerðir býður uppá langvarandi lausn og skjót vinnubrögð á sviði endurnýjunar á skólplögnum, frárennislögnum**

## FÓÐRUN SKÓPLAGNA

Fóðrun lagna felur í sér að búa til nýja lögn inní þá eldri skólplagnir, frárennislagnir sem eru skemmdar eða tærðar. Lagnir eru þá endurnýjaðar með því að blása inn sérstökum sokk



Brawoliner efnið sem við notumst við býður upp á óaðfinnanlegan textíl sokk. Þökk sé sérstakri aðferð við framleiðslu hans er gott að meðhöndla efnið frá Brawoliner sem gerir vinnuna

fljótlega. Þetta býður uppá hina fullkomnu lausn fyrir skemmdar skólplagnir efnið getur tekið beygjur allt að 90° og allt að tveimur breytingum í þvermál. Brawoliner er með endingartíma til allt að 50 ára þessi lausn er hrein, hagkvæm og umhverfisvænn valkostur sé borið saman við að brjóta eldri lagnir upp.


Lagnaviðgerðir notast eingöngu við sokkaaðferðina við lagfæringar og endurnýjun skólplagna.

## NÝJASTA TÆKNI OG GÆÐA EFNI VIÐ FÓÐRUN LAGNA

Lagnaviðgerðir sérhæfir sig í fóðrun lagna með nýjustu tækni og endingargóðum efnum. Þau tæki og efni sem Lagnaviðgerðir notar við sokkaaðferðina eru frá þýskum framleiðanda. Sokkurinn sjálfur, hörðunar- og festiefnin eru gæðavottuð af Byggingaeftirlitsstofnun Þýskalands (DIBt)



**Hafðu samband og við komum á staðinn til að meta aðstæður og gerum þér hagstætt tilboð.**









# 11. SEPTEMBER Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

## ■ Króatískir flugræningjar ■ Lögreglumaður lést í New York

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Dagsins 11. september verður ávallt minnst fyrir hryðjuverkin sem framin voru í New York og á fleiri stöðum í Bandaríkjunum árið 2001. Er það greytt í minni fólks þegar flugræningjar stýrðu farþegaþotum á Tvíburaturnana með voveiflegum afleiðingum. Þennan sama dag, 11. september, árið 1976, lentu flugræningjar með bandaríska farþegaþotu á Keflavíkurlugvelli. Var það hluti af skipulagðri hryðjuverkaárás þar sem einn lést í New York.

### 85 farþegar um borð

Aðfaranótt laugardagsins 11. september árið 1976 var Boeing-þota af gerðinni 727 rænt af vopnuðum mönnum. Þotan var í innanlandsflugi í Bandaríkjunum á vegum flugfélagsins TWA, frá New York til Chicago. Ræningjarnir, sem voru fimm talsins frá Króatíu, tóku stjórnina. Voru þeir með þykkildi innan á sér sem þeir sögðu vera sprengjur. Ef fyrirmælum þeirra yrði ekki hlýtt í einu og öllu myndu þeir granda vélinni.

Fyrsti áfangastaðurinn var Montreal í Kanada en þaðan var flogið til smábæjarins Gander á Nýfundnalandi. Upphaflega voru 85 manns í þotunni og var 43 sleppt í Gander. Eftir að hafa sleppt farþegunum var flugmönnum skipað að halda ferðinni áfram. Önnur vél, af gerðinni 707, fylgdi þotunni svo yfir hafid.

Stefndu þeir vélinni til Evrópu og var ákveðið að stoppa á Íslandi til þess að taka eldsneyti. Þaðan yrði förinni haldið áfram til London. Leyfi fékkst á Keflavíkurlugvelli til að lenda vélinni og voru allar varúðarráðstafanir gerðar til þess að einangra vélina frá annarri flugumferð. Íslenskir viðbragðsaðilar höfðu æft fyrir slíkar uppákomur og var stórt lið lögreglu og slökkviliðs kallað út. Ólafur Jóhannesson, starfandi utanríkisráðherra, var í stöðugu sambandi við viðbragðsaðila.

Um ellefu leytið á laugardagsmorguninn lenti vélin í Keflavík.

Einangruð vél Morgunblaðið 12. september 1976.



### Vildu ekki slökkva á hreyflunum

Einn af gíslunum sem sleppt var í Gander sagði við fréttamenn þar ytra að ránið hefði augljóslega verið þaulæft. Ræningjarnir höfðu góða stjórn á aðstæðum og slepptu aldrei fingrum af gikkjunum. Um leið og vélinni var rænt í Bandaríkjunum gaf króatísk sjálfstæðishreyfing frá sér yfirlýsingu um að ránið væri aðeins hluti af aðgerðunum. Ef tilmælum yrði ekki fylgt eftir yrðu sprengjur sprengdar á fjölmönnum stöðum í New York-borg, þar á meðal stærstu járnbrautarstöð borgarinnar.

Vilduliðsmenn hreyfingarinnar vekja athygli á kúgun Króata innan Júgóslavíu. Töldu þeir Bandaríkjamenn að miklu leyti ábyrga vegna stuðnings þeirra við stjórn einræðisherrans Títós. Vildi hópurinn að stærstu dagblöð Bandaríkjaanna, svo sem New York Times og Washington Post, prentuðu yfirlýsingu þeirra.

Lögreglan í New York lokaði brautarstöðinni samstundis. Ekki tókst hins vegar að gera sprengjuna óvirka. Í aðgerðunum lést einn lögreglumaður og þrír aðrir særðust.

Eftir að Boeing-þotan lenti á Keflavíkurlugvelli var gefin skipun um að henni yrði ekið út á annan enda vallarins, langt frá öðrum vélum. Bládamönnum og öðru fólki var haldið í 1.500 metra fjarlægð af bandarískum hermönnum. Aðeins fjórir vallarstarfsmenn máttu fara að vélinni á eldsneytisbíl til að fylla á tankana og færa ræningjunum og gíslunum vistir.

Báðu þeir ræningjana um að slökkva á hreyflunum vegna sprengihættu en þeir féllust ekki á

það. Var rifist nokkuð um þetta en á endanum gáfu vallarstarfsmennirnir eftir og fylltu á vélina sem tók um það bil fimmtán mínútur.

### Gervivopn og sprengjur

Í þotunni voru ræningjarnir með margar töskur fullar af áróður-smiðum um Júgóslavíu. Vildu þeir dreifa þeim yfir London. Lendingarleyfi fékkst ekki í London og voru töskurnar færðar yfir í 707-vélina. Áður en það var gert voru þær hins vegar gegnumlýstar af íslenskum tollvörðum. Um klukkan eitt eftir hádegi héldu vélarnar af stað, fylgdarvélin til London en hin til meginlandsins og var áfangastaðurinn ókunnur.

Mikill viðbúnaður var í London og lögreglumenn á hverju strái enda bjuggust Bretar allt eins við að báðar vélarnar kæmu þangað. Aðeins 707-vélin kom og var miðunum dreift yfir borgina. Í Bandaríkjunum gerðu ritstjórnir flestra stórblaða eins og ræningjarnir báðu um og birtu yfirlýsinguna frá þeim. Ekki var vitað hvert ferð ræningjanna var heitið en um tíma var talið að þeir ætluðu að lenda vélinni í Júgóslavíu.

Seinna um daginn lenti Boeing-þota ræningjanna á de Gaulle-flugvelli í París. Þar höfðu þeir fengið landingarleyfi og fengu samtalið við Kenneth Rush sendi-

Þotan flýgur yfir Ísland Tíminn 12. september 1976.



herra. Frönsk yfirvöld tilkynntu þá ræningjunum að þeir yrðu teknir af lífi ef farþegunum eða áhöfninni yrði unnið mein og gáfust þeir þá upp. Kom þá í ljós að vopn þeirra og sprengjur voru öll gervi. Höfðu þeir aðeins leir reyrðan um sig miðja. Fengu ræningjarnir fimm tvo kosti; að verða framseldir til Bandaríkjaanna, annars vegar, eða Júgóslavíu, hins vegar, og völdu þeir fyrri kostinn. Bandaríska alríkislögreglan, FBI, fylgdi þeim yfir hafid til New York þann 13. september.

### Þjódhetjur

Leiðtogi ræningjanna hét Zvonko Busic og með honum var þýsk eiginkona hans, Julienne. Hinir voru Petar Matanic, Slobodan Vlastic og Frane Pesut. Allt fólk á milli 25 og 31 árs og búsett í Bandaríkjunum. Voru þau leidd fyrir dómara í New York og hlutu þunga dóma. Matanic, Vlastic og Pesut var sleppt árið 1988 og Julienne Busic ári seinna. Zvonko átti hins vegar að sitja í ævilöngu fangelsi.

Eftir að Króatía fékk sjálfstæði árið 1991 beitti forseti lands-

Ólafur Jóhannesson, starfandi utanríkisráðherra, var í stöðugu sambandi við viðbragðsaðila.

ins, Franjo Tudjman, sér fyrir því að Busic yrði náðaður. Var hann talinn þjódhetja í heimalandi sínu fyrir framgöngu sína. Ræddi hann beint við Clinton forseta og þegar það gekk ekki var send inn ályktun til Evrópuráðsins. Busic var loks náðaður og fluttur til Króatíu árið 2008 eftir 32 ára fangelsisvist. Á flugvelli í Zagreb fékk hann hátíðlegar móttökur og voru hinir fjórir flugræningjarnir viðstaddir athöfnina. Busic framdi sjálfsvíg fimm árum síðar. ■



Talin Þjóðhetjur  
Zvonko og Julienne Busic.

## HÁDEGIS TILBOÐ

### VIRKA DAGA

GRILLAÐ ÞORSKSPIJT,  
HUMARSÚPA & BRAUÐ

# 2.850

EILÍF HAMINGJA

Sægreifinn

Við gömlu höfnina



Søren Mentz Umdeild söguskýring.



# VAR UPPHAF SJÁLFSTÆÐISKRÖFUNNAR FRÁ DÖNUM KOMIÐ?

## ■ Sjálfstæði Íslands frá Danmörku

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Þann 1. desember næstkomandi verða 100 ár liðin frá því að Ísland hlaut fullveldi frá Dönum og tók eigin málefni meira í sínar hendur en áður var. Löngum hefur sjálfstæðisbaráttu Íslendinga verið þakkað fyrir þennan árangur og fremstur í flokki baráttumanna er að jafnaði nefndur Jón Sigurðsson, oft nefndur Jón forseti. Þá var lýðveldið einmitt stofnað á fæðingardegi Jóns sem er fyrirferðarmikill í þjóðarvitund flestra Íslendinga fyrir vasklega framgöngu hans í baráttu fyrir sjálfstæði landsins.

En getur hugsast að upphaf sjálfstæðisbaráttunnar hafi ekki verið

runnið undan rifjum Íslendinga? Getur hugsast að upphafið megi rekja til krafna frá Dönum? Ekki er víst að öllum hugnist þessi söguskýring en nýlega skrifaði Søren Mentz, doktor í sagnfræði og forstjóri Museum Amager, grein um þetta sem var birt í Amtsvisen.

„Augnaráðið flöktir aðeins þegar talið berst að þessu máli. Var Ísland ekki eitt sinn hluti af Danmörku? Jú, það er alveg rétt en margir hafa gleymt því. Bæði á Íslandi og í Danmörku. Það er því við hæfi að segja frá því af hverju Íslendingar fagna 100 ára fullveldisafmæli á þessu ári.“

Svona hefst grein Mentz sem fer síðan aftur í tímann og rekur atburðarásina sem að hans mati leiddi til þess að Íslendingar fóru að berjast fyrir sjálfstæði.

**Margir Íslendingar konungshöllir**

„Danski ævintýramaðurinn Jørgen Jürgensen (Jörundur hundadagakonungur, innsk. blm.) kveikti neista byltingarinnar á Íslandi í júní 1809. Með stuðningi frá breskum verslunarleiðangri handtók hann danska stiftsamtmanninn og lýsti Íslands sjálfstætt frá Danmörku,“ segir Mentz og bætir við að stjórn Jörundar hafi ekki verið langlíf því í ágúst hafi breskt herskip birst í Reykjavík. Skipstjóri þess varð mjög hissa á að breskir kaupmenn hefðu hefðu tekið þátt í uppreisn. Stiftsamtmadurinn var settur í embætti á nýjan leik og Jörundur var fluttur til Lundúna og settur í fangelsi.

„Íslendingar fylgdust rólegir með þessum atburðum. Þeir höfðu ekki áhuga á hverjum þeir tilheyrðu.



Fjarri Kaupmannahöfn höfðu þeir alltaf séð um sig sjálfir,“ segir Mentz og heldur áfram:

„Í ár fagna Íslendingar 100 ára fullveldi. Í raun var sjálfstæðið frá Danmörku mjög langt ferli þar sem reynt var að halda í einhvers konar form ríkjasambands. Krafan um meira íslenskt fullveldi kom nefnilega ekki frá Íslandi í upphafi. Fall einveldisins 1848 hafði í för með sér mörg ófyrirséð vandamál, áttu Grundloven (stjórnarskrá Danmerkur, innsk. blm.) einnig að gilda fyrir Ísland og áttu Danir þá að stjórna Íslandi? Það taldi stjórnmalamaðurinn Jón Sigurðsson ekki. Hann færði rök fyrir að Ísland hefði verið frjálst sambandsríki undir norskum krúnunni með sjálfstæða stjórn. Hann sagði að eina stöðulagateging Danmerkur og Íslands væri persónulegt samband við konunginn sem þjóðhöfðingja tveggja fullvalda og sjálfstæðra ríkja. Þungvægasta röksemd þessa íslenska þjóðemissinna var að Ísland og Danmörk væru tvö gjörólík samfélög með tvo ólík tungumál og tvær ólíkar þjóðir. Það sama hafði verið sagt um hertogadæmin í Slésvík og ef ekki var hægt að sameina dönsku og þýsku í eitt þjóðríki þá var ekki heldur hægt að búa til ríki Dana og Íslendinga.“

Síðan vóru Mentz að viðbrögðum danskra stjórnvalda.

„Þetta vildi danska ríkisstjórnin ekki samþykka. Stríðin í Slésvík stálu allri athyglinni á þessum tíma svo það var ekki fyrr en 1871 sem danskir stjórnmalamenn samþykktu lög um „Stjórnarskrárlega stöðu Íslands í konungsríkinu“. Samkvæmt þeim var Ísland óaðskiljanlegur hluti af danska ríkinu. Þrátt fyrir að stjórnarskráin veitti Alþingi takmarkað löggjafarvald

átti að taka mikilvægar ákvarðanir í Kaupmannahöfn. Íslendingar samþykktu stjórnarskrána án mikillar hrifningar en margir Íslendingar voru mjög konungshöllir.“

Mentz segir að 1918 hafi danska ríkisstjórnin á nýjan leik samið um samband Íslands og Danmerkur. Danskir stjórnmalamenn hafi of lengi látið undir höfuð leggjast að hlusta á gagnrýni Íslendinga og heimastjórnarlögin 1904 hafi ekki dugað til að koma á ró. Í stuttu máli sagt hafi Íslendingar ekki viljað vera óaðskiljanlegur hluti af Danmörku. Danska ríkisstjórnin og Alþingi náðu samningi um nýtt ríkjasamband, sem var samþykkt í báðum löndum. Í því var kveðið á um að Ísland væri fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku og var Kristján X „nýr“ konungur Íslands.

„Að þetta tókst 1918 á rætur að rekja til annarra mála. Mála sem höfðu mikið tilfinningalegt gildi fyrir Danmörku. Lok fyrri heimsstyrjaldarinnar og ósigur Þýskalands gaf Dönum tækifæri á að fá Suður-Jótland aftur ef íbúar Norður-Slésvíkur vildu það. Ef fólk í Norður-Þýskalandi gat greitt atkvæði um hvaða þjóð það vildi tilheyra var erfitt að hafna kröfu Íslendinga um fullveldi, sérstaklega þegar stríðið hafði sýnt fram á að þeir gátu stýrt eigin landi. Þetta virtist vera meðvituð ákvörðun Zahles forsætisráðherra. Hann lýsti því einnig yfir að það gæti aldrei þjónað hagsmunum líttillrar þjóðar að kúga þjóð sem væri enn minni. Danmörk gat sameinast Suður-Jótlandi og þannig var hægt að loka sárinu sem varð til í ósigrinum 1864 (þegar Danir töpuðu Suður-Jótlandi í stríði við Þjóðverja, innsk. blm.). Verðmiðinn var stofnun ríkjasambands tveggja sjálfstæðra þjóða með einn konung.“

Næsti kafli  
hefst hjá okkur

**GIMLI**  
FASTEIGNASALA

Bjóðum uppá  
frítt söluerömat



## FOSSALEYNIR 16, 112 REYKJAVÍK

Bjart og rúmgott atvinnuhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu samtals 936,4 fm, þar af skrifstofuhúsnæði, á 2.hæðum, alls 636,2 fm og iðnaðarhúsnæði, 2 bil með innkeyrsluhurðum, alls 300,2 fm

Allar nánari upplýsingar veitir Halla fasteignasali s. 659 4044, halla@gimli.is

**235.000.000 kr.**

Tegund Atvinnuhúsnæði  
Stærð 936 M<sup>2</sup>

**GIMLI**  
FASTEIGNASALA

Halla Unnur Helgadóttir, lögg. fast. s.659 4044

gimli.is / Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / 570 4800 / gimli@gimli.is



**LI-ION**  
technology

# GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



*PON er umboðsaðili*

# JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

**Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!**

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | [pon.is](http://pon.is)

**PON**  
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



# HIN DULARFULLA GETNAÐARVÖRN RÓMVERJA

■ Talin útdauð ■ Neró át síðustu plöntuna ■ Hjartatáknið silfíumfræ

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Silfíum er ein dularfyllsta planta mannkynssögunnar en hún er nú talin útdauð. Hún hafði margs konar notagildi í fornöld, meðal annars sem getnaðarvörn. Ekki er nákvæmlega vitað hvaða tegundum silfíum var skyld en lýsingar eru til og ljóð sem ort voru af skáldum þess tíma.

„Jafn vel þó maður aðeins smakki hana, þá lífgar hún upp á líkamann og hefur unaðslegan ilm.“

Þetta sagði hinn forngríski náttúruvísindamaður Pedanius Dioscorides í kringum árið 70 fyrir Krists burð.

## Lækningajurt, krydd, ilmjurt og getnaðarvörn

Ekki eru allir sammála um hvers konar planta silfíum var en hún óx í námunda við strendur sums staðar á Miðjarðarhafssvæðinu. Mikið af henni óx í grískum borgum í Norður-Afríku, þar sem í dag er Líbía. Sumir segja að hún hafi verið skyld steinselju, aðrir sellerí og enn aðrir fenneli. Einnig gæti silfíum hafa verið blendingur af tveimur jurtategundum. Ljóst er að hún var mjög stórgerð og aðallega ræktuð fyrir kvoðuna. Stilkurinn og ræturnar voru þó einnig nýtt sem og gul blómin.

Úr kvoðunni var gerð olía eða salvi sem notaður var til ýmissa lækninga. Nákvæm vinnsla og notkun er ekki kunn en vitað er að silfíum var notað sem getnaðarvörn í Rómaveldi hinu forna og víðar. Í borginni Cyrene í Líbíu var slegin mynt með mynd af silfíum á. Gefur það til kynna að plantan hafi verið mikilvæg fyrir efnahaginn. Silfíum var talin hafa aðra eiginleika og meðal annars notuð við eymslum, sem hóstameðal, sem vörtueyðir og lækningasmýsl gegn holdsveiki. Silfíum var ekki aðeins



notuð sem lækningajurt heldur einnig sem krydd og ilmjurt. Til eru uppskriftir frá tímum Rómverja þar sem silfíum var notað.

## Neró át síðustu plöntuna

Hvernig silfíum gat komið í veg fyrir þungun er ekki vitað en plantan var talin virka vel. Konur drukku olíuna og sagt var að hún „hreinsaði legið.“ Var jurtin notuð af læknum og meðhöndlurum í að minnsta kosti sjö aldir. Fyrst er hennar getið á

sjöundu öld fyrir Krist í egypskum heimildum. Til var sérstakt tákni fyrir silfíum í híróglífum Egypta. Ekki er loku fyrir það skotið að plantan hafi verið notuð mun fyrr víðs vegar við Miðjarðarhafið og Mið-Austurlönd.

Um árþúsundamótin var plantan nánast útdauð. Var það bæði vegna ofnýtingar og beitar húsdýra. Talið var að kjöt yrði betra á bragðið ef húsdýr ætu silfíum. Einnig er líklegt að loftslagsbreytingar hafi



Neró Sagður hafa étið seinustu plöntuna.

haft sín áhrif en svæðið í kringum Miðjarðarhaf var að þorna á þessum tíma. Verðið á jurtinni rauk upp samfara því sem framboðið minnkadi og undir lokin var silfíum orðin rándýr munaðarvara. Rómverski fræðimaðurinn Plinius eldri ritaði að síðasti silfíumstilkurinn hafi verið færður Neró keisara sem hafi étið hann samstundis.

## Hjartatáknið silfíumfræ

Ýmsar kenningar hafa verið á lofti varðandi silfíum í gegnum tíðina. Sumir halda því fram að plantan sé alls ekki útdauð. Heldur sé hún til með öðru nafni í dag. Ekki hefur hins vegar fundist nein planta sem hefur öll þau einkenni sem silfíum var sögð hafa.

Þá hefur því verið haldið fram að notkun silfíum hafi haft áhrif á viðhorf kristinna. Kristnir fyrirlitu allt það sem Rómverjar stóðu fyrir, þar á meðal getnaðarvarnir. Um aldir var allt sem hindraði getnað talið óæskilegt og hreinlega af hinu illa.

Ein athyglisverðasta kenningin varðandi silfíum lýtur að hjartatákninu sem er eitt það mest notaða á tölvuöld. Flestir telja að táknið eigi upptök sín á miðöldum og eigi það að tákna líffærið sjálft. Elsta hjartatákn sem fundist hefur kemur hins vegar frá borginni Cyrene, miðstöð silfíumræktunar í fornöld. Eins og af silfíumplöntunni var til mynt með mynd af hjartatákni. Hafa fræðimenn talið að um silfíumfræ sé að ræða.

Hér gæti verið um tilviljun að ræða enda margar aldir á milli



Hjartatákn Peningur frá Cyrene.

„Jafn vel þó maður aðeins smakki hana, þá lífgar hún upp á líkamann og hefur unaðslegan ilm.“

notkunar tákanna. Sumir hafa þó haldið því fram að silfíumfræið hafi verið tákmynd fyrir rómantíska ást. Jafn vel þrátt fyrir að plantan hafi verið notuð sem getnaðarvörn.■



## Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

### Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200  
110 Reykjavík | www.isleifur.is





Hjá okkur eru alltaf  
**RÚMADAGAR**

Mikið úrval af heilsurúmum á frábæru verði



### SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum

80x200 cm

**Verð aðeins kr. 94.900.-**

140x200 cm

**Verð aðeins kr. 139.900.-**

153x203 cm

**Verð aðeins kr. 144.900.-**

180x200 cm

**Verð aðeins kr. 169.900.-**

Ath. fleiri stærðir í boði.

### VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstrum. Verð með botni og fótum.

80x200 cm

**Verð aðeins kr. 67.900.-**

120x200 cm

**Verð aðeins kr. 82.400.-**

153x203 cm

**Verð aðeins kr. 102.400.-**

180x200 cm

**Verð aðeins kr. 117.400.-**

Ath. fleiri stærðir í boði.

### MEMORY Deluxe

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Cool Memory efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Öll verð eru með botni og fótum

80x200 cm

**Verð aðeins kr. 94.900.-**

100x200 cm

**Verð aðeins kr. 109.900.-**

160x200 cm

**Verð aðeins kr. 149.900.-**

180x200 cm

**Verð aðeins kr. 169.900.-**

Ath. fleiri stærðir í boði.

Ný sending af hvíldarstólum



Sængur og heilsukoddar Mikið úrval



Úrval af stillanlegum rúmum 3E botn með Memory Deluxe 90x200 cm dýnum

**Tilboðsverð frá kr. 299.900.-**



TURIN stór og veglegur sófi með rafstillanlegum sætum og tungu Litir: Svart, hvítt og grátt Verð kr. 890.000.-

Frábært fyrir stórfjölskylduna



Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
 Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
 Laugardaga 12:00 - 16:00



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



# Helgarkrossgátan

							→	ættingja	ópéttur	2 eins	ávöxturinn	
							↓	ýkja		5		
								óvissan				
								eldsneyti ómeidd			strax	4
krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	Teikning: Bjarni eftirprentun bónnuð	nöldra	keyri	skælir	hrylli	fram suð						
	↙				1		←					
romsa					sleikti	2	eldstæði fenginn		tvístig			
brambolt			rusl töntákn					tvíhljóði ýtir				
ílát							eldstæði spúa					
			hryllir				gaura- gangurinn					
	↓		hindrun litaða			3			vagga tré			
þjóð				vöntun			glepja nýtt					
	↓	6	stakur bera				brask	mynni trjákvöða				
reglu- bróður							marr					
megin					hreina sefast				enn 7			
bartsjera							árfeður beita					
	8	auðugur		umdæmi göð				fjarg- viðrast	álpast			
	↘						týna samtök					
án afláts			fiskurinn hrjá				misræmi öðlast		9			
skrýðast				10			hverfa nef					
	varðandi gæludýr			góma	mjög	farvegur egg			óskipta hestur			
vinnu- vélarnar							grip litlaus					
		næri	iðkun 2 eins					2 eins				
syndug				smyr				álasa				
fíklar								hásar				

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

# Sudoku

## Auðveld

9	3				2		7	
			5	1		4		9
8	4						2	
1		3			4	5		
2		7		3		6		8
	8							7
	9		8	2	1		5	
			4	9	5			1
		2						

## Erfið

2	4							9
	1	7		6		2		
			7		4		1	
		1			9	7		2
3	6					8	9	
		8						
		5		1	2			
9			8	4				5

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


**Þorfinnur Finnsson**

**Ástúni 2**

**200 Kópavogi**

Lausnarorðið var **FISKISLÓÐ**

**Þorfinnur hlýtur að launum bókinda Skiptidagar**



Í verðlaun fyrir gátu helgar-  
blaðsins er bókin **Rof**

Rof er þriðja ljóðabók Bubba Morthens á jafn mörgum árum. Fyrri bækurnar, Öskraðu gat á myrkríð og Hreitur, komu ýmsum á óvart og hlutu mikið lof. Hér horfir Bubbi til æskunnar og yrkir af hugrekki og yfirvegum um atburð sem hafði ómæld áhrif á unga sál; atburð sem settist að í hug og hjarta, varð eilífur óboðinn gestur sem sífellt reif niður sjálfmyndina og sambönd við annað fólk.

Rof er í senn mögnuð lýsing á sálrænum afleiðingum misnotkunar og leit að friði og sátt. Ljóðin eru þarft innlegg í umræðu samtímans en þó fyrst og fremst áminning um hve brothætt við erum, öll sem eitt.

Höfundur: Bubbi Morthens



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu





# SAKAMÁL



**8.** mars, 2010, fannst finnska konan Katarina Pantila lífvana í fangaklefa sínum í Turku. Endurlífgunartilraunir báru ekki árangur. Katarina, sem hafði verið hjúkrunarkona, fékk lífstíðardóm 19. maí árið 2009 fyrir að hafa myrt 79 ára, andlega vanheila konu í Ylöjärvi í Finnlandi í mars árið 2007. Konan var í endurhæfingu, en nánast rúmliggjandi þegar Katarina myrti hana með insúlínsprautu. Katarina var einnig dæmd fyrir morðtilraun því við rannsókn málsins kom fleira í ljós. Katarina hafði nefnilega nokkrum dögum áður reynt að fyrirkoma átta mánaða gömlu barni í fjölskylduhófi. Þá hafði Katarina einnig notað insúlín, en ekki haft erindi sem erfiði.

Durban Castle Gay Gibson var á leið til Englands frá Suður-Afríku.



# SÍÐASTA SIGLINGIN

■ Leikkonan Gibson var á heimleið ■ Endaði í hafinu ■ Þjónninn gerði það

James nokkur Camb var þjónn á farþegaskipinu Durban Castle um miðja síðustu öld. Í október árið 1947 var skipið á leið til Southampton á Englandi frá Höfðaborg í Suður-Afríku. Á meðal farþega var Eileen Isabella Ronnie Gibson, 21 árs leikkona sem notaði sviðsnafnið Gay Gibson.

Upp úr miðnætti, aðfaranótt 18. október hringdu bjöllur í vistarverum þjónustufólks um

borð og sýndu að Gay Gibson þarfnadist einhverrar þjónustu.

Þjónninn Frederick Steer svaraði kallinu, bankaði á hurðina og opnaði dyrnar. Dyr-unum var lokað á nefið á honum af karlmanni inni í klefanum, en áður en hurðin féll að stöfum náði Frederick að bera kennsl á viðkomandi, sem hálfhrópaði: „Hér er allt í lagi.“ Sá hann að þar var á ferðinni kollega hans, áður nefndur James Camb. Frederick

sá hvorki ástæðu til að dvelja við né aðhafast frekar.

## Gay Gibson gufuð upp

Daginn eftir var Gibson hvergi að sjá, engu líkara en hún hefði gufað upp. Frederick minntist þá atburða næturinnar og sá þá í öðru ljósi ekki síst vegna þess að hann vissi að Gay Gibson hafði ekki aðeins hringt bjöllu í vistarverum þjónanna heldur einnig hjá þjónustustúlkunum. Eitthvað alvarlegt

hlaut að hafa valdið því og hún jafnvel talið sig í hættu.

Eðli málsins samkvæmt var rætt við James Camb og skipslæknirinn skoðaði hann hátt og lágt. Á líkama hans voru skrámur sem bentu til átaka; hægra megin á hálsi, á öxlum hans og úlnliðum.

Þegar skipið lagðist að bryggju í Southampton beið lögreglan þar til að yfirheyrja James Camb.

## Fór á taugum

Að sögn Camb hafði Gay Gibson boðið honum til klefa síns og í rekkju sína. Hann sá ekki ástæðu til að hafna því boði og þau höfðu samfarir, með samþykki hennar. Hún fékk flog einhvers konar og dó. Hann hafði reynt að endurlífga hana en ekki tekist. Þá fór hann á taugum og tróð líkinu út um kýraugað.

Í ljósi þess að James Camb var ákærður fyrir morð og



## Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía  
Íslensk framleiðsla



„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“



# HÆTTULEGI HÚ

■ Unglingsstúlkann Danielle hvarf o

**Þ**ann 18. júní, 2001, hvarf 15 ára bresk stúlka, Danielle Jones, á leið sinni að strætóskyli í Austur-Tilbury í Essex, þar sem hún bjó. Hvorki hefur fundist tangur né tetur af henni síðan.

Grunur beindist fljótlega að frænda Danielle, Stuart Campbell, og var hann um síðir saksóttur vegna morðsins, þrátt fyrir að slíkt sé óvenjulegt þegar ekkert lík er til staðar.

Heima hjá Campbell höfðu nefnilega fundist blóðugir sokkar og á þeim lífsýni þeirra beggja, Danielle og Campbell. Fundurinn sannfærði rannsóknarlögregluna um að Danielle væri dáið og að Campbell væri viðriðinn dauða hennar.

## Fellur á eigin bragði

Í dagbók Campbell, sem lögreglan lagði hald á, mátti lesa um óeðlilega mikinn áhuga hans á táningsstúlkum. Campbell fullyrkti að hann tengdist málinu ekki á nokkurn

hátt og máli sínu til sönnunar sagði hann að Danielle hefði sent honum sms-orðsendingu eftir að hún hvarf.

Einföld athugun leiddi í ljós að samkvæmt gögnum úr fjarskiptamöstrum hafði sími hans verið á sama stað og sími Danielle þegar skilaboðin voru send. Mátti því vera ljóst, að mati lögreglu, að hann hafði tekið síma Danielle til handargagns eftir að hann myrti hana.

Til að bæta um betur þá sýndu gögn úr fjarskiptamastri enn fremur að hann hafði logið til um hvar hann var þegar Danielle hvarf.

## Þóttist vera ljósmyndari

Stuart Campbell var, í desember 2002, sakfelldur fyrir morðið á Danielle og mannrán að auki. Fyrir hið fyrra fékk hann lífstíðardóm og hið síðara tíu ára. Síðar kom í ljós að Stuart Campbell, sem var húsasmiður, hafði iðulega gefið sig út fyrir að vera ljósmyndari og undir því yfirskini tekið myndir





**3** einstaklingar voru handteknir þann 27. október, 1992, vegna morðs sem framíð var 26. júní, 1988, í Live Oak Springs í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Á meðal hinna handteknur var Kerry Lyn Dalton. Vitorðsmenn hennar voru Mark Lee Thomkins og Sheryl Ann Baker. Fórnarlambið var 23 ára kona, Irene May að nafni, en lík hennar hefur aldrei fundist. Þannig var mál með vexti að bremningarnir höfðu um nokkurt skeið viðurkennt fyrir öðrum, og jafnvel montað sig af, að hafa komið Irene fyrir kattarnef. Að sögn réðust þau á Irene með barsmíðum og beittu einnig hníf, skrufjárn og steikarpönnu. Ekki létu þau þar við sitja heldur sprautuðu Irene með rafgeymasýru. Ástæðan ku hafa verið sú að Kerry Lyn hélt að Irene hefði stolið frá henni skartgripum. Þríeykið fékk dauðadóm árið 1995.



”Áður en hurðin féll að stöfum náði Frederick að bera kennsl á viðkomandi, sem hálfhrópaði: „Hér er allt í lagi.“

réttarhöld vegna málsins hófust í mars 1948 má slá því föstu að ekki hafi verið lagður trúnaður á útskýringar hans.

Í rúmfötum Gay Gibson hafði fundist munnvatn og blóðtaumar, sem benti að mati ákærvaldsins til þess að hún hefði verið kyrkt. Einnig var ljóst að Gay Gibson hafði fengið þvaglát í sængurfatnaðinn og var talið að það hefði gerst rétt fyrir dauða hennar.

**Fékk dauðadóm**

Nú, James Camp var dæmdur til dauða, en lánið lék við hann. Þannig var mál með vexti að stjórnvöld á Englandi ræddu um þetta leyti afnám dauðarfsingar og því var öllum slíkum slegið á frest.

Síðar var þeim hugmyndum kastað fyrir róða og hengingar teknar upp að nýju, en James hafði fengið tækifæri til að kemma hærurnar. Hann fékk reynslulausn árið 1959, en þó er sagan ekki öll.



**Skipsþjónninn** Þjónustulund James Camb var viðbruggið.

Árið 1967 fékk hann tveggja ára skilorðsbundinn dóm fyrir ósæmilega framkomu í garð ungrar stúlku og skömmu síðar var hann sakfelldur fyrir blygðunarsemisbrot gagnvart börnum.

James var því sendur aftur í fangelsi þar sem hann skyldi afplána lífstíðardóminn frá 1948. Honum var sleppt úr fangelsi árið 1978 og dó úr hjartaáfalli í júlí árið eftir. Og nú er sagan öll. ■



**Leikkonan** Gay Gibson endaði í hafinu úti fyrir ströndum Portúgölsku Géneu (núna Géneu-Bissá).



**Á vettvangi** Kýraugað í klefa Gay Gibson skoðað í þaula.

**SASMIÐURINN**  
g grunur beindist að frænda hennar



**Danielle Jones**  
Lík hennar hefur ekki fundist enn.

af ungum stúlkum í gördum hér og þar.

Þess má geta að árið 1976 fékk Campbell fjögurra ára dóm fyrir að ræna 16 ára stúlku og 1989 fékk hann eins árs skilorðsbundinn dóm fyrir að halda 14 ára stúlku nauðugri á heimili hans, klæða hana í karate-búning og taka af henni myndir.

Stuart Campbell hefur alltaf haldið fram sakleysi sínu í máli Danielle Jones. ■



**Úlfur í sauðargæru** Stuart Campbell þóttist vera ljósmyndari og tók myndir af ungum stúlkum.

**BORÐPLÖTUR & SÓLBEKKIR**

**Fanntófell**  
Gylfaflöt 6 - 8  
S. 587 - 6688  
fanntofell.is



# Átta Þristar framleiddir á sekúndu

■ Saga Þristsins rakin ■ Eitt vinsælasta nammi Íslands ■ Ekki hægt að stela því

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Sælgætið Þristur hefur oftast en einu sinni og oftast en tvisvar hrósað sigri í fjölmörgum þegar Íslendingar eru beðnir um að velja sitt eftirlætis nammi. Saga Þristsins nær aftur til ársins 1990 þegar hann var fyrst framleiddur en það má segja að fæðing hans hafi borið að með óvenjulegum hætti.

„Við fengum bön um að gera afmælisökku með karamellukremi og lakkrís. Hún var ofboðslega góð,“ segir Jón Sigurður Kjartansson, sem stofnaði sælgætisgerðina Kólus, sem framleiðir Þrist, ásamt bróður sínum, Kjartani Páli, árið 1962. Út frá þessu var ákveðið að byrja framleiðslu á Þrist, sem var í raun þrjár tegundir af sælgæti í einni sælgætisstöng. Á þessum tíma var ekki orðið jafnvinsælt og er í dag að framleiða sælgæti sem var blanda af lakkrís og súkkulaði, og sá fólk um það sjálft að kaupa sér til að mynda Sírius-súkkulaðilengju og Kólus-lakkrís lengju og blanda því tvennu saman. Þristur var því mikil nýbreytni á íslenskum sælgætismarkaði.

## Gaf strákunum smakk í leikfimi

Jón segist aldrei hafa verið í vafa um að Þristurinn myndi slá í gegn.

„Við vissum alltaf að þessi vara væri einstök,“ segir hann, í handskrifuðum svörum við spurningum DV um Þrist. Jón verður áttæður á næsta ári og vinnur enn í Kólus. Hann vildi fremur handskrifa svörin þar sem hann hefur aldrei náð almennilega tökum á tölvuskrifum. Að eigin sögn gerir hann ekki mikið lengur í framleiðslunni, en þar eru synir hans, sem vinna einnig í Kólus, hjartanlega ósammála.

Synir hans komu í raun við sögu þegar Þristurinn varð til þar sem einn þeirra, Kjartan Bergur Jónsson, stundaði þá nám í Árbæjar-skóla. Faðir hans sendi hann með prufu af Þrist í skólann einn daginn og Kjartan gaf strákunum fyrstu Þristabitana í leikfimitíma. Smakkið sló í gegn og þá var ekki aftur snúið.

## Uppáhaldslitir afmælisbarnsins

Þristur hefur haldið sínum einkennislitum, rauðum og gulum, frá upphafi og hafa umbúðirnar nánast ekkert breyst.

„Það sem selst vel, maður breytir ekki útliti á því. Það var afmælisbarnið, sem fékk súkkulaðikökuna frægu, sem hannaði umbúðirnar. Þetta voru upphaldslitir þess,“ segir Jón.


En hvað með nafnið Þristur. Kom eitthvert annað til greina?

„Nei, annað nafn kom aldrei til greina.“

## „Unnendur Þrists fara ekki í pásu“

Margir muna eftir því að Þristurinn var eingöngu seldur í litlum stykkjum þegar hann kom fyrst á markað fyrir hartnær þrjátíu árum. Árið 1998 kom stærri gerð af Þrist á markað og síðar var hann seldur í pokum. Nýlega voru svo Þristakúlur settar á markað, en óvíst er hvort Kólus ætli að leika sér meira með Þristinn í framtíðinni. Sælgætisframleiðandinn þarf svo sem lítið á því að halda þar sem velgengni Þristsins virðist engan endi ætla að taka.

Húsakynni Kólus.



Handskrifada bréfið frá stofnanda Kólus.



„Íslendingar eru bragðvís þjóð. Þeir vita hvort gott er gott. Þristur er alltaf jafn góður og salan jöfn. Unnendur Þrists fara ekki í pásu,“ segir Jón aðspurður hvort salan sé misjöfn á milli árstíða. Þá hafa nammigrísir eflaust tekið eftir því í gegnum tíðina að Kólus auglýsir lítið sem ekkert vörur sínar.

„Þrist þarf einfaldlega ekki að auglýsa,“ segir Jón og bætir við að mörg tonn seljist á ári hverju þótt hann vilji ekki gefa upp nákvæmar tölur. Og þótt húsakynni Kólus séu ekki ýkja stór er þar mögulegt að framleiða átta Þrista á sekúndu með nýjum vélum.

Fyrst við erum að tala um vinsældir Þristsins þá verð ég að spyrja hvort Jón hvort hans fjölskylda hafi aldrei haft áhyggjur af því að aðrir nammiframleiðendur reyndu að apa eftir gottinu. Hann segir það eiginlega ekki hægt.

„Það er tæknilega séð ekki hægt, nema að hafa okkar lakkrís.“

## Toppurinn á Íslandsferðinni

Til marks um velgengni Þristsins, og annarra vara Kólus, hefur sælgætisframleiðandinn skilað

## Við vissum alltaf að þessi vara væri einstök

miklum hagnaði frá ári til árs og var sá sælgætisframleiðandi sem kom hvað best undan hruninu á Íslandi. Jón segir hins vegar að Þrist hafi aldrei verið ætlað að fara í útrás, þótt útlendingar séu almennt hrifnir af krúðeríinu. Þá dettur Jóni í hug ein gömul skemmtisaga.

„Það komu til okkar þýskir túristar, hjón sem höfðu áhuga á að kaupa sælgæti og fara með það heim í stórveislu sem þeim var boðið í. Þau fengu að bragða Þrist og fengu hringferð um fyrirtækið. Þau sögðu þessa upplifun toppinn á Íslandsferðinni og sælgætið það besta sem þau hefðu nokkru sinni smakkað. Það sló líka í gegn í veislunni. Nú halda þessi hjón ekki Þristlaus jól. Það er bara þannig.“ ■

## Pristagott

Fyrst við erum að fjalla um sögu Þristsins ákváðum við að deila einni uppskrift þar sem Þristur er í aðalhlutverki. Þetta Pristagott kemur úr smiðju Maríu Gomez á paz.is og ætti að renna ljúflega niður.

### Botn – Hráefni:

300 g Þristar (einn poki + einn stór Þristur)  
1 poki Apollo lakkrískurl svart (ekki fyllt eða með súkkulaði húð, bara „plain“ svart)  
120 g smjör eða Ljóma  
100 g Rice Krispies

### Krem ofan á – Hráefni:

30 g smjör eða Ljóma  
200 g hreint Milka-súkkulaði



### Aðferð:

Bræðið saman Þrista og smjör í potti við vægan til meðalhita og hrærið í á meðan. Þegar þetta er alveg orðið bráðnað slökkvið þá undir pottinum. Bætið svo strax við Rice Krispies og lakkrís og hrærið vel saman. Setjið svo í eldfast mót með smjörpappa undir og setjið í frysti á meðan kremið er gert. Bræðið nú saman yfir vatnsbaði Milka-súkkulaði og 30 g smjöri. Takið pristagottið úr frystinum og hellið súkkulaðikreminu yfir allt, jafnt. Stingið aftur í frysti og leyfið

því að vera þar í eina klukkustund áður en það er borðað (að minnsta kosti, en má vera mikið lengur). Takið út um 15 mínútum áður en þess er neytt og leyfið að standa á borði. Skerið í litla bita eftir þessar 15 mínútur og geymið svo ávallt í frysti ef eitthvað verður eftir.





# Jóla



# bíllinn

Færir fyrirtækjum jólin upp á borð



Viljið þið panta bara einu sinni?

Þá er þessi pakki tilvalinn, 8,5 kg af ávöxtum á 6.500 kr. Svo pantið þið bara aftur.



Epla- og mandarínukörfur með merki fyrirtækisins á öllum ávöxtum

Talsvert töff að pakka samstarfsfyrirtækjum fyrir árið með því að senda þeim svona körfur.

## Jólaörfur

- Blandaðar ávaxtakörfur.
- Blandaðar ávaxtakörfur með súkkulaðisveinum og ýmsu öðru.
- Ávaxta- og ostakörfur með ýmsum blæbrigðum.



## Mandarínukassar

Eitthvað ægilega jólalegt við að hafa þá uppi á borði í kaffistofunni fyrir jólin.



## Veislubakkar

Ávaxta- og grænmetisveislubakkar við hvert tækifæri.



Ávaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



# Gítarleikari Manowar t

■ Pungarokksheimurinn í áfalli ■ Ýktasta band heims í 40 ár

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



**P**ungarokksheimurinn fékk mikið áfall fyrir tæpum mánuði þegar tilkynnt var að gítarleikari Manowar hefði verið handtekinn og ákærður fyrir vörslu barnkláms. Hljómsveitin á mjög alþjóðlegan aðdáendahóp og langa og stórmekilega sögu að baki. Hafa þeir meðal annars skrifað undir plötusamning í eigin blóði og sett þrjú heimsmet fyrir háværustu tónleikana. Enginn hefur í raun komist til botns í því hvort að meðlimunum sé full alvara eða hvort Manowar sé fjörutíu ára gamall brandari.

## Handtekinn með barnklám

Þann 25. október síðastliðinn var tilkynnt að hinn 53 ára gamli Karl Logan, gítarleikari Manowar, hefði verið handtekinn vegna gruns um vörslu barnkláms. Handtakan átti sér stað 9. ágúst í borginni Charlotte í Norður-Karólínu. Logan var leystur úr haldi eftir að hafa greitt 35 þúsund dollara eða rúm- ar fjórar milljónir króna í tryggingu. Í kjölfarið var hann ákærður fyrir að taka óbeinan þátt í misnotkun á börnum.

Deigi seinna gaf hljómsveitin út stutta yfirlýsingu um málið. Þar stóð:

„Varðandi handtöku Karls Logan og ákærurnar gegn honum:

Vegna þeirrar staðreyndar að Karl og lögfræðingar hans eru að fást við þetta mál, mun hann ekki spila með Manowar. Þetta mun hvorki hafa áhrif á væntanlega plötu eða tónleikaferðalag.“

Frækari tilkynningar eða upplýsingar um málið hafa ekki komið frá hljómsveitinni eða umboðsaðilum hennar. Þann 30. október birtust fréttir frá miðlum í Norður-Karólínu sem skýrðu málið nánar. Logan var kærður fyrir sex atvik sem tengdust öll barnklámi. Áttu þau sér stað síðastliðið sumar, frá 18. júní til 2. ágúst. Í ákærinni segir að um sé að ræða myndbandsupptök- ur af stúlkum frá fjögurra ára aldri upp í tólf ára aldur í kynlífsathöfnum með fullorðnum karlmönnum. Voru upptökurnar sagðar mjög alvarlegar og stúlkunum augljóslega orðið mjög meint af.



**Vegna þeir- ar staðreyndar að Karl og lög- fræðingar hans eru að fást við þetta mál, mun hann ekki spila með Manowar.**



miklum viðbjóði á Logan en aðrir sagst vilja bíða með sleggjudóma þangað til málið hefur verið leitt til lykta.

## Stríðsmenn í lendaskýlum

Hljómsveitin Manowar á sér langa og merkilega sögu sem nær aftur til ársins 1980. Bassaleikarinn Joey DeMaio var þá rötari hjá Black Sabbath. Eftir að hafa kynnst Ross the Boss, gítarleikara upp- hitunarbandsins The Dictators, var Manowar stofnuð með blessun Ronnie James Dio, þáverandi söngvara Black Sabbath. DeMaio fékk æskufélaga sinn Eric Adams til að syngja og hafa þeir tveir verið hryggjarstykkið í bandinu allar



Karl Logan Gítarleikari hand- tekinn fyrir vörslu barnkláms.



götur síðan. Aðrir meðlimir hafa komið og farið.

Á þessum tíma var mikil gróska í þungarokkinu og bönd á borð við Iron Maiden, Judas Priest og Motörhead ruddu brautina og ljóst að Manowar varð að marka sér sér- stöðu til að fá sitt rými og það gerði hljómsveitin svo sannarlega.

Lagasmíðarnar gengu út á mikilfengleika og sóttu DeMaio og félagar ekki síður innblástur til klassískra tónskálda en annarra

rokkara. Textarnir báru þess einnig merki og sagðar voru sögur af miklum stríðsmönnum, sjálfs- fórn og dýrd. Á fyrstu plötunni, Battle Hymns frá árinu 1982, spilaði DeMaio forleikinn að Vil- hjálmi Tell eftir Rossini og leik- stjórnin Orson Welles var fenginn til að tala inn á plötuna. Á umslagi annarrar plötunnar var mynd af hljómsveitarmeðlimunum í lenda- skýlum og með sverð, eins og ung- lingar sem höfðu spilað yfir sig af

## Heildarlausn í viðskiptahugbúnaði

Vaxandi fyrirtæki flytja sig yfir í dk

Vertu í sambandi og við finnum réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki

dk hugbúnaður er að öllu leyti þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður og nýta rúmlega 6.500 fyrirtæki sér hann. Yfir 4.000 þeirra eru með bókhaldið í skýinu hjá dk hugbúnaði. dk Pos er eitt öflugasta afgangslukerfið á markaðnum í dag. Mikið úrval veflausna og smá- forrita. Öflugur og öruggur hugbúnaður í áskrift.

Fyrir íslenskt atvinnulíf

Leiðandi bókhalds- og viðskiptahugbúnaður

510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri  
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
dk 20 ára | 1998 -2018





# tekininn með barnaklám

Dungeons & Dragons.

Enginn vissi hvað var í gangi eða hvaðan þessir menn komu. Var þeim alvara eða voru þeir að gera grín að þungarokkinu? Voru þeir heilir á geði?

## Heimsmet langt yfir sársaukamörkum

Meðlimir Manowar héldu áfram að hamra járníð. Árið 1983 vakti það mikla athygli þegar þeir skrifuðu undir plötusamning við útgáfufyrirtækið Megaforce í sínu eigin blóði. Þeir voru komnir til að taka þungarokkið í nýjar hæðir og allir sem ekki sættu sig við það máttu lúta í gras.

Manowar er bandarískari en graskersbaka en fljótlega kom í ljós að vinsældir hljómsveitarinnar lágu ekki í heimalandinu. Þar voru þeir af mörgum taldir hálfgerð viðundrasýning, sérstaklega eftir að þrassbylgja Metallica, Anthrax og Slayer hóf innreið sína. En í Evrópu og Suður-Ameríku var Manowar metin að verðleikum, einna helst í Þýskalandi sem verið hefur annað heimili hljómsveitarinnar í hartnær fjóra áratugi. Meðlimir Manowar hafa alla tíð verið þakklátir fyrir vinsældirnar utan heimalandsins. Til að sýna það í verki hafa þeir tekið upp lög á alls átján tungumálum.

Árið 1984 komu þeir sér í heimsmetabók Guinness fyrir háværustu tónleikana. Það met slógu þeir sjálfir árið 1994 í Hannover og fór desíbelmælirinn upp í 129,5. Það er svipaður hávaði og herþota gefur frá sér við flugtak og er langt yfir sársaukamörkum mannseyrans. Enn slógu þeir metið árið 2008 í hljóðprufum á Magic Circle-hátíðinni í Þýskalandi. Fór mælirinn þá upp í 139 desíbel, sem er aðeins 10 desíbelum frá því að rjúfa hljóðhimnuna.

## Vinsældir og langur lokahnykkur


Vinsældir Manowar risu hæst undir lok níunda áratugarins og í upphafi þess tíunda. Platan Fighting the World markaði vatnaskil og var fyrsta gullplatan þeirra í Þýskalandi. Það sama gerðu næstu fjórar plötur, Kings of Metal, The Triumph of Steel, Louder Than Hell og Warriors of the World. Myndbönd Manowar fóru einnig að birtast á sjónvarpsstöðinni MTV.

Manowar glataði samt engum af sínum eiginleikum og komu meðlimir sveitarinnar keyrandi leðurklæddir á mótórfákum inn á hverja tónleika. Tóku þeir meðal annars upp Býfluguna eftir Korsakov, Nessun Dorma eftir Puccini og hálf tíma langt lag byggt á Illionskviðu Hómers.

Síðustu fimmtán árin eða svo hafa vinsældir hljómsveitarinnar í plötuútgáfu dalað nokkuð. Þó hefur það haldið sér á stelli sem eitt vinsælasta tónleikabandið í senunni. Vorið 2016 sendu þeir frá sér yfirlýsingu um að komandi tónleikaferðalag yrði þeirra hinna en þó gáfu þeir engan tímaramma um hvenær því lyki. Er talið að það vari að minnsta kosti út árið 2019 en þá án Logan. Endirinn virðist ætla að teygjast enn meir því í vor gaf DeMaio það út að ný stúdíóplata væri í vinnslu og er áætlað að hún komi út snemma á næsta ári. ■



# GÖTUBARN Í KALKÚTTA OG REYKJAVÍK



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir skrifar sögu Hasims af miklu næmi og innsæi

Ævintýrlegt ferðalag ungs drengs frá Indlandi til Íslands

Saga af höfnun, baráttuvilja og dug

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



# Átta vinsælir en ofmetnir ferðamannastaðir

Við þekkjum öll þá tilfinningu að koma til einhverrar borgar í fyrsta sinn og leggja síðan lykkju á leið okkar til þess að skoða eitthvað heimsfrægt kennileiti. Þótt flestir reyni að telja sér trú um annað þá er upplifunin fullkomin vonbrigði. Síðan er smellt af mynd af skyldurækni og síðan fer maður að reyna að finna eitthvað skemmtilegra að gera í borginni. DV tók saman átta ofmetna en heimsfræga ferðamannastaði sem eru vinsælir áfangastaðir Íslendinga.

**Björn Þorfinnsson**  
bjornth@dv.is

## Empire State-byggingin, New York, Bandaríkjunum

Fjölmargir sem heimsækja New York-borg telja það heilaga skyldu sína að fara upp í þennan heimsþekktu skýjakljúf. Ráðlagt er að taka mynd af byggingunni og láta það duga. Raðirnar eru mjög langar, aðgöngumiðinn dýr og öryggisleitin svo lýjandi að það hálfu væri miklu meira en nóg. Síðan er útsýnið af toppnum ekkert sérstakt.



## Litla hafmeyjan, Kaupmannahöfn, Danmörk

Litla hafmeyjan er mjög lítil stytta. Miðað við heiti styttunnar þá ætti það ekki að koma neinum á óvart en samt verða milljónir ferðamanna fyrir vonbrigðum á hverju ári eftir að hafa haft fyrir því að koma sér út á Löngulínu til þess að berja hana augum.



## Markúsartorg, Feneýjar, Ítalía

Feneýjar, og sérstaklega Markúsartorg, virka mjög heillandi á myndum en í raunveruleikanum eru þetta hægsökkvandi dúfnaklósett þar sem allt er selt á okurprís. Síðan er varla hægt að hreyfa

síð fyrir öðrum ferðamönnum. Sérstaklega ber að forðast að láta plata sig í gondólasiglingu. Fint fyrir nokkrar Instagram-myndir og síðan er best að forða sér annað.



## The London Eye, London, Bretland

Það er með öllu óskiljanlegt að „Augað“ sé á stað, sem innheimtir gjald, sem flestir ferðamenn heimsækja í London. Nánast allir gera það bara einu sinni og það segir ýmislegt.



## Skakki turninn, Pisa, Ítalía

Það er grátlegt að eyða tíma í Pisa þegar mun merkilegri og skemmtilegri borgir eru skammt undan. Það sem lokkar flesta ferðamenn að er frægasta verkfræðiklúður sögunnar sem á einhvern ótrúlegan hátt er orðið ein helsta ferðamannagilda Evrópu. Turninn er frekar lítill og ómerkilegur en það sem er nærri óbærilegt er ótrúlegur fjöldi fólks sem reynir að framkvæmda sömu sjónhverfingamyndina.



## Eiffel-turninn, París, Frakkland

Turninn sjálfur er tilkomumikill enda helsta kennileiti Parísarborgar. Að fara upp í turninn er þó gjörsamlega ofmetið. Það er tímafrekt og dýrt. Betra er að skoða fallega drónamynd af netinu og eyða tímanum í París með öðrum hætti.



## Stonehenge, Salisbury, Bretland

Steinhringurinn dularfulli er eitt þekktasta forsögulega fyrirbæri heims og þangað flykkjast milljónir ferðamanna ár hvert. Flestir verða þeir fyrir vonbrigðum. Steinarirnir eru ekki stórir né sérstaklega tilkomumiklir og lítið fer fyrir leyndardómunum þegar ferðamenn sjást á vappi hvert sem horft er.



## Pissustrákurinn, Brussel, Belgía

Eitt frægasta kennileiti Brussel er agnarsmá stytta af litlum migandi dreng. Heimsfrægt styttnar er með öllu óskiljanleg en hornið sem hún stendur migandi við er yfirleitt krökkt af ferðamönnum með myndavélar á lofti.



# ER KOMINN TÍMI Á AÐ SKIPTA UM RAFGEYMI?

VELDU ÞÁ HÁGÆÐA RAFGEYMANA FRÁ INTACT ÞÝSKALANDI

# intact

Battery-Power

MARGVERÐLAUNAÐIR RAFGEYMAR



**Auto**  
ZEITUNG

INTACT STARTGEYMARNIR  
VORU VALDIR BESTIR Í  
KÖNNUN ÞÝSKA  
BÍLATÍMARITSINS AUTO  
ZEITUNG



NÚ GETUR ÞÚ FYGLST MEÐ  
STÖÐUNNI Á RAFGEYMINUM  
Í SÍMANUM ÞÍNUM MEÐ  
BATTERY-GUARD FRÁ  
INTACT !

## ÞÚ FÆRÐ INTACT VÖRURNAR HJÁ:

MÓTORSTILLING • BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS • BÍLMENN • BÍLVÍK • MÚLATINDUR  
SHELLSKÁLINN HVERAGERÐI • PARTS4U.IS • VOLVOVARAHLUTIR.IS • BÍLATORGIÐ AKUREYRI  
BAULAN • VÉLAVIT • EÐALBÍLAR • BIFREIÐAÞJÓNUSTA HARÐAR • BFO.IS • VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR  
BIFREIÐAÞJÓNUSTA SNÆFELLSNESS OG Á FLEIRI SÖLUSTÖÐUM UM LAND ALLT



AUTOMATIC EHF | SMÍÐJUVEGI 11, 200 KÓPAVOGI | SÍMI: 512 3030 | WWW.AUTOMATIC.IS | PANTANIR@AUTOMATIC.IS



## HVERNIG ER SKYGGNIÐ ÚR ÞÍNUM BÍL?



OMBRELLO ER NANO-FRAMRÚÐUBRYNVÖRN SEM GEFUR ÖKUMANNI MUN BETRA ÚTSÝNI—  
SÉRSTAKLEGA Í MYRKRI. REGNIÐ FÝKUR AUÐVELDLEGA AF RÚÐUNNI, MUN AUÐVELDARA AÐ  
SKAFA OG UMFERÐARÖRYGGI EYKST TIL MUNA!

GERÐU AKSTURINN ÖRUGGARI MEÐ OMBRELLO !

TIL SÖLU HJÁ:



OG Á FLEIRI SÖLUSTÖÐUM UM LAND ALLT

AUTOMATIC EHF | SMÍÐJUVEGI 11, 200 KÓPAVOGI | SÍMI: 512 3030 | WWW.AUTOMATIC.IS | PANTANIR@AUTOMATIC.IS





# EINS OG FÆTUR TOGA

## Fábærar vörur á góðu verði!



### Fólkið í göngugreiningum

Lýður, Elva og Alexander eru sérfræðingar í göngugreiningum og hafa tekið yfir 60.000 Íslendinga í göngugreiningu og því skoðað meira en 120.000 fætur.

**OOFOS®**  
feel the oo



- Fagleg þjónusta
- Göngu- og hlaupagreiningar
- Vörur fyrir endurheimt líkamans
- Fjölbreytt meðferðarúrræði fagfólks
- Allt fyrir hlauparann
- Vandaðir vinnuskór

 **BROOKS**



**EINS OG FÆTUR TOGA**

[www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 Reykjavík og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100



# UPPLIFÐU ALVÖRU SKÓ

**OOFOS**  
feel the oo

**BROOKS**



- Fagleg þjónusta
- Göngu- og hlaupagreiningar
- Vörur fyrir endurheimt líkamans
- Fjölbreytt meðferðarúrræði fagfólks
- Allt fyrir hlauparann
- Vandaðir vinnuskór

Við erum í fararbroddi í göngu- og hlaupagreiningum, greiningarbúnaði, innleggjum, skóm og fylgihlutum.

Reynslumesta starfsfólkið í nánu samstarfi við íþróttahreyfinguna og fagfólk í heilbrigðisstétt.



**AÐEINS  
69.990 kr.**



**AÐEINS  
25.990 kr.**

## Hyperice

Hyperice Vyper 2.0 er tæknilegasta og öflugasta nuddrúllan á markaðnum!

Í fjölda prófana og rannsókna hefur verið sýnt að með notkun Vyper 2.0 fyrir og eftir átak eykur þú liðleika um u.þ.b. 40% og u.þ.b. 3x meiri aukning á blóðflæði

Frábær jólagjöf!

## Hypervolt

Einstök víbrandi nuddbyssa. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaaðila.

Frábær jólagjöf!



**AÐEINS  
19.990 kr.**

**BROOKS**



## Hypersphere

Nuddkúla með þremur stigum af aflmiklum vörðing. Kúlan er alveg stíf og nær því mjög djúpt inn í vöðvana. Hypersphere hentar þar af leiðandi einstaklega vel til að finna punkta og setja þrýsting á þá til að losa um bandvefinn.

Fábær jólagjöf!

Við erum í fararbroddi í göngu- og hlaupagreiningum, greiningarbúnaði, innleggjum, skóm og fylgihlutum.

Reynslumesta starfsfólkið í nánu samstarfi við íþróttahreyfinguna og fagfólk í heilbrigðisstétt.

**EINS OG  
FÆTUR  
TOGA**



# Hlutir sem Íslendingar ætluðu að sniðganga en gerðu svo aldrei

Þjóðin reiðist reglulega yfir einhverju hneyksli. Margir láta stór orð falla þegar eitthvað kemur upp og ætla að fylgja því eftir með því að sniðganga eitthvað. Samstillt áttak neytenda hefur virkað hér á landi, við sáum það í tilviki Brúneggja og stóra kjötbókumálinu. Reiði almennings hefur þó ekki alltaf borið árangur og oft hefur ákall eftir því að ákveðin vara sé sniðgengin fjarð út á stuttum tíma. DV tók saman nokkur dæmi þar sem árangur var lítill sem enginn.

## Mjólkursamsalan

Íslendingar hafa lengi haft óbeit á stórum fyrirtækjum sem hafa yfirburðastöðu á tilteknum markaði, þ.e.a.s. þeir sem hafa ekki beinan hag af því. Sumarið 2016 var Mjólkursamsalan sektuð um 460 milljónir króna vegna alvarlegrar misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu. Stór hluti þjóðarinnar bölvadi fyrirtækinu í sand og ósku við kvöldverðarborðið og ætlaði aldrei aftur að nota MS mjólk í kaffið. MS var sakað um að beinlínis beita sér gegn vörum frá litlum samkeppnisaðilum. Sala á mjólk frá Örnú áttfaldaðist á stuttum tíma. Sniðgangan gekk ekki lengra en svo að í dag eru mjólkurkælar verslana enn stútfullir af vörum frá MS.



LÍÓSMYND: DV/HANNA




## Sambíóin

Samfélagið ætlaði á hliðina eftir að tvær konur stigu fram vorið 2014 eftir að þær voru reknar úr Sambíóunum eftir að þær tóku þátt í umræðum á netinu um kynjamismun. Sögu þær að yfirmenn sínir hefðu úthlutað körlum og konum sérstök störf á vinnustaðnum, en rökinn fyrir slíkri hagræðingu voru sú að annað kynið, konur, seldi meira í biósjoppunni. Í kjölfarið hófst hávær umræða um að sniðganga Sambíóin. Það tók viku fyrir Sambíóin að bregðast formlega við, fram að því hafði neikvæðum athugasemdum verið eytt af samfélagsmiðlum fyrirtækisins og aldrei náðist í stjórndendur. Uppsagnirnar voru að lokum dregnar til baka og konurnar voru beðnar afsökunar, vísaði fyrirtækið á vaktstjóra sem átti að hafa tekið ákvörðunina um vinnufyrirkomulag kynjanna. Í dag muna fáir, ef einhver, eftir því að það hafi átt að sniðganga Sambíóin.

EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR  
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500



## Ísrael

Prófaðu að segja orðið „Ísrael“ í næstu fermingarveislu, það eru meiri líkur en minni á að þú munir lenda í rifriðli við einhvorn. Fjöldinn allur af Íslendingum vill að við sem þjóð skiptum ekki við Ísrael vegna hertöku á landsvæði Palestínuranna og allra þeirra sem hafa látið lífið á svæðinu á undanföllum árum. Reykjavíkurborg ætlaði um árið að sniðganga allar vörur frá Ísrael en borgin var rekin til baka með það. Voru margir með háværar yfirlýsingar á samfélagsmiðlum um að ætla aldrei aftur að borða Jaffa-appelsínur, setja myntu í mojitoinn sinn eða drekka SodaStream. Það gekk ekki eftir og samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur innflutningur á vörum frá Ísrael aukist verulega á síðustu árum.



## Eurovision

Rúmlega 27 þúsund Íslendingar skrifuðu í vor undir áskorun um að Ísland tæki ekki þátt í Eurovision á næsta ári vegna þess að keppnin verður haldin í Ísrael. Á síðu undirskriftalistans sagði: „Í ljósi mannréttindabrotanna Ísraelsríkis gagnvart palestínsku þjóðinni er ekki siðferðilega verjandi að taka þátt í glanskeppni eins og Eurovision í skugga þess ofbeldis sem Ísrael beitir nágranna sína. Ísraelsríki hefur á undanföllum mánuðum myrt tugi einstaklinga fyrir það eitt að mótmæla ástandinu.“ Margir listamenn tóku undir áskorunina, þar á meðal Páll Óskar og Daði Freyr. RÚV ætlar að taka þátt þrátt fyrir áskoranirnar og verður að koma í ljós hvort áhorfið verði sambærilegt síðustu árum.



## Stóru bensínstöðvarnar

Stóru bensínstöðvarnar Þrjár, Esso, Skeljungur og Olís, stunduðu ólöglegt verðsamráð á árunum 1993 til loka árs 2001. Rannsókn Samkeppnisstofnunar lauk árið 2004 og segir í þúsund blaðsíðna skýrslu hennar að olíufélagin þrjú hafi „haft með sér yfirgripsmikið og óslitið samráð um verð, markaðsskiptingu og gerð tilboða“. Talið er að olíufélagin hafi hagnast um 6,5 milljarða króna vegna samráðsins. Margir Íslendingar ætluðu aldrei aftur að versla við félagin og greiddi það fyrir komu Atlantsólú til landsins, flestir gáfust þó fljótt upp og hafa bensínstöðvar félaganna aldrei verið fleiri en nú. Margt hefur þó breyst, Esso heitir nú NI og Dælan; Skeljungur heitir nú Orkan og það er nánast stöðug röð í bensindælar Costco í Kaupþúni.



## Iðnaðarsalt

Almenningur frussaði út úr sér matnum þegar það frétti að hann gæti innihaldið iðnaðarsalt. Greint var frá því í byrjun árs 2012 að matvælafyrirtæki hefðu í áráraðir notað salt sem ætlað var til iðnaðar og kom þá í ljós að Matvælastofnun hefði vitað af því í tvo mánuði að Ölgerðin hefði selt iðnaðarsalt. Saltið sem um ræðir er nánast alveg eins og annað salt og sögðust fyrirtækin ekki hafa gert sér grein fyrir því að það væri ekki ætlað til manneldis. Sagði forstjóri Ölgerðarinnar þetta vera „aulaleg mistök“. Mikið fjölmiðlafar gaus upp og sögðust margir aldrei ætla að skipta við framleiðendur sem hefðu verið að „eitra“ fyrir þeim með þessum iðnaðarsaltsópverra. Flestir voru búnir að gleyma þessu í lok mánaðarins.

Landsmenn hafa átt í ástar/haturssambandi við DV í áratugi. Þrátt fyrir að margir elski að lesa krassandi fyrirsagnir og fréttir sem þora að ganga lengra, þá eiga margir erfitt með það. Athugasemdakerfið sýnir það svart á hvítu að margir lesendur lesa DV hreinlega til þess að finna eitthvað til að kvarta yfir. Flestir áttu síga þó á því að blaðamenn vilja bara upplýsa fólk eins mikið og hægt er, þess vegna hefur lestur á vef DV aldrei mælst meiri en nú.

DV



# Jólatónleikar Fíladelfíu 2018

Einstök  
jólastemning með  
Gospelkór Fíladelfíu  
og hjómsveit

undir stjórn Óskars Einarssonar  
ásamt Dísellu Lárusdóttur,  
Junius Meyvant og fleirum

Fyrir þá sem minna mega sín

3. og 4. desember • kl. 19 og 21 • Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu • Miðaverð 6900 kr. • Miðasala Midi.is



# Hundrað prósent karllægt umhverfi

Cyber vekur athygli í rappsenuinni ■ Fáir græða á tónlist

Guðni E.  
gudnieinarsson@div.is

Hljómsveitin Cyber, sem skipuð er af þeim Sólku Valsdóttur, Þuru Stínu Kristleifsdóttur og Jóhönnu Jónasdóttur, hefur vægast sagt gefið hip hop-senu landsins vítamínsprautu í rassinn með beittum textasmíðum og framúrskarandi taktsköpun. Hljómsveitin fagnaði útgáfu sinnar þriðju breiðskífu, Business, síðastliðinn föstudag ásamt því að troða upp á vel heppnuðum tónleikum í Listasafni Reykjavíkur á Iceland Airwaves sem fór fram síðustu helgi.

Hljómsveitin hefur stimplað sig rækilega inn í hip hop-senu landsins með nýjum og tilrauna-kenndari hljóðheimi

„Mér finnst vera mjög sterkar konur innan senunnar

sem vakið hefur athygli. Hljómsveitin hefur farið lítt þekktari slóðir í flutningi tónlistarinnar en gengur og gerist innan senunnar með þema tengdum plötum sínum sem hafa endurspeglast í tónleikum sveitarinnar. DV ræddi við þær um tónlistina, stöðu kvenna í rappsenuinni og fleira.

## Þrassadiskópopp

Hljómsveitin Cyber varð til í Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 2012. Jóhanna og Salka stofnuðu hana sextán eða sautján ára gamlar.

„Salka átti varalít sem hét Cyber og hann fór okkur báðum geðveikt vel.

Okkar fannst enginn annar varalitur jafn „fabúles“. Við hugs-

uðum með okkur að þetta væri geggjáð hljómsveitarnafn. Við förum í gegnum tímabil þar sem við vorum mikið í partíum og þá sögðum við fólki að við værum í hljómsveitinni Cyber og einnig þegar við vorum að reyna komast fram fyrir röð á skemmtistöðum og svona.“ segir Jóhanna og hlær.

Á þessum tíma var nafnið hins vegar það eina sem var tilbúið. Stefnan var ekki sett á rappið heldur höfðu þær hugmyndir um að spila bræðing af þrassþungarokki, poppi og diskó. Átti Jóhanna að orga og spila á hljómborð en Salka að berja húðir. Seinna urðu þær raphljómsveit.

## Sjónræni hlutinn mikilvægur

Cyber-liðar gáfu út plötuna Horror á síðasta ári. Eins og titillinn gefur til kynna var hryllingsþema á plötunni. Nú eru þær að vinna að plötu með skrifstofuþema. Jóhanna segir þetta hafa gerst óvart en fagurfræði og sjónræna hliðin leiki stórt hlutverk. Salka segir:

„Snemma kom hugmyndin að vera með skýra og sterka fagurfræði út frá sjónrænu hliðinni. Svo held ég að Jóhanna fái svo fljótt leið á hlutum. Svona fagurfræði er aldrei að fara lifa nema í mesta lagi í eitt ár hjá almenningi. Þegar við vorum að byrja að klæða okkur í latex, plast og vínýl var það ekki beint vinsælt á Íslandi. En í lok árs þegar við vorum að klára það, var það að byrja að vera heitt.“

Jóhanna bætir við:

„Fólk skrollar yfir þúsund myndir á Instagram á dag. Fólk fær leiða á því að sjá sömu hlutina of oft. Þess vegna erum við að alltaf endurskilgreina okkur. Bæði til þess að við fáum ekki leiða og einnig áhorfendur. Þegar þú kemur inn á Cyber-tónleika þá veistu ekkert hvað þú ert að fara að sjá.“

## Strákarnir ráða

Stelpurnar í Cyber segja að það sé ekki hægt að starfa saman í hljómsveit án þess að vera góðar vinur. Einnig séu þær meðlimir í annarri hljómsveit, femínsku rappgrúppunni Reykjavíkurdætrum. Þar kynntust Jóhanna og Salka Þuru sem bættist við í Cyber.

Hvernig er staða kvenna í hip hop-senuinni í dag?

„Mér finnst vera mjög sterkar konur innan senunnar,“ segir Salka. „Einnig finnst mér vera ótrúlega spennandi hlutir að gerast í hip hopi hjá konum og fjölbreyttari en mikið af þessu meginstraumsefni sem er í gangi. Hip hop er ein mest meginstraumstónlistarstefna á Íslandi og það eru aðeins nokkrir strákar sem ráða þar.“

Hvað finnst ykkur um það?

„Það er eiginlega ekki hægt að komast í meginstrauminn án þess að vera tekinn inn af ákveðnum aðilum. Það er auðvitað ákveðin veikburða staða fyrir konur að það séu aðeins menn sem ráði því. Þetta þýðir að þær þurfa að vera

upp á þá komnar til að fá ákveðnar vinsældir.“

## Konum haldið niðri ómeðvitað

Salka bendir einnig á að útvarpsstöðvarnar séu leiðandi afl og ráði vinsældunum að stórum hluta. Flestir af þeim sem velja tónlistina þar eru karlar sem sé hamlandi fyrir konur í rappi.

„Engin kona hefur náð sömu vinsældum og strákarnir. Það er karlaveldi sem stjórnar þessu. Þetta hefur verið mikið rætt innan Reykjavíkurdætra. Fyrst núna erum við komnar með þau töl og hljóðver til að geta gert eitthvað viðlíka og þeir.“

Salka bendir á að Reykjavíkurdætur hafi lent illa í því og verið hafnað af öllum innan senunnar. Þær hafi til að mynda aldrei fengið útvarpsspilun eða meðbyr hjá þjóðinni.

„Ég man til dæmis þegar við vorum að fara hita upp fyrir Migos. Um leið og Reykjavíkurdætur voru kynntar fyrir ungum hlustendahópi þá vorum við eiginlega bara grýttar.“

Myndu þið segja að hip hop-senan væri karllægt umhverfi?

„Alveg hundrað prósent karllægt umhverfi.“

Jóhanna telur að það sé ómeðvitað horft niður á konur í hip hopi. Enginn hafi það markmið að halda konum niðri.

„Ég held að þeir hugsu fyrst og fremst um að hampa hver öðrum áður en þeir taka okkur til greina. Ég held að það sé enginn að reyna að vera vondur.“

Pura bendir á að menningin á útvarpsstöðvunum sé að breytast og yngri fólk að taka við stjórninni.

„Miðaldra hvítir karlmenn sáu um að velja tónlistina í mörg ár. Mér finnst vera rosalega jákvæðir hlutir vera gerast núna í útvarpi og ég vona að það haldist.“

Sem dæmi nefna þær að stöðin 101 hafi þá stefnu að halda kynjahlutföllunum jöfnum í spilun.

## Fáir græða á tónlist

Allar tekjur sem Cyber hefur aflað sér hafa farið í framleiðslu á meiri tónlist, myndbönd og búninga. Hver plata kosti um milljón krónur. Salka segir að hljómsveitin sé á sléttu í dag.

„Við eigum alltaf eitthvað en við erum ekkert rúllandi í seðlum. Við höfum eiginlega aldrei fengið einhver laun. Þegar við höfum fengið eitthvað, kannski fimmtán þúsund kall, þá förum við oft út að borða.“

Jóhanna segir að fáir græði peninga á tónlist á Íslandi. Þetta er eitthvað sem fólk gerir með annarri vinnu.

Cyber-stelpurnar eru núna að taka upp myndband fyrir lagið Hold af nýju plötunni. Þær eru einnig að huga að efni í næstu plötu og tónleikum. Ekki aðeins hér á landi, því að á næstunni troða þær upp í Helsinki. ■



Pura Stína Kristleifsdóttir, Jóhanna Rakel Jónasdóttir og Sólka Valsdóttir

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



STEINUNN KETILSDÓTTIR  
ERNA ÓMARSDÓTTIR  
VALDIMAR JÓHANNSSON

# Dansáa bolliótt

## TVÖ EINSTÖK DANSVERK

### Verk nr. 1

EFTIR STEINUNNI KETILSDÓTTUR  
VIÐ TÓNLIST ÁSKELS HARÐARSONAR

### Pottþétt myrkur

EFTIR ERNU ÓMARSDÓTTUR  
OG VALDIMAR JÓHANNSSON  
VIÐ TÓNLIST SIGUR RÓSAR  
OG VALDIMARS JÓHANNSSONAR

## AÐEINS FIMM SÝNINGAR

17. | 18. | 29.

2. | 9.

NÓV

DES

MIÐASALA  
Í miðasölu Borgarleikhússins  
sími. 568 8000  
[www.id.is](http://www.id.is)

[Íd] Íslenski  
dansflokkurinn




# Gerður í Blush gengin út

Gerður Huld Arinbjarnardóttir, eigandi kynlífstækjaverslunarinnar Blush.is, er komin með nýjan kærasta. Sá heppni heitir Jakob, 27 ára, og starfar hann hjá WOW air.

Samkvæmt heimildum Fókus hefur parið verið að hittast í rúmt ár, en haldið sambandinu fyrir sig, en nú er ástin komin á fullt flug og fregnir af sambandi þeirra því farnar að spyrjast út.

Gerður skildi í fyrra við Hollendindinn Niels van der Voort, en þau voru saman í fjögur ár í fjarbúð og flugu milli landa til að rækta sambandið. ■



# Anna Lilja nælir í athafnamann

Anna Lilja Johansen og Grímur Alfreð Garðarsson eru eitt af glæsilegri pörum landsins. Parið hefur verið að hittast í nokkra mánuði og geislar af ást og hamingju.

Anna Lilja giftist Þorsteini M. Jónssyni, sem ávallt var kallaður Steini í kók. Ekkert var til sparað í brúðkaupi þeirra, athöfnin fór fram í Hallgrímskirkju og veislan í Súlnasal Hótel Sögu. Þremur árum síðar voru þau skilin.

Anna Lilja var einnig í sambandi með hæstaréttarlögmanninum Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni til nokkurra ára.


Grímur var giftur Helgu Árnadóttur, einum eigenda Best Seller-veldisins, sem rekur meðal annars verslanirnar Vero Moda, Jack and Jones og fleiri verslanir. Grímur hefur einnig verið öflugur í viðskiptalífinu og er meðal annars einn eigenda fjárfestingarfélagsins Varða Capital. ■

# Simmi ekki lengur einhleypur

Athafnamaðurinn Sigmar Vilhjálmsson, sem lengi var kenndur við Hamborgarafabrikkuna, skildi í vor eftir 20 ára samband.

Hann hefur nú fundið ástina að nýju í örmum lögfræðingsins Elínar G. Einarsdóttur, sem starfar sem lögfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ástin geislar af parinu sem var nýlega saman í Abú Dabí.

Simmi seldi fyrr á árinu hlut sinn í Hamborgarafabrikkunni, en mun starfa sem framkvæmdastjóri Keiluhallarinnar og veitingastaðarins Shake & Pizza út þetta ár. Simmi endar með stæl. Jólakökusjeik og pítsa með rifnu hangikjöti og laufabrauði er „uppfinning“ sem hann býður gestum þar upp á núna fyrir jólin. ■



**ELDBAKAÐAR  
EÐAL PIZZUR**  
WWW.CASTELLO.IS

**Castello**  
PIZZERIA

PANTAÐU  
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI  
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI





# Gefðu áskrift í jólagjöf

Hjónin Auður I. Ottesen og Páll Jökull Pétursson fagna útgáfu hundraðasta tölublaðs Sumarhússins og garðsins. Þeim er efst í huga þakklæti til þeirra sem hafa komið að útgáfunni í þau 25 ár sem þau hafa gefið út blaðið, samstarfsfólki, viðskiptavinum og fjölmönnum hópi lesenda. Í hverri viku bætast við nýjir áskrifendur og eru þeir hjartanlega velkomnir í hópinn.



**SUMARHÚSIÐ  
& GARÐURINN**

Fæst á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt

Áskriftarsími 578 4800 · [www.rit.is](http://www.rit.is)





## Lítt þekkt ættartengsl

### Bæjarstjórar um allt land

Ásthildur Sturludóttir var ráðin bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar um miðjan september síðastliðinn til loka kjörtímabilsins. Alls sóttu 18 einstaklingar um stöðuna en Ásthildur var metin hæfust til þess að gegna embættinu. Ásthildur hafði áður starfað sem bæjarstjóri Vesturbýggðar frá árinu 2010. Ásthildur á ekki langt að sækja pólitíska leiðtogahæfileika sína því faðir hennar er Sturla Böðvarsson, fyrrverandi samgönguráðherra og forseti Alþingis. Sturla starfaði síðast sem bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar fram í febrúar 2018 en þá settist hann í helgan stein.

## Óþægilegt fyrir alla

Eftir að álykið af Banksy-málinu er sest sitja ansi margir skömmustulegir eftir. Ljóst er að enginn kom vel frá málinu nema þá helst þeir sem sátu á hliðarlínunni. Héldu margir að verkið sem Jón Gnarr fékk að gjöf í borgarstjóratíð sinni væri tugmilljóna króna virði. Gerði hann lítið til að segja til um raunverulegt verðmæti verksins á sínum tíma en montaði sig af þessu „einstaka verki.“ Það kom í hausinn á honum núna.

Þeir sem vildu koma höggi á Jón Gnarr og stimpla hann sem þjóf litu hins vegar hjákátlega út þegar prentaða Banksy-álplatan var sett á slípirokkin. Í því fólst staðfesting á verðleysi verksins. Hafa margir hælt Jóni fyrir förgunina og sagt hana listgjörning í sjálfu sér sem verður að teljast hæpin ályktun.

Eftir stendur að enginn kemur vel frá „Stóra Banksy-málinu“ nema þá karlinn á slípirokknunum, hann stóð sig ágætlega.



Er verkið þá loksins orðið ómetanlegt?

Loki

# Ferðamenn heimsækja vettvang Næturvaktarinnar

Fjölmargir útlendingar koma við í versluninni 10-11 á Laugavegi 180 til að skoða tókustað Næturvaktarinnar. Þetta segir Daníel Aron Sigurgeirsson verslunarstjóri sem hefur tekið það að sér að leiðbeina gestum og segja þeim frá. Í eitt skiptið fékk erlend kona kast þegar hún komst að því hvar hún var stödd.


„Við fáum oft túrista sem spyrja okkur um upptökurnar á þáttunum. Í eitt skipti kom hingað kona frá Asíu sem skrífki og hoppaði um eins og smástelpa þegar ég sagði henni að þetta væri upptökustaðurinn,“ segir Daníel í samtali við DV. „Þetta er besta minningin mín.“

## Vinsælt í Asíu og Þýskalandi

Þættirnir Næturvaktin slógu ræki-lega í gegn þegar þeir voru sýndir á Stöð 2 haustið 2007. Tók þjóðin ástfóstri við þrjár aðalpersónurnar, þá Daníel, Ólaf Ragnar og Georg Bjarnfreðarson. Í kjölfarið fylgdu tvær þáttaraðir til viðbótar, Dagvaktin og Fangavaktin. Þættirnir hafa verið sýndir víða um heim og eiga sér greinilega marga aðdáendur.

Kom það ykkur á óvart að vinsældirnar væru svona miklar?

„Það eru búnir að koma svo margir að þetta er eiginleg hætt að koma manni á óvart. Þættirnir hafa greinilega verið sýndir víða



um heim. Hingað kemur til dæmis fjöldi asísks fólks og Þjóðverja.“

Hvað gera túristarnir þarna inni?

„Þau vilja fá að kíkja inn á smurstöðina og í kjallarann. Svo taka þau myndir og ég segi þeim hvern-

ig allt var þegar þættirnir voru teknir upp. Maður er orðinn hálfgerður leiðsögumaður. Ég myndi ekki ganga svo langt að segja að fólk sé í pílgrímsferð en þau sem hafa séð þættina koma við og eru yfirleitt mjög ánægð.“ ■



# FIMM RÉTTA JÓLAMATSEÐILL

—

**HANGILÆRI**  
FLATKAKA, RJÓMAOSTUR, PIPARRÓT

**GRAFLAX**  
SÍTRÓNA, SINNEPSFRÆ, DILL

**JÓLA SMAKK**  
GRAFIN GÆS, REYKT GÆS, HREINDÝRAPATE,  
HESLIHNETUR, ÍSLENSK BER, RAUÐLAUKUR,  
TRUFFLUKREM

**NAUTALUND & SVÍNASÍÐA**  
MEÐLÆTI KEMUR Á BORDIÐ TIL AÐ DEILA,  
STEIKTIR SVEPPIR, SVEPPA KREM, MJÓLKURDUFT  
STÖKKAR SMÆLKI KARTÖFLUR, SVARTUR HVÍTLAUKUR  
EPLASALAT, SELLERÍ, PORTVÍNS GLJÁI

**EPLI & KARAMELLA**  
HVÍTT SÚKKULAÐI, KANILL, HESLIHNETUR

**JÓLA KONFEKT**  
—

MATSEÐILL AÐEINS Í BODI FYRIR ALLT BORDIÐ  
HÆGT ER AÐ NJÓTA MEÐ EÐA ÁN SÉRVALINNA VÍNA  
VERÐ Á MANN:

**SUNNUDAGA TIL MIÐVIKUDAGA 8.900 KR,-**  
**FIMMTUDAGA TIL LAUGARDAGA 10.500 KR,-**  
**SÉRVALIN VÍN 7.950 KR,-**

FRAKKASTÍG 8B - SÍMI: 557 7665 - RVKMEAT@RVKMEAT.IS - WWW.RVKMEAT.IS